ALEXANDRA HELGA ÍVARSDÓTTIR

*Leggur mest upp úr þægilegum klæðnaði*

Tíska heimili heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




TÍSKA OG LÍFSSTÍLL

*Litskrúðugur klæðnaður á grassléttu í Kenía*

Sérblað um tísku og lífsstíl

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. júní 2008 — 151. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

**Heimur listamannsins á tímamótum**



Verslunin Litir og föndur fagnar 30 ára starfsafmæli.

TÍMAMÓT 40

**Óvænt endurkoma**



Siggi Sigurjóns og félagar rifja upp gamla takta sem Harry og Heimir.

FÓLK 56

**Ferskir vindar**

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Múgsefjunar fær frábæra dóma hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.

TÓNLIST 60

**Rússíbanareið í rallbíl**

Hjalti Þór Hreinsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, fékk að kynnast því að sitja í 300 hestafla rallbíl.

ÍÞRÓTTIR 66



**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART NYRÐRA** Í dag verða víðast austan 5-13 m/s, stífastur syðst. Bjart með köflum norðan til annars skýjað og smáskúrir á víð og dreif sunnan og vestan til. Hiti 10-18 stig hlýjast til landsins nyrðra.

VEÐUR 4






# Helmingslíkur á að sonur fari í meðferð

**Börn þeirra sem leitað hafa á sjúkrahúsið Vog vegna vímuefnasýki eru í mikilli hættu á að missa tök á lífi sínu ung að árum. Þetta sýnir rannsókn á erfðum fíknsjúkdóma ótvírætt. Niðurstöðurnar gefa einstakt tækifæri til forvarna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðamikil rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar og SÁÁ á áfengissýki og öðrum fíknsjúkdómum sýnir að fimmtíu prósenta líkur eru á að synir þeirra karla og kvenna sem hafa farið í meðferð á sjúkrahúsinu Vogi leiti þangað sjálfir. Líkurnar eru 25 prósent hjá dætrum. Um fjögur prósent landsmanna koma á Vog fyrir tuttugu ára aldur. Fjórðungur þeirra leitar fyrst og fremst aðstoðar vegna áfengissýki. Ástandið er mun verra nú en fyrir tuttugu árum.

„Þetta er ekki lengur ágiskun eða staðhæfing rökstudd með líkum heldur liggur til grundvallar niðurstaða rannsóknar á fólki sem hefur komið á Vog á þrjátíu ára tímabili. Við höfum miklu meiri upplýsingar en fólk gerir sér almennt grein fyrir en rúmlega átján þúsund einstaklingar hafa leitað til okkar frá stofnun samtakanna árið 1977,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ og aðalábyrgðarmaður rannsóknarinnar.

„Það er deginum ljósara að börn þess fólks sem nýlega hefur verið í meðferð myndar stóran hóp barna og unglinga sem eru í mikilli hættu. Það er því mikið í húfi að reyna að koma í veg fyrir þetta eða að auka batalíkur. Niðurstöðurnar gefa einstakt tækifæri til þróunar forvarna.“

Ingunn Hansdóttir, sálfræðingur hjá SÁÁ, segir aðalatriðið vera að enn styrkari stoðum hafi nú verið rennt undir þá hugmynd að fíknsjúkdómar stjórnist af erfðafræðilegum þáttum. „Það styður við þá trú okkar að um heilasjúkdóm sé að ræða. Aðrir hlutir koma auðvitað til, eins og uppeldi og venjur. Við erum einnig að safna gögnum um geðheilsu og greina samhengi fíknsjúkdóma við þunglyndi og kvíða.“ **- shá**



**RÁÐAGÓÐ DAGMAMMA** Þórunn Svavarsdóttir dagmóðir er ráðagóð með afbrigðum. Hún ferðast til og frá með ungana sína fimm í sérsmíðuðum vagni. Börnin virðast líka njóta samverunnar í farartækinu góða, þau voru að minnsta kosti afar kát þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þau á Skólavörðustígnum í gær. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Vanþekking og misskilningur um kynlíf er algengur meðal unglinga:

# Íslenskir unglingar fáfróðir um kynlíf

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er eins og kynfræðslu sé alltof lítið sinnt í grunnskólum og framhaldsskólum,“ segir Össur Ingi Emilsson, formaður Ástráðs, verkefni um kynfræðslu, sem læknanemar hafa staðið fyrir undanfarin ár.

Össur segir of algengt að krakkar séu að fá sína fyrstu kynfræðslu þegar læknanemarnir eru fengnir til að standa fyrir um nítíu mínútna fyrirlestri í skólum. „Við eigum bara að vera viðbót við þessa fræðslu en virðumst oft standa að henni allri.“



**ÖSSUR INGI EMILSSON**

Í nýjasta hefti Læknablaðsins er greint frá rannsókn sem unnin var úr niðurstöðum spurninga sem lagðar voru fyrir sextán ára unglinga.

Ályktun rannsakanda var sú að vanþekking og misskilningur um ýmis grunnatriði kynlífs er algengur meðal unglinga, ekki síst varðandi alvarlegustu kynsjúkdómana. Þetta bendi til að bæta megi kynfræðslu í grunnskólum og á fyrstu stigum framhaldsskóla.

Meðal þess misskilnings sem kemur fram er að tíundi hver unglingur hélt að getnaðarvarnarpilla veitti vörn gegn kynsjúkdómum, fjórðungur hélt að klamydía væri ólæknandi og um 70 prósent hélt þó að herpes-veiran væri læknanleg með sýklalyfjum. Þá hélt stór hluti unglinganna að HIV væri læknanlegt. **- kdk**



**ALLT Á FULLU** Alfreð sést hér með steikurnar ásamt Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG

Alfreð Gíslason:

## Grillaði fyrir landsliðið

**HANDBOLTI Alfreð Gíslason, fyrrum landsliðsþjálfari, tók vel á móti íslenska landsliðinu er það kom aftur til Magdeburg úr frægðarförinni til Póllands.**

**Alfreð gerði sér lítið fyrir og bauð öllum hópnum í grillveislu heim til sín.**

**Það þurfti mikið kjöt til að metta svanga landsliðsmenn og Alfreð var því búinn að stilla upp einum þremur grillum heima hjá sér. Veislan heppnaðist vel og tóku strákarnir hraustlega til matar síns.** - hbg / nánar á síðu 64

Örn Árnason leikari:

## Aflýsa sýningu vegna kreppu

**FÓLK** Skemmtidagskrá þeirra Arnar Árnasonar leikara og Óskars Péturssonar tenórs hefur verið slegin af. Til stóð að fara austur eftir að hafa sungið fyrir Vestfirðinga á tíu sýningum. Til stóð að sýna rúmlega tíu sinnum til á hálfum mánuði en komið hefur í ljós að aðsókn stendur ekki undir kostnaði sem hefur aukist, meðal annars vegna olíuverðs. Kostendur halda að sér höndum og fólk er farið að horfa í hvað það setur peninginn vegna kreppunnar, að sögn Arnar.

- jbg/sjá síðu 70




## SPURNING DAGSINS



*Árni, áttu þeir aldrei, aldrei, aldrei, aldrei, aldrei að vinna á ísbirninum?*

„Ég held að þetta geti reynst okkur bjarnargreiði.“

Náttúruverndarsamtök Íslands gagnrýndu að ísbjörninn í Skagafirði hafi verið felldur og segja að það vanti viðbragðsáætlun fyrir svona tilfelli. Árni Finnsson er formaður Náttúruverndarsamtakanna.

Ritstjóri og blaðamaður Ísafoldar dæmdir fyrir grein um mansal á súlustað:

# Geiri á Goldfinger fær milljón

**DÓMSMÁL** Ásgeiri Davíðssyni, eiganda súlustaðarins Goldfinger í Kópavogi, hefur verið dæmd ein milljón króna í miskabætur vegna umfjöllunar um meint mansal á staðnum í tímaritinu Ísafold.

Jón Trausti Reynisson, þáverandi ritstjóri Ísafoldar, og blaðamaðurinn Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir eru dæmd til að greiða bæturnar, málskostnað og 300 þúsund krónur fyrir birtingu dómsins í dagblöðum.

Öll ummæli í greininni um mansal og tengsl Ásgeirs við mafíuna eru dæmd dauð og ómerk, en þó er sýknað fyrir bróðurpart þeirra ummæla sem stefnt var vegna.



**KÁTUR SÚLUKÓNGUR** Ásgeir var að vonum ánægður með að ummælin væru dæmd dauð og ómerk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Málinu verður áfrýjað og Hreinn Loftsson hefur tekið að sér að verja Jón Trausta og Ingibjörgu Dögg fyrir Hæstarétti. Hreinn er stjórnarformaður Birtings, útgáfufélags Ísafoldar, sem hefur sameinast Nýju lífi undir ritstjórn Ingibjargar, og útgáfufélags DV, sem Jón Trausti ritstýrir. Hreinn hefur ekki stigið fæti í Hæstarétt sem lögmaður árum saman. En nú blöskrar honum.

„Mér rennur blóðið til skyldunnar að reyna að gera eitthvað til að stöðva þessa vitleysu,“ segir Hreinn. Hann telur að með dómnum sé vegið alvarlega að tjáningarfrelsinu og er bjartsýnn á að honum fáist hnekkt. „Ég tel að þarna hafi dómarinn slegið alvarlega feilnótu sem verður að leiðrétta.“ - sh / sjá síðu 58

Sjómenn mótmæla í Brussel:

# Krefjast aðgerða vegna olíuverðs

**BRUSSEL, AP Um 400 sjómenn frá Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Portúgal lokuðu í gær fyrir umferð um þá götu í Brussel þar sem flestar skrifstofur Evrópusambandsins eru til húsa til að vekja athygli á kröfum sínum um að sambandið grípi til aðgerða til að milda áhrif hækkaðs olíuverðs á lífsafkomu þeirra.**

**Patrick Tabone hjá skrifstofu sjávarútvegsstjóra ESB mælti með því að útgerðarmenn sættu sig við kröfur um niðurskurð veiðigetu fiskiskipaflotans til að vinna gegn ofveiði og draga úr kostnaði.** - aa

Bílvelta á Vesturlandsvegi:

# Valt með 45 tonna farm

**LÖGREGLUMÁL** Mildi þykir að ekki urðu alvarleg slys á fólki þegar trukkur með tengivagn valt á veginum frá Vesturlandsvegi að Álfsnesi um klukkan 16 í gær. Trukkurinn var fullhlaðinn og vó um 45 tonn.

Ökumaður hlaut höfuðáverka þegar bíllinn valt eina og hálfa veltu. Var hann fluttur á slysadeild. Ekki er talið að meiðsli hans séu alvarleg, en lögregla hafði ekki enn tekið af honum skýrslu í gærkvöldi. - kg

**Meðaltal eftir landshlutum úr samræmdum prófum í 10. bekk**

| | Ísl. | Stærðfr. | Enska |
|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | 6,8 | 6,1 | 7,1 |
| **SV kjördæmi** | 6,9 | 6,3 | 7,1 |
| **NV kjördæmi** | 6,5 | 5,3 | 6,5 |
| **NA kjördæmi** | 6,6 | 5,5 | 6,7 |
| **Suðurkjördæmi** | 6,2 | 5,0 | 6,5 |
| ***Landið allt*** | *6,7* | *5,8* | *6,9* |

Íslensk grunnskólabörn:

# Brautskráð með einkunnina 6,23

**MENNTUN** Nemendur í tíunda bekk sem luku námi frá grunnskólum landsins með samræmdum prófum í vor fengu að meðaltali 6,23 í einkunn.

Af töflum Námsmatsstofnunar má lesa að besta meðalárangrinum í stærðfræði, íslensku og ensku náðu nemendur í Suðvesturkjördæmi. Síst gekk hjá nemendum í þessum kjarnagreinum í Suðurkjördæmi. - gar

## LÖGREGLUMÁL

### Ölvaður í ofsaakstri

Ölvaður og ökuréttindalaus ökumaður var tekinn á 171 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi í gær. Minnstu munaði að maðurinn keyrði framan á lögreglubílinn sem stöðvaði hann.

# Ungarnir eiga að bíða eftir mömmu sinni

**Forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins mælir ekki með því að fólk „bjargi“ fuglsungum sem fallið hafa úr hreiðri og taki þá í garðinn. Það getur stefnt lífi ungans í hættu. Heldur á að bíða eftir því að móðir sæki ungann.**

**DÝRALÍF** Talsvert hefur verið um að fólk hafi tekið unga sem fallið hafa úr hreiðrum og farið með þá í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Það getur þó verið hættulegt fyrir ungana og dregið mjög úr lífslíkum þeirra. Fremur á að leyfa þeim að vera. Þetta segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.



**BRYNDÍS ÓLAFSDÓTTIR**

„Það er á þessum árstíma sem ungar eru að klekjast úr eggjum og komast á legg. Gríðarlega mikið er um að fólk „bjargi“ ungum sem falla úr hreiðrum, og jafnvel hlaupi þá uppi. Fólk telur sig vera að gera góða hluti, en er í raun að minnka lífslíkur ungann til muna. Við viljum eindregið hvetja fólk til þess að láta fuglana vera,“ segir Tómas. „Að sjálfsögðu tökum við þó á móti ungum í brýnni neyð, til dæmis hafi verið keyrt yfir móður þeirra. Þá má koma með þá í Húsdýragarðinn og við tökum niður upplýsingar um fundarstaðinn, hver hafi fundið þá og fleira.“

Krakkarnir á Vitastíg 20 fundu unga í garðinum hjá sér sem fallið hafði úr hreiðri sínu. Bryndís Ólafsdóttir, móðir Margrétar Nínu Geirsdóttur, varð vitni að fundinum: „Þetta var voðalega spennandi og mikið ævintýri fyrir krakkana. Ég held að þetta hafi verið starra- eða þrastarungi,“ segir hún. Þau brugðust réttilega við og leyfðu unganum að vera. gunnlaugurh@frettabladid.is



**EVA ULRIKE SCHMIDHUBER** Mælir ekki með því að farið sé með unga sem hafa fallið úr hreiðrum sínum í Húsdýragarðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MARGRÉT NÍNA OG EINAR STEINN** Krakkarnir fundu unga í garðinum sínum. Þau brugðust rétt við og leyfðu honum að vera.



**BJÖRNINN Í HEIMSPRESSUNNI** Í Mail Online segir að fyrsti hvítabjörninn sem synt hafi til Íslands í fimmtán ár hafi verið skotinn fyrir framan áhorfendur.

Erlendir fjölmiðlar:

# Drepinn í viðurvist áhorfenda

**FJÖLMIÐLAR** Umfjöllun um hvítabjörninn sem felldur var í Skagafirði í fyrradag hefur ratað á síður erlendra fjölmiðla. Í Mail Online er fyrirsögnin að fyrsti hvítabjörninn sem leggi leið sína til Íslands í fimmtán ár hafi verið skotinn fyrir framan áhorfendur. Í Berlingske tidende segir að hvítabirninum sem var þreyttur eftir sund frá Grænlandi hafi ekki verið til setunnar boðið á Íslandi heldur hafi yfirvöld gefið tilmæli um að skjóta þreyttan ferðalanginn. - jse

Hetjudáð á Hávallagötu:

# Slökkti eld með barn í fanginu

**SLÖKKVILIÐ Konu á Hávallagötu tókst að slökkva eld í potti með því að fleygja yfir hann eldvarnarteppi síðdegis í gær. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði sem kallað hafði verið á vettvang var konan með barn á handleggnum þegar hún réði niðurlögum eldsins.**

**Slökkviliðsmenn fóru í Hafnarfjarðarhöfn laust fyrir fjögur í gær vegna nokkur hundruð lítra af olíu sem láku í sjóinn við togarann Víði. Stóð á endum að þegar olían hafði verið þrifin upp barst tilkynning um eld í mannlausu húsi þar í höfninni. Hann var slökktur.** - gar


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



INNFLUTTUR OG ÞJÓNUSTAÐUR AF UMBOÐI

**L.R. DISCOVERY 3 HSE Diesel**

Nýskr: 03/2006, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 75.000 þ.

**Verð: 7.190.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is 575 1230**


Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir 6.000 tonna niðurskurði:

# Þorskkvótinn ekki minnkaður

**SJÁVARÚTVEGUR** Þorskkvótinn verður ekki minnkaður í samræmi við veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Hafrannsóknastofnun kynnti veiðiráðgjöf sína í gær. Tillögur stofnunarinnar gera ráð fyrir niðurskurði þorskkvóta um 6.000 tonn miðað við núverandi kvóta, úr 130.000 tonnum í 124.000 tonn. Ríkisstjórnin hafði hins vegar áður búið til aflareglu sem gerir ráð fyrir 130.000 tonna kvóta að lágmarki. Sjávarútvegsráðherra staðfesti svo í gær að þeirri stefnu yrði fylgt.

Einar segir tillögur Hafrannsóknastofnunar hafa verið fyrirsjáanlegar. „Það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart í þessum tillögum. Skýrsla stofnunarinnar frá því í fyrra gaf okkur vísbendingar um hver stærð viðmiðunarstofnsins yrði. Jákvæðu tíðindin eru þau að það er meiri vöxtur í hrygningarstofnunum en menn höfðu gert ráð fyrir. Það ætti að skila okkur jákvæðum afrakstri þegar fram í sækir,“ segir Einar.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar gera einnig ráð fyrir að dregið verði úr afla á ýsu úr 95 þúsund tonnum í 83 þúsund tonn, og að aflamark á ufsa lækki úr 60 þúsund tonnum í 50 þúsund tonn.

Þá er lagt til að veiði á humri verði aukin úr 1900 tonnum í 2200 tonn. - kg



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Sjávarútvegsráðherra mun ekki minnka þorskkvóta í samræmi við veiðiráðgjöf Hafró.


Stjúpur
í sérflokki
10 stk
599
Sólboði
3 stk
999
BETRA VERÐ
3 stk
999
Jarðarberjaplöntur
Úðakútur
1499
Birki
Bæjarstaðar
60-80 sm
599
Frostþolnir útipottar
Meira úrval - betra verð
Kíkið á blomaval.is og fáið upplýsingar um:
Áburð, fræ og sáningu, klippingar, grasslátt,
matjurtaræktun og margt fleira...
blómaval
Heillandi heimur

## GENGIÐ 04.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 77,15 | 77,51 |
| Sterlingspund | 150,86 | 151,6 |
| Evra | 119,3 | 119,96 |
| Dönsk króna | 15,987 | 16,081 |
| Norsk króna | 14,942 | 15,03 |
| Sænsk króna | 12,77 | 12,844 |
| Japanskt jen | 0,7366 | 0,741 |
| SDR | 124,8 | 125,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

154,2188

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðstefna Matvælastofnunar SÞ um viðbrögð við matvælaverðshækkunum:

# Stórfé þarf til að auka framboð

**RÓM, AP** Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir allt að 20 milljarða bandaríkjadala, andvirði um 1.500 milljarða króna, kunni að vera þörf árlega til að auka matvælaframleiðslu í heiminum nægilega til að fyrirbyggja hungursneyð í þeim löndum sem hækkandi matvæla- og eldsneytisverð snertir verst.

Þessi orð lét Ban falla á öðrum degi ráðstefnu Matvælastofnunar SÞ í Róm um aðgerðir til að bregðast við hækkun matvælaverðs.

Umræður um það að hve miklu leyti framleiðsla lífræns eldsneytis væri orsakavaldur að hinu hækkandi heimsmarkaðsverði á ýmsum lífsnauðsynjum voru mjög áberandi á ráðstefnunni í gær.

Ed Schaefer, landbúnaðarráðherra Bandaríkjanna, sagði þó í það stefna að málamiðlunarsamkomulag næðist um þátt lífræns eldsneytis. Schaefer hafði áður sagt að hann teldi aðeins um 2-3 prósent verðhækkananna að rekja til þessa þáttar. Aðrir aðilar, svo sem Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn, segja vísbendingar um að á bilinu 15-30 prósent hækkananna sé að rekja til framleiðslu lífræns eldsneytis.

Ráðstefnunni lýkur í dag, fimmtudag. - aa



**RÁÐFÆRST Í RÓM** Ban Ki-moon talar á ráðstefnunni í gær. Jacques Diouf, framkvæmdastjóri FAO, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopn á Patreksfirði:

# Lögðu hald á rafbyssur

**LÖGREGLUMÁL** Tvö fíkniefnamál komu upp á Patreksfirði um síðustu helgi. Í öðru þeirra var hald lagt á meint hass en í hinu lagði lögreglan hald á amfetamín auk vopna og þeirra á meðal rafbyssu.

Fundust efnin og vopnin við húsleit en lögreglan á Vestfjörðum naut liðstyrks frá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu auk manna með fíkniefnaleitarhunda frá Bolungarvík og Blönduósi. Lögreglan rannsakar nú hvernig mennirnir sem handteknir voru í tengslum við málið komust yfir rafbyssuna. - ovd





**RÁÐGAST Í RIGA** Geir Haarde og hinn danski kollegi hans, Anders Fogh Rasmussen, stinga saman nefjum í Riga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundur Eystrasaltsráðs:

# Framsæknasta efnahagssvæðið

**RIGA, AP** Leiðtogar hinna ellefu aðildarríkja Eystrasaltsráðsins, þar á meðal Geir H. Haarde forsætisráðherra, samþykktu á fundi sínum í Riga í Lettlandi í gær ályktun þar sem þeir strengja þess heit að efla samstarfið milli ríkja sinna með það að markmiði að gera þennan norðlæga heimshluta að framsæknasta efnahagssvæði heims.

Ráðherrarnir sögðu að umhverfisöryggi og hagþróun yrðu áfram þau mál sem nytu mests forgangs í samstarfi landanna.

Eystrasaltsráðið var stofnað árið 1992 en aðild að því eiga Norðurlöndin fimm, Eystrasaltsríkin þrjú auk Rússlands, Póllands og Þýskalands. - aa

**SLYS**

### Á hægum batavegi

Drengurinn sem brenndist í sprengingu í húsbíl í Grindavík á föstudagskvöldið er kominn úr öndunarvél og er að sögn lækni, á hægum batavegi á gjörgæsludeild Landspítalans. Drengurinn er á þriðja ári og var með afa sínum í húsbílnum þegar slysið varð. Hann brenndist illa á höfði og höndum. Afi hans, maður á sjötugsaldri, slasaðist einnig en ekki alvarlega.

**LEIÐRÉTTING**

Í Fréttablaðinu í gær var ranglega sagt að Annþór Kristján Karlsson hefði strokið úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Hið rétta er að hann strauk af lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

# Grænfriðungar segja kjötið smyglvarning

**Fullyrt er af Grænfriðungum að hvalaafurðum hafi verið komið til Japans án þess að kaupandi sé fyrir hendi. Margt sem samtökin segja grunsamlegt útskýrir Kristján Loftsson sem nauðsynlegt ferli í viðskiptum og blæs á „áróðurinn“.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Svo virðist sem þetta sé tilraun til að smygla hvalkjöti til Japans. Fyrirtækið sem skráð er á skjölum varðandi innflutninginn hætti störfum árið 2004 en var endurvakið fyrir aðeins tveimur vikum sem greiða við Kristján. Það höfum við staðfest með samtölum við forstjóra fyrirtækisins,“ segir Frode Pleym, talsmaður Grænfriðunga, um sölu hvalaafurða frá Íslandi til Japans. Pleym fullyrðir að Kristján notfæri sér vinskap við Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra til að flytja kjötið út. Grænfriðungar fullyrða að ekkert innflutningsleyfi sé til staðar og hvetja japönsk stjórnvöld til að banna dreifingu á kjötinu.

„Ef innflytjandi hefur ekki rétta pappíra kemur hann vöru sinni ekki inn í landið,“ segir Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf. „Halda menn virkilega að þegar komið er með vöru til Japans og hún sett þar í frystigeymslu sé það mögulegt án þess að fara rétta boðleið, til dæmis án vitundar tollyfirvalda? Gott dæmi er innflutningur á býflugum á Austfjörðum í vikunni. Þetta er nákvæmlega það sama.“

Í fréttatilkynningum Grænfriðunga í gær kemur fram að fyrirtækið, Asian Trading Co., hafi verið endurvakið sérstaklega til innflutnings á hvalaafurðunum. Það hafi verið gert í greiðaskyni við Kristján Loftsson en í raun sitji vörurnar í frystigeymslum þar í landi án kaupanda.

„Þetta er alveg rétt að fyrirtækið var endurvakið vegna þessa innflutnings,“ segir Kristján. „Það er ekkert óeðlilegt við það. Að sjálfsögðu þarf að vera viðtakandi í Japan og ég nýti mér þau viðskiptasambönd sem ég hef átt í landinu um langt skeið; menn sem þekkja verslun með fisk- og hvalafurðir.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er nefndur á nafn í skeytum Grænfriðunga þar sem sagt er að um smygl sé að ræða. Spurður um þetta atriði segir Frode Pleym að í ljósi vinskapar Kristjáns og Einars dragi hann þá ályktun að ráðherrann sé að gera útflytjanda greiða án þess að taka með í reikninginn þann skaða sem slíkt muni hafa fyrir Íslendinga.

„Fullyrðingar Grænfriðunga um mína hlutdeild eru lygi,“ segir Einar. „Er það glæpur þegar einhver flytur vöru á markað þar sem eftirspurn er eftir henni? Þetta mál er þannig til komið að veiðar voru heimilaðar 2006 og alltaf var gert ráð fyrir að afurðirnar yrðu seldar. Auðvitað hlaut framleiðandinn að markaðssetja vöruna og þurfti ekki leyfi frá mér til þess.“

svavar@frettabladid.is



**Í HVALFIRÐI** Veiðarnar haustið 2006 vöktu heimsathygli og margir Íslendingar fóru til að sjá hvalskurð.



**KRISTJÁN LOFTSSON**



**EINAR K. GUÐFINNSSON**



**FRODE PLEYM**

Síða Jóns Geralds mikið sótt:

# Tæplega 50 þúsund flettingar

**BAUGSMÁL Vefsíða Jóns Geralds Sullenbergers um Baugsmálið hefur verið mikið sótt frá því hún var sett upp fyrir síðustu helgi. Samkvæmt sjálfvirkum teljara á síðunni voru flettingar á henni að nálgast 50 þúsund í gær.**

**Jón Gerald er einn sakborninga í Baugsmálinu, en lengst framan af var hann vitni í málinu. Á síðunni baugsmalid.is birtir hann gögn úr málinu og leggur út af þeim í pistlum.**

**Málflutningur í því sem væntanlega verður lokakaflinn í málinu fór fram í Hæstarétti 14. og 15. maí. Dóms er að vænta á næstunni.** - bj



**JÓN GERALD SULLENBERGER**

Samráðsfundur um miðborg:

# Meira öryggi og aukin friðsæld

**SVEITARSTJÓRNIR** „Góður rómur var gerður að fundinum,“ segir í fréttatilkynningu Reykjavíkurborgar um samráðsfund um málefni miðborgarinnar sem haldinn var í gær.

Á fundinum var rætt um að auka öryggi og friðsæld í miðbænum með skipulögðu samstarfi lykilaðila í sumar.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri miðborgarmála, stóðu fyrir fundinum sem hátt í 30 manns sátu. Meðal fundarmanna var Stefán Eiríksson lögreglustjóri og hagsmunaaðilar. - gar



**JAKOB F. MAGNÚSSON**







## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**BEST NYRÐRA**
Í dag og næstu daga eru veður-horfurnar einna bestar fyrir norðanvert landið. Bjart með köflum, yfirleitt hægur vindur og hlýindi einkenna veðurlagið þar fram á laugardag. Aðfaranótt sunnudagsins gengur úrkomuloft norður yfir land og þá kann að dropa nyrðra fyrir hádegi.





**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 22° |
| Ósló | 27° |
| Stokkhólmur | 25° |
| Gautaborg | 23° |
| Helsinki | 25° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 21° |
| Berlín | 27° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 19° |
| París | 18° |
| Basel | 18° |
| Barcelona | 23° |
| Alicante | 26° |
| Algarve | 24° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# Hlutafjárútboð Marel Food Systems hf. 5. og 6. júní 2008

**Hlutafjárútboð í Marel Food Systems hf. verður dagana 5. og 6. júní 2008. Seldir verða 156.440.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. í útboðinu. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur stjórn félagsins heimild til að fjölga þeim hlutum sem seldir verða í útboðinu um allt að 40.115.000 hluti. Hluthafar skráðir í hluthafaskrá Marel Food Systems hf. þann 2. júní 2008 hafa heimild til að taka þátt í útboðinu. Aðrir fjárfestar en hluthafar geta einnig skráð sig fyrir hlutum í útboði Marel Food Systems hf., enda skrái þeir sig fyrir a.m.k. 75.000 hlutum í félaginu.**

**Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4040 frá klukkan 9-18 meðan á útboðinu stendur.**

**Marel Food Systems hf. hefur gefið út og birt lýsingu vegna útboðsins og töku hinna nýju hluta til viðskipta í kauphöll OMX Nordic Exchange Iceland hf. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Marel Food Systems hf., www.marelfoodsystems.com. Jafnframt er hægt að nálgast prentuð eintök af lýsingunni á skrifstofu Marel Food Systems hf., Austurhrauni 9, Garðabæ.**

## Útgefandi

Marel Food Systems hf., kt. 620483-0369, Austurhrauni 9, Garðabæ, sími 563 8000, www.marelfoodsystems.com.

## Umsjónaraðili útboðs og töku hlutanna til viðskipta

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, sími 410 4000, www.landsbanki.is.

## Tilgangur útboðs og heimild til hlutafjárhækkunar

Stjórn Marel Food Systems hf. ákvað þann 6. maí 2008 að nýta heimild í samþykktum félagsins og hækka hlutafé þess með sölu nýrra hluta. Seldir verða 156.440.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur stjórn Marel Food Systems hf. áskilið sér rétt til þess að fjölga þeim hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu, þannig að heildarfjöldi seldra hluta verði allt að 196.555.000 hlutir.

## Útboðsgengi og heildarsöluvirði útboðs

Útboðsgengið er 89 kr. fyrir hvern hlut í Marel Food Systems hf. og nemur heildarsöluvirði útboðsins kr. 13.923.160.000. Nýti stjórn Marel Food Systems hf. rétt sinn til fjölgunar seldra hluta í útboðinu verður heildarsöluvirði útboðsins allt að kr. 17.493.395.000. Afrakstri útboðsins verður varið til endurgreiðslu á brúarfjármögnun vegna kaupa Marel Food Systems hf. á Stork Food Systems.

## Sölutímabil

Frá klukkan 10:00 fimmtudaginn 5. júní 2008 til klukkan 16:00 föstudaginn 6. júní 2008.

## Sölutrygging

Útboðið er sölutryggt af Landsbanka Íslands hf. miðað við útboðsgengi. Eyrir Invest ehf. hefur skuldbundið sig gagnvart Landsbanka Íslands hf. til að skrá sig að lágmarki fyrir hlutum í útboðinu sem eru að söluvirði jafngildi 59 milljónum evra. Grundtvig Invest ApS hefur skuldbundið sig gagnvart Landsbanka Íslands hf. til að skrá sig fyrir hlutum í útboðinu sem eru að söluvirði jafngildi 7 milljónum evra.

## Gjalddagi

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Greiðsluseðlar verða sendir áskrifendum í pósti í kjölfar áskriftar, auk þess sem þeir munu birtast í netbönkum. Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla er 13. júní 2008. Hlutir sem kunna að vera ógreiddir eftir gjalddaga, er stjórn Marel Food Systems hf. heimilt að innheimta með tilheyrandi kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

## Afhending og taka hluta til viðskipta

Hinir nýju hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Stefnt er að því að afhending hluta fari fram eigi síðar en 16. júní 2008. Stefnt er að því að hlutirnir verða teknir til viðskipta í kauphöll OMX Nordic Exchange Iceland hf. 18. júní 2008.

## Fyrirkomulag útboðs

Hluthöfum Marel Food Systems hf., sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins þann 2. júní 2008 er heimilt að taka þátt í útboðinu. Auk hluthafa geta aðrir fjárfestar skráð sig fyrir hlutum í útboði Marel Food Systems hf., enda skrái þeir sig fyrir a.m.k. 75.000 hlutum í útboðinu.

Einungis er hægt að skila áskriftum rafrænt á vef Landsbankans, www.landsbanki.is, á sölutímabilinu gegn því að gera grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði. Hluthafar fengu sent lykilorðið bréfleiðis þann 28. maí 2008. Rafræn staðfesting, sem birtist í lok áskriftar og hægt er að prenta út, er skilyrði fyrir gildri áskrift. Hluthafar verða að lágmarki að skrá sig fyrir 200 hlutum í útboðinu. Ekkert hámark er á áskriftum.

## Úthlutun áskrifta

Stjórn Marel Food Systems hf. mun úthluta hlutum til áskrifenda að loknu sölutímabilinu og hefur stjórnin heimild til að hafna áskriftum í útboðinu í heild eða að hluta. Við úthlutun mun stjórnin hafa eftirfarandi viðmið til hliðsjónar:

a) Að allir hluthafar, óháð eignarhlut þeirra í Marel Food Systems, verði úthlutað a.m.k. 2.500 hlutum, ef þeir hafa óskað eftir því.
b) Að hluthafar haldi hlutfallslegum eignarhlut sínum í Marel Food Systems hf., fyrir og eftir útboð, í samræmi við áskriftir þeirra, að teknu tilliti til viðmiðs a) og c).
c) Að öðrum fjárfestum sem eru ekki hluthafar í Marel Food Systems hf. eða eiga lítinn hlut í félaginu fyrir útboð verði gefinn kostur á að verða hluthafar í Marel Food Systems hf. í samræmi við áskriftir þeirra að teknu tilliti til viðmiða a) og b).

Áskrifendur geta nálgast upplýsingar um úthlutun áskrifta til sín í útboðinu, frá og með 9. júní 2008 á vef Landsbanka Íslands hf., www.landsbanki.is, með því að slá inn sömu auðkenni og lykilorð og þeir notuðu við skráningu áskrifta sinna.

Landsbanki

marel food systems

## KJÖRKASSINN



*Var nauðsynlegt að skjóta ísbjörninn í Skagafirði?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 44,7% |
| NEI | 55,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fylgjast með Evrópukeppninni í knattspyrnu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Bóndi í Skagafirði segir að hrossin hafi hlaupið undan birninum:

# Björninn sótti í hrossin

**NÁTTÚRA** „Hrossin hlupu öll niður úr dalnum þegar verið var að eiga við björninn, hann hefur líklegast eitthvað reynt að nálgast þau,“ segir Agnar Búi Agnarsson, bóndi á Heiði í Laxárdal, en þar í dalnum var björninn felldur í fyrradag.

Hann segir að hrossin hafi verið hvekkt lengi á eftir og tók hann nokkur þeirra heim í tún í fyrradag og fór síðla dags í gær að kanna hin hrossin, en ekki náðist í hann þegar því verki var lokið.

Starfsfólk Náttúrustofu Norðurlands vestra var um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar sem flaug yfir Skaga í gær til að athuga hvort einhver ummerki væru eftir björninn eða hvort annar væri þar á ferð, en ekkert athugavert sást. Að sögn Þorsteins Sæmundssonar, forstöðumanns stofunnar, verður farið um svæðið á morgun í frekari könnun.

Athugaður var möguleikinn á að láta sporhund rekja ferðir hvítabjarnarins en að sögn Þorsteins reynist það ekki mögulegt. Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki hefur enginn tilkynnt um búsifjar vegna bjarnarins. Einnig hefðu fyrstu athuganir leitt í ljós að hann hefði lítið í maga. **- jse**



**AGNAR BÚI AGNARSSON** Bóndinn á Heiði telur að ísbjörninn í Skagafirði hafi sótt í hrossin sín en þau flúðu inn dalinn og voru skelkuð lengi á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðstefna í Mekka:

# Íslam hristi af sér öfgastefnu

**SÁDI-ARABÍA, AP Abdullah, konungur Sádi-Arabíu, sagði í gær að íslam yrði að hrista af sér hættur öfgastefnu til að múslimar geti komið betur á framfæri hinum „góða boðskap“ trúarbragðanna.**

**Konungurinn lét þessi orð falla í ávarpi við upphaf ráðstefnu í hinni helgu borg Mekka, þar sem fulltrúar frá mörgum múslimalöndum og hinum ólíku trúardeildum íslams voru saman komnir með það að markmiði að samræma afstöðu sína fyrir skipulagðar samræður milli kristni og íslams. Sérstaklega er Abdullah umhugað um að sjía- og súnnímúslimar snúi bökum saman.** **- aa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta í Álftafirði

Ökumaður slapp án teljandi meiðsla þegar hann velti bíl sínum í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi um klukkan 19 á þriðjudagskvöldið. Talið er að ökumaðurinn hafi sofnað undir stýri. Bifreiðin hafnaði á hvolfi utan vegar og er mikið skemmd, ef ekki ónýt.

## HVERAGERÐI

### Gæði vatnsins að aukast

Rannsóknir á neysluvatni í Hveragerði benda til þess að gæði vatnsins séu að aukast. Eru bæjarbúar þó enn um sinn hvattir til að sjóða neysluvatn sitt þar til tilkynnt verður um annað. Hægt er að nálgast vatn á flöskum við þjónustumiðstöðina að Austurmörk 7.





SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ



3M
Glerfínar gluggafilmur
- aukin vellíðan á vinnustað




Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV
RV UNIQUE 030804




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÍSBJÖRNINN FALLINN** Margt hefði þurft að koma til sem nú er ekki til að dreifa, að mati forstöðumanns Náttúrustofu Norðurlands vestra, svo telja mætti raunhæft að svæfa hvítabjörninn í Skagafirði.

# Ekki raunhæft að svæfa hvítabjörninn

**Forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra segir að ekki hafi verið raunhæft að svæfa ísbjörninn. Fjallað hefur verið um málið í erlendum fjölmiðlum. Árni Finnsson segir mikilvægt að hægt verði að taka á svona máli.**

**NÁTTÚRA** „Ég hef eiginlega verið í símanum frá því að björninn var felldur, að tala við fólk sem er heitt í hamsi vegna atburðanna,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra. „En ég tel að ákvörðunin hafi verið hárrétt miðað við þær aðstæður sem við var að etja.“

Hann segir nauðsynlegt að hafa margt tiltækt svo raunhæft sé að svæfa ísbjörn. „Í fyrsta lagi yrði að vera deyfilyf og byssa á svæðinu þannig að ekki tæki nema örfáar klukkustundir eða skemur að komast yfir það,“ segir hann. „Í öðru lagi yrði að vera til búr til að geyma hann í, í þriðja lagi yrði að liggja fyrir hvernig ætti að flytja hann og hvert og þá yrðu menn að vera tilbúnir að leggja út í þann kostnað sem því fylgir, til dæmis ef á að flytja hann til heimkynna sinna. Og svo þyrfti náttúrlega mannskap sem kann með allt þetta að fara.“

Ólafur Ingólfsson, prófessor við Háskóla Íslands, sem bjó um áraskeið á Svalbarða og hefur farið þangað í rannsóknarleiðangra, tekur undir með Þorsteini. „Ef ég mætti hvítabirni í Skagafirði þá myndi ég skjóta hann á staðnum,“ segir hann. „Hann er svo sem ekki sérlega árásargjarn í eðli sínu en ef hann ókyrrist og leggur til atlögu við fólk þá endar það annað hvort með því að maður lætur lífið eða björninn, eðli hans er þannig að það er enginn millivegur.“

„Ég ætla ekki að rengja þá Þorstein og Ólaf, ég var heldur ekki á svæðinu og á því erfitt með að leggja mat á þetta,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. „Hins vegar er alveg ljóst af viðbrögðum almennings að mikill meirihluti fólks vill að við verndum náttúruna og ef það var ekki gerlegt í Skagafirði þá tel ég alla vega mikilvægt að þannig verði búið um hnútana að við getum brugðist þannig við í framtíðinni að sómi verði af fyrir land og þjóð.“



**ÞORSTEINN SÆMUNDSSON**



**ÁRNI FINNSSON**

Hann segir að Clare Sterling hjá Alþjóðadýraverndunarsjóðnum hafi sagt að samtökin byðust til að aðstoða Íslendinga að bregðast við í tilfellum sem þessum án þess að fella dýrið.

**jse@frettabladid.is**

Björn Elíasson, heimilismaður á Dalbæ á Dalvík, er berdreyminn:

# Björn dreymdi hvítabjörninn

**FÓLK** Björn Elíasson, skipstjóra frá Dalvík, dreymdi á dögunum komu ísbjarnar. Heimamenn telja margir drauminn hafa ræst með komu bjarnarins í gær en sá var brúnn og hvítur rétt eins og björninn í draumnum. Sjálfur er Björn varkár og veit, eins og aðrir góðir draumaráðningamenn, að fyrirboðar eru yfirleitt ekki svona blátt áfram. „Það er ómögulegt að vita hvort draumurinn hafi verið fyrirboði fyrir eitthvað annað,“ segir Björn sem hefur verið berdreyminn lengi. „Á mínum yngri árum var ég berdreyminn en þá dreymdi mig fyrst og fremst fyrir afla.“



**BJÖRN ELÍASSON**

Þó svo að fæstir myndu flokka ísbirni sem „afla“ virðast vera skiptar skoðanir um það ef miðað er við afdrif bjarnarins í gær.

Spurður um örlög ísbjarnarins segist Björn vera óánægður með að hann hafi verið drepinn. „Það er alltaf slæmt að taka líf – það skiptir ekki máli hvaða líf það er. Ég hefði viljað, eins og margir aðrir, að hann hefði verið deyfður eða fangaður og fluttur til síns heima.“ **- ges**


TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 5.-8. júní
afnemum við virðisaukaskatt
af snyrtivörum.
Fríhafnardagar
um helgina
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. júní 2008.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað eru til margar heimildir um komur ísbjarna hingað til lands frá landnámi?*
2. *Hvar hyggjast erlendir aðilar leita kaleiks Krists í sumar?*
3. *Hvað heitir íslenski kórinn sem sigraði í kórakeppni í Frakklandi nýverið?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 70

Sérfræðingar lagastofnunar HÍ um álit mannréttindanefndar SÞ um kvótakerfið:

# Álitið ekki lagalega bindandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Enginn vafi er á því að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðana er ekki lagalega bindandi, jafnvel þótt ríki hafi fullgilt samning um nefndina. Þetta er álit Helga Áss Grétarssonar, sérfræðings hjá lagastofnun Háskóla Íslands.

Þingmenn Vinstri grænna fullyrtu á fundi nýverið að álit mannréttindanefndar SÞ um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið sé lagalega bindandi, þar sem Ísland hafi staðfest samninga um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Þessu eru forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar ósammála.

„Álit nefndarinnar eru ekki lagalega bindandi, en þau geta haft pólitíska og samfélagslega þýðingu og geta verið grundvöllur umræðu um viðkomandi efni," segir Helgi Áss.



HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Hann bendir á að ólíkt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu séu ekki dæmdar bætur á grundvelli álits nefndarinnar og engar leiðir séu til að tryggja að þeim sé framfylgt.

Ríki fara ekki alltaf eftir álitum nefndarinnar. Helgi bendir á að nefndin hafi árið 2001 komist að þeirri niðurstöðu að innflytjendalöggjöf Ástralíu væri í andstöðu við ákvæði samningsins. Þrátt fyrir það hafi löggjöfinni ekki verið breytt. - bj



**ÁLIT** Mannréttindanefnd SÞ taldi íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið stangast á við samninga um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Sótti slasaðan sjómann:

# Hlaut opið beinbrot

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, sótti slasaðan sjómann í togarann Drangavík VE-80 sem var við veiðar um 14 sjómílur norðvestur af Látrabjargi á þriðjudagskvöldið.

Sjómaðurinn hafði klemmst illa undir sverum vír og hlotið opið beinbrot á hendi.

Þyrlan var á æfingu með Björgunarsveitinni Fiskakletti í Hafnarfirði þegar kallið kom svo hún var fljót á vettvang. Hún lenti með manninn við Landspítalann í Fossvogi laust fyrir ellefu um kvöldið. Maðurinn fór í aðgerð og er búist við að hann fái að fara heim í dag. - ovd









Nýju varalitirnir frá Aveda eru náttúrulega betri. Það sem þú setur á varirnar á að vera braðgott. Varalitirnir eru hlaðnir af plöntum og ávaxtavaxi sem slétta varirnar og færa þeim raka. Ásýnd fínna lína minnka og 75%* af konum sem notuðu varalitinn sögðu að varir þeirra væru stærri eftir notkun. Frítt varalitahulstur fylgir með á meðan birgðir endast.

Þú færð varalitina meðal annars hjá Aveda Kringlunni, Unique hár & spa Borgartúni 29 og hjá Hófi Ólafsfirði. Kíktu á www.aveda.is og finndu fleiri sölustaði.

*byggir á 2 vikna samfelldri notkun




**ATVINNULEYSI** Hætt er við að ákveðnar atvinnugreinar fari verr út úr efnahagsástandinu en aðrar, segir hagfræðingur ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svört spá kemur ráðherra á óvart

**Spá OECD um efnahagsástandið hér á landi er hvatning til stjórnvalda að koma í veg fyrir að spáin rætist segir, viðskiptaráðherra. Spáin er í samræmi við aðrar spár um ástandið, segir hagfræðingur ASÍ.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það kemur á óvart hvað spáin er svartsýn," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um nýja hagspá OECD. Hægt sé að gefa sér ýmiss konar forsendur, en ástandið gefi ekki tilefni til svo alvarlegra spádóma.

„Það er sjálfsagt að nota slíka spádóma sem hvatningu til að koma í veg fyrir að þeir gangi eftir. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja það, með því að efla atvinnustigið og ná tökum á ástandinu. Ég tel að okkur hafi gengið ágætlega að gera það," segir Björgvin.

„Ég hef ekki trú á því að sveiflan niður á við verði svona djúp. Ég held að okkur muni ganga talsvert betur að lenda og ná jafnvægi en OECD spáir í þessari skýrslu," segir Björgvin.

„Í fljótu bragði sýnist mér þessi spá OECD í samræmi við þær spár sem við höfum verið að sjá," segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ. Hann segir að þó tölurnar séu ekki nákvæmlega þær sömu sé sú mynd sem dregin sé upp í spánni kunnugleg.

„Það er að hægjast um í hagkerfinu, og við erum að fara í gegnum stöðnunar- eða samdráttarskeið á næstu tveimur árum."

Ólafur Darri setur þó fyrirvara við þá niðurstöðu OECD að atvinnuleysi verði nærri sex prósentum á næsta ári. Þar sé notast við aðrar forsendur en Vinnumálastofnun, sem mæli raunatvinnuleysi með afar nákvæmum hætti.

Hann segir þó spá OECD um atvinnuleysi alvarlega, sérstaklega þar sem líklegt sé að það komi misjafnlega illa niður á atvinnugreinum. Búast megi við erfiðu ástandi í byggingariðnaði og í þjónustugeiranum.

„Þetta kemur ekki á óvart, þetta er í stíl við aðrar spár," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það er mikil óvissa varðandi allar spár. Útkoman á þessu ári fer fyrst og fremst eftir því hvort það opnast aftur eðlilegur aðgangur að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, og að bankarnir geti farið að lána íslenskum fyrirtækjum," segir Vilhjálmur.

Gerist það ekki gæti útkoman orðið enn verri en OECD spáir, segir Vilhjálmur. Opnist aftur fyrir aðgang að lánsfé fljótlega sé möguleiki að klóra í bakkann og bæta ástandið.

brjann@frettabladid.is

## HAGSPÁ OECD

- Atvinnuleysi í ár verður 3,4 prósent, en 5,7 prósent árið 2009.
- Hagvöxtur dregst saman og verður 0,4 prósent í ár, en neikvæður um 0,4 prósent árið 2009.
- Neysluverðsvísitala mun hækka um 9,8 prósent á árinu, og um 6 prósent á næsta ári.
- Einkaneysla mun dragast saman og verða neikvæð um 0,9 prósent í ár, og neikvæð um 4 prósent árið 2009.
- Áfram er þörf á aðhaldssamri peningamálastefnu Seðlabankans, og þörf á frekari styrkingu gjaldeyrisforðans, að mati OECD.


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

+ # Nú eru varadagar í Lyfju

Dagana 2. - 9. júní
verður sérstök áhersla lögð
á varir í verslunum Lyfju.

CLINIQUE



20% afsláttur af Colour Surge
varalitum og varalitablýöntum

Sally Hansen



Ef keypt er mineral varagloss
fylgir naglalakk frítt með

LANCÔME PARIS



Spegill fylgir hverjum keyptum
varalit

MAYBELLINE NEW YORK



20% afsláttur af varalitum
og glossum

GOSH COSMETICS



20% afsláttur af glossum,
varalitum og varalitablýöntum

BOURJOIS PARIS



Armband fylgir varalitum
og varalitablýöntum

CLARINS PARIS



Með Joli Rouge varalitum
fylgir varalitablýantur
og snyrtibudda

HAWAIIAN Tropic



Varasalvi Citrus og Herbal
spf 40
20% afsláttur

Labello LIPCARE



Labello red - 2 fyrir 1

Blistex



Blistex regular - 3 fyrir 2
20% af öðrum varasölvum

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 42180 05.2008

# Kom inn!

Í sýningarsal okkar gefur að líta fjölbreytt úrval hurða og húna




DANA Gæðahurðir

ASETA

Tunguhálsi 19 | Sími 533 1600 | aseta@aseta.is


Aðeins 13 prósent kvenna í stjórnum 120 stærstu fyrirtækja landsins:

# Fleiri konur í stjórn fyrirtækja

**JAFNRÉTTISMÁL** Hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja er 13 prósent nú en var 8 prósent í fyrra. Þetta er niðurstaða rannsóknar um hlutfall kvenna í stjórnum og meðal æðstu stjórnenda fyrirtækja, sem rannsóknasetur vinnuréttar við Háskólann á Bifröst stóð að og birt var í gær.

„Ég tel að rannsóknin sýni að aukning sé til staðar en hún er ekki hröð, því miður. Það sem mér finnst athyglisverðast er að 19 prósent æðstu yfirmanna fyrirtækjanna eru konur en í fyrra voru þær einungis 14 prósent," segir Elín Blöndal forstöðumaður Rannsóknasetursins.



**ELÍN BLÖNDAL** Er ánægð með þróun mála en segir hana hæga.

Hún segir jafnframt að ánægjulegt sé að prósentutala fyrirtækja sem hafa enga konu í stjórn hefur lækkað úr 71 prósenti í 57 prósent á einu ári, en aðeins 11 prósent stjórnarformanna fyrirtækjanna eru konur.

Í rannsókninni eru 120 stærstu fyrirtæki landsins og þar af ellefu sem eru skráð á aðallista OMX (Kauphallarinnar). Þess má geta að engin kona er stjórnarformaður í þeim fyrirtækjum. Hlutafélög með undir tíu starfsmönnum voru ekki tekin með í rannsóknina.

Þessi rannsókn hefur verið framkvæmd frá árinu 2006 af Rannsóknarsetri vinnuréttar og er liður í verkefninu Jafnréttiskennitalan. Lokaráðstefna Jafnréttiskennitölunnar verður 19. september næstkomandi. - vsp

# Tugmilljónir falla á þá sem urðu illa úti

**Sunnlendingar þurfa að greiða minnst fimmtíu milljónir úr eigin vasa fyrir hvern milljarð sem heildartjón jarðskjálftans á Suðurlandi nemur. Tjón undir 85 þúsund krónum verður ekki bætt. Íbúar á svæðinu eru margir mjög reiðir.**

**JARÐSKJÁLFTI** Þeir sem urðu fyrir tjóni á skjálftasvæðinu á Suðurlandi þurfa að greiða samanlagt að minnsta kosti fimmtíu milljónir króna úr eigin vasa fyrir hvern milljarð sem heildartjónið nemur. Bótaþegar úr Viðlagatryggingasjóði bera lögum samkvæmt eigin áhættu, sem nemur fimm prósentum af tjóninu. Áhættuupphæðin er að lágmarki 85 þúsund krónur, og þeir sem urðu fyrir tjóni undir þeirri upphæð fá því engar bætur.

„Mér finnst þetta illa gert," segir Sigurgeir Ingimundarson, íbúi í Hveragerði, sem varð fyrir töluverðu tjóni í skjálftanum. „Ég er alveg drulluósáttur við þetta og það eru það flestir í Hveragerði. Fólk er mjög reitt." Sigmundur bendir á að Viðlagatrygging sé ekki tryggingafélag, heldur sé þar greitt úr sjóði sem almenningur greiðir í með skatti. „Þetta er hugsað til að veita fólki hjálp í viðlögum, og svo fáum við þetta framan í okkur," segir hann.

„Þetta er náttúrlega ætlað til þess að komast hjá því að meta mikið af smærri tjónum," segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar. Hann segist ekki átta sig á því hvort margir tjónþolar verði alfarið af bótum vegna þess að tjón þeirra nemur ekki 85.000 krónum. „En það eru sjálfsagt einhverjir."

Ásgeir segir eigin áhættu reiknaða út frá öllu því tjóni sem eigandi varð fyrir í skjálftanum. Þannig leggist eigin áhætta ekki hvort tveggja á tjón á húseignum og innbúi.



**MIKIÐ TJÓN** Innanstokksmunir skemmdust í nær hverju húsi í Hveragerði, og fjöldanum öllum á Selfossi. Þá varð tjón á mörg hundruð, jafnvel yfir þúsund húsum á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Sigurgeir segir málið mikið vera rætt manna á milli í Hveragerði. Íbúafundur verður haldinn í kvöld klukkan átta á Hótel Örk. Þar verða fulltrúar Viðlagatryggingar og hyggst Sigurgeir viðra óánægju sína við þá.

Viðlagatrygging opnar á næstu dögum skrifstofu á Selfossi, sem Ásgeir býst við að verði opin í eitt ár hið minnsta. Þar verði fimm starfsmenn í almennum verkefnum auk tjónamatsmanna. Viðlagatrygging hefur greiðslugetu upp á 38 milljarða króna. Tjónið vegna skjálftans er langt frá þeirri tölu, en nemur þó milljörðum, að sögn Ásgeirs.

stigur@frettabladid.is

## HIÐ OPINBERA GREIÐIR MEIRA

Samkvæmt lögum um Viðlagatryggingar er lágmark eigin ábyrgðar tífalt hærra, eða 850 þúsund krónur á verðlagi dagsins í dag, af mörgum mannvirkjum hins opinbera en af tjóni einkaaðila. Þessi mannvirki eru:

- Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur
- Hafnarmannvirki
- Brýr sem eru lengri en 50 metrar
- Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi og stíflur
- Síma- og fjarskiptamannvirki
- Skíðalyftur

Hætt við kaup á túrbínum í jarðvarmavirkjanir vegna ákvörðunar um Bitruvirkjun:

# Sektarákvæði verða ekki virk

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur hætt við kaup á tveimur túrbínum í jarðvarmavirkjanir af þeim sjö sem boðnar voru út nýverið. Samið var við fyrirtækin Mitsubishi og Balcke-Dürr um kaup á fimm túrbínum á föstudag.

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR, segir að í útboðsskilmálum hafi verið möguleiki á að hætta við kaup á tveimur vélasamstæðum innan árs frá undirritun samnings. Þar sem Bitruvirkjun sé ekki lengur í kortunum hafi verið ákveðið að hætta strax við kaup á tveimur túrbínum.

OR bar ekki sérstakan kostnað vegna þessa, en hefði kaupunum verið rift eftir að samningar voru undirritaðir hefðu sektarákvæði í samningnum orðið virk, segir Hjörleifur. Þá hefði OR þurft að greiða seljendum fyrir að hætta við kaupin.

Samið var um kaup á fimm túrbínum, og nemur fjárhæð samningsins um 13,7 milljörðum króna. Kostnaður við hverja vél er því um 2,7 milljarðar króna. Hver vél hefur 45 megavatta afl. Þær verða afhentar á árunum 2010 og 2011.

Tvær túrbínur nýtast við stækkun Hellisheiðarvirkjunar, og tvær fara í virkjun í Hverahlíð. Einni er enn óráðstafað, en Hjörleifur segir að henni verði fundinn staður, til dæmis við Hellisheiðarvirkjun, Nesjavallavirkjun eða á Gráhnjúkum.



**UNDIRRITAÐ** Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR (fyrir miðju), undirritaði samninginn ásamt Hiroyuki Iwase, framkvæmdastjóra hjá Mitsubishi, og Claus Brinkmann forstjóra Balcke-Dürr. MYND/OR

Um er að ræða stærsta samning OR frá upphafi, að því er fram kemur í tilkynningu. - bj

Ekki full sátt um lagningu Geirsgötu í stokk við tónlistar- og ráðstefnuhúsið:

# Segja skilaboð um stokk misvísandi

**SKIPULAGSMÁL** „Gallinn við þessa útfærslu er fyrst og fremst sá að það er bara verið að horfa á hagsmuni byggingaraðila norðan Geirsgötu,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, um tillögu þess efnis að Geirsgatan verði lögð í stokk við nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið.

Í Fréttablaðinu á mánudaginn var skýrt frá tillögunum og var haft eftir Gísla Marteini Baldurssyni, formanni umhverfis- og samgönguráðs, að sátt væri um niðurstöðuna.

Óskar segir tillöguna hafa verið kynnta víðs vegar í borgarkerfinu. „Það hafa hins vegar komið fram margs konar athugasemdir við þessa útfærslu og þess vegna er ekki rétt að það sé full sátt um hana.“




Í sama streng taka borgarfulltrúarnir Svandís Svavarsdóttir og Dagur B. Eggertsson. „Mér finnst svolítið óljóst hvaða hugmyndir eru uppi á borðinu,“ segir Dagur.

Fyrir skömmu hafi Gísli Marteinn rætt um það í fjölmiðlum að hugsunin væri að stokkarnir næðu út í Ánanaust.

Þá standi Hanna Birna Kristjánsdóttir vörð um Mýrargötuskipulagið, Júlíus Vífill Ingvarsson vilji efna til opinnar hugmyndasamkeppni um allt hafnarsvæðið og því sé spurning hvort Gísli Marteinn sé þarna með þriðja skipulagið.

„Mér heyrast skilaboðin vera svolítið misvísandi en við höfum alltaf verið opin fyrir að skoða hugmyndir að lagfæringum á þessu svæði,“ segir Dagur.

Svandís segir vinnuhópinn sem vann að tillögunum ekki hafa stjórnsýslulega stöðu. „Við gerum grein fyrir athugasemdum okkar í skipulags- og umhverfisráði þegar þar að kemur,“ segir Svandís. **- ovd**







Fyrrverandi tollverðir ákærðir fyrir brot í starfi á skemmtistað í Reykjavík:

# Játar þukl en man ekki neitt

**DÓMSMÁL** Annar tveggja fyrrverandi tollvarða, sem ákærðir eru fyrir brot í starfi, játar sök vegna minnisleysis. Hann segist treysta framburði stúlknanna sem hann er sakaður um að brjóta gegn.

Mönnunum er gefið að sök að hafa í ölæði framvísað tollvarðarskilríkjum sínum á dansgólfi Hressingarskálans, sagst vera að leita að fíkniefnum og í krafti stöðu sinnar þuklað á tveimur konum og hnuplað veski annarrar þeirra. Annar þeirra játar sem áður segir að hafa þuklað á konunum, sem hann man þó ekki eftir að hafa gert. Tollverðir mega þó aðeins leita á fólki af sama kyni.



**HRESSINGARSKÁLINN** Konurnar voru á dansgólfinu þegar mennirnir sýndu skilríki og heimtuðu að fá að leita á þeim.

Hann neitar hins vegar að hafa hlaupið burt með veskið, enda fannst það ekki í fórum hans þegar hann var handtekinn skömmu síðar.

Hinn neitar alfarið sök. „Ég leitaði ekki á þessum stúlkum," segir hann. Hann hafi sannarlega verið staddur með hinum tollverðinum á Hressingarskálanum umrætt kvöld, en hafi engin afskipti haft af konunum tveimur. Önnur stúlknanna sagðist þess samt nokkuð viss að hann væri sá sem tekið hefði töskuna.

Aðalmeðferð fór fram í málinu á mánudag. Mennirnir starfa ekki lengur sem tollverðir, en annar starfar enn hjá tollstjóraembættinu við skrifstofustörf. **- sh**

Gjaldeyrisjöfnuður:

## Seðlabankinn herðir reglur

**VIÐSKIPTI** Seðlabankinn gaf í gær út nýjar og hertar reglur um gjaldeyrisjöfnuð fjármálafyrirtækja sem gildi taka 1. júlí. Meginbreytingin frá fyrri reglum er að misvægi á milli gengisbundinna eigna og skulda fjármálafyrirtækja skal mest nema 10% af eigin fé hverju sinni en var 30%.

Lægra misvægi, sem nýju reglurnar fela í sér, er ætlað að draga úr áhættu og stuðla að virkari verðmyndun gjaldeyris á millibankamarkaði, segir í tilkynningu Seðlabankans.

Bankinn bendir á að til varnar neikvæðum áhrifum af breytingum á gengi krónunnar á eiginfjárhlutfall geti Seðlabankinn veitt fjármálafyrirtæki heimild til þess að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð utan við almennan gjaldeyrisjöfnuð. **- bih**



**AÐ LOKINNI LANGRI TÖRN** Barack Obama og eiginkona hans, Michelle, að lokinni sigurræðu hans í St. Paul á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Obama biður um samstarf

**Barack Obama skorar nú á demókrata að standa saman í baráttunni gegn John McCain, forsetaefni repúblikana. McCain skorar á hann í tíu einvígi.**

**BANDARÍKIN, AP** John McCain, forsetaefni Demókrataflokksins í Bandaríkjunum, skoraði í gær á Barack Obama að mæta sér á tíu kappræðufundum víðs vegar um Bandaríkin, þar sem almenningur hefði tækifæri til að leggja fyrir þá spurningar.

„Ég held að við þurfum enga stóra viðburði sem stjórnað yrði af fjölmiðlum, engar spurningar frá fréttamönnum, engin spunaherbergi," sagði McCain í gær. „Aðeins tveir Bandaríkjamenn sem bjóða sig fram í besta landi heims að svara spurningum frá því fólki, sem við þurfum að vinna traust hjá."

Á þriðjudaginn lýsti Obama yfir sigri í baráttunni um að verða forsetaefni Demókrataflokksins. Hann hafði tryggt sér nægan meirihluta sama daginn og síðustu prófkjör flokksins í sex mánaða linnulausri törn lauk. Eins og spáð var vann Obama sigur í prófkjöri flokksins í Montana á þriðjudaginn, en tapaði óvænt fyrir Hillary Clinton í Suður-Dakóta.

Hann verður fyrsti þeldökki forsetaframbjóðandinn í Bandaríkjunum, en stendur nú frammi fyrir því verkefni að fá stuðningsmenn Clintons til þess að fylkja liði að baki sér.

„Við skulum nú fara að starfa saman," sagði hann við þúsundir stuðningsmanna sinna í St. Paul á þriðjudagskvöldið.

Hillary Clinton var hins vegar ekki reiðubúin til að viðurkenna ósigur á þriðjudaginn, heldur ætlar hún að ráðgast við stuðningsfólk sitt næstu daga til að ákveða framhaldið.

Ráðgjafar hennar segja að þótt Obama hafi nú fengið stuðningsyfirlýsingar frá nógu mörgum ofurfulltrúum til að tryggja sér meirihluta, þá geti hann ekki treyst í blindni á atkvæði þeirra.

Margir demókratar telja að hún hafi ákveðið að bíða með yfirlýsingar á meðan þrýst er á Obama um að velja hana fyrir varaforsetaefni sitt. Sjálf sagði Clinton á fundi með stuðningsfólki sínu í New York á þriðjudag að hún gæti vel hugsað sér það, ef það gæti hjálpað demókrötum að sigra í forsetakosningunum í haust.

„Ég er opin fyrir því," sagði hún. „Ég vil það sem ég hef alltaf barist fyrir: Ég vil að þær nærri 18 milljónir manna sem kusu mig njóti virðingar og að á þá verði hlustað."

Ættingjar Baracks Obama í Kenía fögnuðu sigri hans ákaft í gær.

„Það væri gott ef hann yrði forseti Bandaríkjanna," sagði stjúpamma hans, Sarah Hussein Obama. „Barack gæti hjálpað okkur við að byggja skóla í Kenía, og sjúkrahús, og hjálpa munaðarleysingjunum hér."

**gudsteinn@frettabladid.is**




Marel Food Systems hf.

## Birting lýsingar

Marel Food Systems hf. hefur gefið út og birt lýsingu vegna útboðs á nýjum hlutum í félaginu og töku hinna nýju hluta til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Nálgast má lýsinguna næstu 12 mánuði á vef Marel Food Systems hf., www.marelfoodsystems.com. Prentuð eintök er hægt að nálgast hjá útgefanda, Marel Food Systems hf., Austurhrauni 9, Garðabæ.

Hinir nýju hlutir í Marel Food Systems hf. verða seldir í hlutafjárútboði, dagana 5. og 6. júní 2008. Boðnir verða út 156.440.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. að söluverðmæti kr. 13.923.160.000. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur Stjórn Marel Food Systems hf. áskilið sér rétt til þess að fjölga þeim hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu um allt að 40.115.000 hluti. Heildarfjöldi hluta sem seldir verða í útboðinu er því að hámarki 196.555.000 hlutir, að söluandvirði kr. 17.493.395.000. Stefnt er að því að hinir nýju hlutir verði teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. eigi síðar en 18. júní 2008.

Allir hlutir í Marel Food Systems hf., þar með taldir hinir nýju hlutir, eru í einum flokki og eru jafnréttháir. Ákveði stjórn Marel Food Systems hf. að fjölga ekki þeim hlutum sem boðnir verða til sölu verður heildarfjöldi hluta í Marel Food Systems hf. að hlutafjárhækkun lokinni 560.225.697 hlutir. Verði hlutum í útboðinu fjölgað að ákvörðun stjórnar, verður heildarfjöldi hluta í Marel Food Systems hf. að hlutafjárhækkun lokinni að hámarki 600.340.697 hlutir.

Nánari upplýsingar um útboðið og skilmála þess má finna í lýsingu Marel Food Systems hf., sem er dagsett 4. júní 2008.

Reykjavík, 5. júní 2008.

Landsbanki marel food systems



BIFRÖST UNIVERSITY

## Politics and Business in the Middle East - Opportunities for Iceland

Where: Bifröst University
When: 6 June, 2008 from 14:00 to 17:00

PROGRAMME

14:00-14:05
**Welcome Note**
Dr. Ágúst Einarsson, Rector, Bifröst University

14:05-14:10
**Opening Remarks**
Guðmundur Þ. Sigurðsson, M.Sc. Candidate, Bifröst University.
Fellow of the Center for Middle East Business Studies, Rutgers University, N.J.

14:10-14:50
**Keynote Speech**
Jerry M. Rosenberg, Ph.D., Professor of International Business, Rutgers University Business School, Director, Center of Middle East Business Studies, and Author of "*Reawakening: The New, Broader Middle East.*"

14:50-15:10
**Jón Ásbergsson**, Managing Director, Trade Council of Iceland

15:10-15:30
**Samir Hasan**, Consul General, Jordan

15:30-15:45
**Coffee Break**

15:45- 16:05
**Halla Gunnarsdóttir**, Journalist at Morgunblaðið

16:05-16:25
**Sigurgeir Tryggvason**, Director Corprate Credit, Kaupthing bank.

16:25-17:00
**Panel Discussions**
Chair: Jón Ólafsson, Dean of the Faulty of Social Sciences, Bifröst University

17:00-18:00
**Reception**

**Chair of the conference:**
Bryndís Hlöðversdóttir, Dean of the Faculty of Law, Bifröst University

FREE ADMISSION AND NO REGISTRATION NECESSARY

WWW.BIFRÖST.IS

BIFRÖST UNIVERSITY
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

ENNEMM / SÍA / NM34038



Velkomin
Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi*
Sparisjóðurinn leggur megináherslu á að eiga ánægjulegt samstarf við viðskiptavini sína. Verið velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina allra fyrirtækja á Íslandi – það er engin tilviljun að þeir eru hjá okkur.
* Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar.
SPARISJÓÐURINN
spar.is


LINDIR
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
ÓTRÚLEGUR FJÖLDI TILBOÐA
37"
Upplausn 1366x768p
99.995
SHARP
LCD sjónvarp, LC37WD1S. Upplausn 1366x768p, skerpa 1200:1 (3000:1 dynamic), 3D combfilter og birta 450 cd/m2. Viðbragðstími 6ms. Tengi: 2 HDMI tengi, 2 skart, S-video, component tengi, VGA og tengi fyrir heyrnartól. Stafrænn móttakari (DVB-T tuner). Borðstandur fylgir.
6.995
PHILIPS
DVD spilari, DVP3120. Frábær dvd spilari frá Philips. Spilar DVD+/-R/RW, CD+/-R/RW, mp3, og JPEG. Skarttengi, component, composite og digital coax.
KENWOOD
Matvinnsluvél, FP110. Handhæg 300 watta vél með „Turbo/pulse" sem tekur 0,8 lítra. Þetta er vél sem blandar, sneiðir, rífur, hakkar og þeytir.
4.995
1.995
MATSUI
12'' borðvifta með 3 hraðastillingum. sem hægt er að snúa og halla.
14.995
GARMIN
GPS tæki, Legend HCx. Vatnshelt samkvæmt IPX7 staðli. High sensitivity móttakari. USB tengt í tölvu. Rafhlöðuending er 25 klst, 2AA rafhlöður. Öryggisól, USB kapall, MapSource, beltisklemma og leiðbeiningar á ensku fylgja með.
14.995
SONY
PSP leikjatölva. Hlustaðu á tónlist, spilaðu leiki, farðu á netið.
45% afsláttur
1598 kr. kg
Móa kjúklingabringur
298 kr. kg
Krónukjúklingur frosinn
389 kr. pk.
Special K 500 g
ELKO
OPIÐ
VIRKA DAGA 11-19 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 12-18
OPIÐ
ALLA DAGA 11-19





# 3 LÁGVÖRUVERÐSVERSLANIR Á SAMA STAÐ

# Í ÖLLUM VERSLUNUM



40% afsláttur

998 kr. kg

Grísahnakki úrb. sneiðar



1499 kr. stk.

Ariel fljótandi 4,05 l



3 fyrir 2

Líf 100% hreinn ávaxtasafi



**4.690** (áður 5.490)

**MCKINLEY BIGBIZ FEMALE**
Kvartbuxur á dömur. Litir: Beige, brúnar. Stærðir: 36-44.



**7.990** (áður 10.990)

100 % VERÐVERND

**MCKINLEY DALTRON SOFT SHELL**
**MCKINLEY NATAL FEMALE**
Softshell jakki. Herrastærðir: S-XL. Litur: Svartur.
Dömustærðir: 36-44. Litir: Hvítur, brúnn.



**4.990** (áður 6.990)

**MCKINLEY MONSOON 30L**
30L Bakpoki.





**5.990** (áður 6.990)

**MCKINLEY CAPE TOWN PANTS**
Zipoff göngubuxur. Litir: Beige, gráar.
Stærðir: S-XXL.

**6.990** (áður 7.890)

**TEVA TERRA-FI 2**
Vandaðir slitsterkir göngusandalar með góðu gripi og dempun.
Dömu: Bláir, brúnir. Herra: Svartir. Stærðir: 36-46,5.

KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr

OPIÐ

INTERSPORT

VIRKA DAGA 11-19 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 12-18



**GENGIÐ Á KORTI** Í verslunarmiðstöð í Bangkok í Taílandi má sjá þetta risastóra landakort, sem er partur af umhverfissýningu sem þar hefur verið sett upp. NORDICPHOTOS/AFP

Flugmenn ósáttir:

## Uppsagnir hjá Icelandair

**VINNUMARKAÐUR** Tuttugu og fjórum flugmönnum Icelandair hefur verið sagt upp störfum frá og með 1. september. Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, segir að auðvitað standi vonir til að ekki þurfi að segja mönnum upp. Flugmenn viti hins vegar að fyrstu tvö til þrjú árin sé helst sumarstarf að fá.

„Það er samdráttur hjá Icelandair í áætluninni næsta vetur og það er fyrst og fremst það sem þeir eru að tryggja sér í mannahaldinu,“ segir hann. - ghs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hjólaði í veg fyrir bíl

Stúlka á sextánda ári hjólaði í veg fyrir bíl á Hlíðarbraut á Akureyri um klukkan tíu á þriðjudagskvöldið. Stúlkan vankaðist við höggið.

# Starfsmenn Strætós ósáttir við stjórnina

**Trúnaðarmenn starfsmanna Strætós segjast ítrekað hafa óskað eftir fundum með stjórnarformanninum til að ræða stjórnunarstíl framkvæmdastjórans. Stjórnarformaðurinn segir starfsmannamál heyra undir framkvæmdastjórann.**

**VINNUDEILA** „Við erum bara að fara fram á að við okkur sé talað,“ segir Jóhannes Gunnarsson, fyrrum trúnaðarmaður hjá Strætó, sem nýlega var sagt upp störfum.

Jóhannes, ásamt tveimur öðrum trúnaðarmönnum Strætós, ritaði í gær bréf til Ármanns Kr. Ólafssonar, stjórnarformanns Strætós. Bréfið kalla þeir „skriflega áminningu“ til Ármanns sem þeir segjast ítrekað hafa reynt að fá fundi með til að ræða framkomu Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætós, í garð starfsmanna fyrirtækisins.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Í bréfinu segja þeir framkvæmdastjórann hvorki vilja ræða við þá né vilja veita frí til trúnaðarmannastarfa og koma þannig í veg fyrir að trúnaðarmenn geti unnið sína vinnu. Þá sé uppsögn Jóhannesar trúnaðarmanns ólögmætur gjörningur og stríði gegn stjórnsýslulögum.

Átelja þeir Ármann fyrir að hafa lýst yfir stuðningi sínum við vinnubrögð framkvæmdastjórans og segja framkomu og stjórnunarstíl hans vera með því alvarlegra sem sést hafi á vinnumarkaði.



**FRÁ HLEMMI** Stjórnarformaður Strætós komst ekki til fundar við trúnaðarmennina við Hlemm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er alveg skýrt að starfsmannamál heyra undir framkvæmdastjóra og koma þaðan inn á borð stjórnar,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætós. „Hins vegar hef ég óskað eftir að það verði tilgreint hvenær óskað var eftir fundum með mér því ég kannast ekki við það.“

Ármann fer, í svarbréfi sínu til trúnaðarmannanna, fram á að þeir tilgreini hvenær óskir um fundina komu fram, ella dragi þeir til baka fullyrðingar sínar um að ítrekað hafi verið óskað funda með honum.

„Mér finnst alveg skýrt að stjórnin á ekki að hafa bein afskipti af starfsmannamálum með því að vera í sambandi við einstaka starfsmenn. En ef Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar eftir fundi með mér þá væri auðvitað sjálfsagt að verða við því,“ segir Ármann sem segist alltaf hafa brugðist skjótt við þegar starfsmannafélagið hafi óskað eftir fundum með honum.

Jóhannes segir næst á dagskrá að sjá hvort að stjórn Strætós sjái sér fært að setjast niður með starfsmönnunum. „Aðalmálið er að menn setjist niður og tali saman en það er ekkert smáræði sem við höfum þurft að standa í til að fá það í gegn.“ olav@frettabladid.is

Dómsmál í Noregi:

## Þrír sýknaðir af hryðjuverkum

**NOREGUR** **Þrír menn voru sýknaðir í Osló vegna skorts á sönnunargögnum í fyrsta hryðjuverkamáli Noregs síðan norska löggjöfin var hert fyrir nokkrum árum.**

**Í dómnum segir að ekki hafi tekist að sanna með óyggjandi hætti að Arfan Bhatti og tveir aðrir menn hefðu lagt á ráðin um árás á ísraelsk og bandarísk sendiráð árið 2006.**

**Bhatti var hins vegar fundinn sekur um skotárás á bænahús gyðinga í Osló í september 2006 og um ólöglega vopnaeign, hótanir og samsekt í tilræði gegn norskum fjársýslumanni. Hann var dæmdur í átta ára fangelsi.** - hþj

Nýja Símaskráin:

## Hundrað þúsund eintök farin

**FJARSKIPTI** **Fyrsta upplag nýrrar Símaskrár, 100.000 eintök, hefur að mestu klárast á innan við viku frá útgáfudegi 28. maí síðastliðinn. Símaskráin er prentuð í alls 200.000 þúsund eintökum. Von er á annarri sendingu um miðjan júní.**



**SÍMASKRÁIN 2008** Í Símaskránni er myndasaga eftir Hugleik Dagsson.

**Í Símaskránni er myndasagan Garðarshólmi eftir listamanninn Hugleik Dagsson. Sagan teygir sig yfir megnið af bókinni. Hugleikur áritaði fyrstu 100 eintökin af Símaskránni.** -gh

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri




FRAMTÍÐ SJÁVARÚTVEGS

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Á AKUREYRI 12. JÚNÍ 2008

**Innlendir og erlendir fræðimenn og stjórnendur munu fjalla um fjölbreytt efni sem tengist framtíð sjávarútvegs.**

Sjávarútvegur hefur verið, er og verður í framtíðinni okkar mikilvægasta atvinnugrein.
Háskólinn á Akureyri ætlar að taka virkan þátt í mótun hans og stuðla að jákvæðri ímynd greinarinnar.

Ráðstefnan verður haldin á Hótel KEA, Akureyri og fer fram á ensku.
Allir velkomnir.



Nánari upplýsingar og skráning á http://fisheries.unak.is

GALLERÝ KJÖT

Fiskisaga

# ...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ KYNDA UPP GRILLIÐ!




RADAR

**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

**Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar 10:00 – 18:30 virka daga. Laugardaga er opið 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Háaleitisbraut, Höfðabakka, Tjarnarvöllum og Sundlaugarvegi.**

**FRÉTTASKÝRING:** Flóttamenn á Íslandi 1. hluti

# Markviss stefna um mannúð

Fimmtíu og tvö ár eru síðan fyrstu flóttamennirnir komu til landsins. Með stofnun flóttamannaráðs árið 1995 urðu vatnaskil í málaflokknum og mótuð var markviss stefna um mannúðaraðstoð. Sú leið sem farin er hér á landi hefur vakið athygli Sameinuðu þjóðanna. Lítil sem engin vandamál hafa komið upp og reynsla flóttamanna af Íslandi er góð. Yfir 60 prósent eru hér enn.

Flóttamenn hafa verið til jafn lengi og menn hafa átt í átökum og hamfarir hafa riðið yfir. Í gegnum aldirnar eru til sögur af hópum fólks sem flúið hafa ofsóknir og átök, eða hungur og hamfarir. Síðari heimsstyrjöldin varð hins vegar til þess að komið var á fót skipulögðum samtökum um flóttamannavandann í Evrópu.

Skipta má komu flóttamanna til Íslands í tvö skeið: fyrir og eftir stofnun flóttamannaráðs árið 1995, en við það komst skipulag á málaflokkinn Frá 1956 til 1991 komu hingað til lands 204 flóttamenn í sex hópum. Af þeim voru 94 enn á Íslandi árið 2005, aðrir höfðu látist eða flust á brott.

Fyrstu flóttamennirnir komu til Íslands á aðfangadag árið 1956. Þar voru á ferð 52 Ungverjar sem flýðu innrás Sovétmanna í Ungverjaland. Strax þremur árum eftir komu þeirra fyrstu kom næsti hópur, 32 flóttamenn frá Júgóslavíu. Tuttugu ár liðu þar til næsti hópur kom, frá Víetnam.

### Vatnaskil

Með stofnun flóttamannaráðs, sem nú heitir flóttamannanefnd, urðu vatnaskil í málaflokknum. Markviss stefna var sett um málið og komið var á samvinnu við Rauða krossinn. Horft var til þess að velja eitt móttökusveitarfélag og vinna náið með því. Flóttafólkið færi því ekki í höfuðstaðinn heldur út á land. Ekki var síst horft til þess að smæð samfélaga væri kostur og myndi styðja betur við flóttamenn. Til Reykjavíkur komu fyrst flóttamenn árið 2005.

Efasemdaraddir heyrðust um að í litlum samfélögum myndi hópur flóttamanna verða of stór og áberandi hluti þeirra. Einnig óttuðust sumir að smærri samfélög réðu illa við verkefnið, ekki síst þegar kæmi að íslenskukennslu og húsnæðismálum. Þær áhyggjur virðast hafa verið óþarfar.

Ísafjörður varð fyrstur fyrir valinu og þangað komu þrjátíu flóttamenn frá Krajina-héraði í Króatíu árið 1996. Síðan þá hafa 277 flóttamenn komið til landsins.

### Flóttamenn ánægðir

Árið 2005 vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun fyrir flóttamannaráð. Þá höfðu Íslendingar tekið á móti 420 flóttamönnum og af þeim bjuggu hér enn 260, eða um 62 prósent. Einhverjir hafa flutt aftur til upprunalandsins, en aðrir til annarra landa.

Um sextíu prósent líta á Ísland sem sitt heimaland og miklum meirihluta finnst gott að búa hér. Fyrsta kynslóð flóttamanna talar alltaf eða oftast móðurmál sitt við börn sín og um fjörutíu prósent þeirra gátu ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu.

Reynsla flóttamanna af komu hingað er góð samkvæmt skýrslunni. Þeir bera þeirri aðstoð sem þeir hafa fengið vel söguna.

### Íslensk fyrirmynd

Kerfið sem notast er við hér á landi við móttöku flóttamanna hefur vakið athygli víða um heim. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur litið til þess og vonast til að koma því á sem víðast.

Það byggir í grunninn á samvinnu ríkisins, Rauða krossins og móttökusveitarfélags. Komið er á fót neti stuðningsfjölskyldna, en það eru sjálfboðaliðar sem taka að sér að vera nýjum fjölskyldum til aðstoðar. Flóttafólk fær mikla aðstoð í eitt ár við að standa á eigin fótum.

Reynslan er sú að færri hafa komist að en vilja sem stuðningsfjölskyldur. Þykir það einsdæmi, hve almenningur tekur virkan þátt í starfinu og fjöldi sjálfboðaliða hefur vakið athygli.

### Mesta neyðin

Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um þann fjölda flóttamanna sem tekið er á móti hverju sinni, að tillögu flóttamannanefndar. Árið 2007 samþykkti hún að taka árlega á móti 25 til þrjátíu flóttamönnum.

Þeir flóttamenn sem hingað koma eru þeir sem eru skilgreindir í mestri neyð og verði að flytja búferlaflutningum (e. resettlement). Ísland tekur hlutfallslega á móti færri flóttamönnum en Norðurlöndin og Bandaríkin, en á það ber að líta að einungis um fimmtán til tuttugu lönd taka við flóttafólki úr þessum flokki.




### RÍKISBORGARARÉTTUR

Flóttamenn geta sótt um ríkisborgararétt eftir fimm ára dvöl á landinu, tveimur árum fyrr en þeir útlendingar sem hingað flytja að eigin frumkvæði.

Flóttamenn fá óbundið dvalarleyfi til þriggja ára og sækja að því loknu um búsetuleyfi þar til þeir geta sótt um ríkisborgararétt að fimm árum liðnum.

Langflestir sem hingað hafa komið hafa fengið ríkisborgararétt. Við það missa þeir stöðu flóttamanna.

### KOMA FLÓTTAFÓLKS 1956-1991

| Komuár | heimaland | fjöldi |
|---|---|---|
| 1956 | Ungverjaland | 52 |
| 1959 | Júgóslavía | 32 |
| 1979 | Víetnam | 34 |
| 1982 | Pólland | 26 |
| 1990 | Víetnam | 30 |
| 1991 | Víetnam | 30 |
| **Alls** | | **204** |

## AÐ VEITA HÆLI SNÝST UM MANNÚÐ

„Reynslan af flóttamannaverkefnum er mjög jákvæð og þetta hefur gengið mjög vel fyrir sig. Engin alvarleg mál hafa komið upp og engir hnökrar sem hafa varpað skugga á verkefnið," segir Atli Viðar Thorstensen, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands (RKÍ).

Atli á sæti í flóttamannanefnd fyrir hönd RKÍ. Hann leggur ríka áherslu á að samvinna ólíkra aðila hafi ætíð verið góð. „Samvinna ríkis, sveitarfélaga og RKÍ, bæði hvað varðar val á flóttafólki og eftir að það kemur til landsins, hefur vakið athygli. Þá hefur stuðningsfjölskyldukerfið, sem byggir á sjálfboðaliðum RKÍ, vakið mikla aðdáun og er stefnt að því að koma því upp sem víðast."

### Enginn annar kostur

Atli segir að breyting hafi orðið á með tilkomu flóttamannaráðs. Nú sé Ísland eitt þeirra ríkja sem taka á móti svokölluðu „resettlement"-flóttafólki. Það er fólk sem á sér engan samastað utan flóttamannabúða og þarf að komast í annað land.

„Það fólk getur hvorki snúið aftur til síns heima, né dvalið áfram á þeim stað sem það er nú. Það eru ekki nema fimmtán til tuttugu ríki í heiminum sem taka á móti þessu fólki og við erum eitt þeirra. Framlag okkar er því mikils metið," segir Atli.

Hann segir umræðu um hvort hjálpa eigi fólki heima fyrir eða bjóða því hingað sé á villigötum. „Við aðstoðum fjölda fólks á heimaslóðum þar sem því verður við komið. Hins vegar eru aðstæður stundum þannig, líkt og með flóttafólkið sem koma mun til Akraness, að það er einfaldlega ekki hægt. Þá er þeim boðið hæli í öðrum löndum. Að veita hæli er mannúðaraðgerð."

### Flóttamannastofnun SÞ

Ríkisstjórnin ákveður fjölda flóttamanna sem veitt er viðtöku. Flóttamannanefnd leitar til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um tillögur að því hvaðan fólkið ætti að koma. Iðulega er farið eftir þeim tillögum.

„Valið á því hverjir koma fer síðan fram við flóttamannastofnun á hverjum stað. Við förum á svæðið og metum það, ræðum við fólkið og metum hverjir eru í mestri þörf og hvort þeir vilji koma til Íslands. Þá skoðum við hvernig kerfið á Íslandi geti mætt þörfum fólksins. Á grundvelli þessarar skoðunar leggjum við til hverjum verði veitt hæli. Við erum því í virkri samvinnu við Flóttamannastofnun SÞ og ríkisstjórnina."



**HEIMA OG HEIMAN** Atli segir að Íslendingar eigi að aðstoða fólk heima við þar sem það er hægt, en í neyð að bjóða flóttamönnum hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÍSLENSKA KERFIÐ TIL FYRIRMYNDAR



„Sveitarfélögin, og allir sem að þessum verkefnum hafa komið, hafa verið til fyrirmyndar," segir Guðrún Ögmundsdóttir, formaður flóttamannanefndar.

Guðrún er skipuð af félagsmálaráðherra, en auk hennar sitja í nefndinni fulltrúar utanríkis- og dómsmálaráðuneyta, svo og fulltrúi Rauða krossins.

„Svona verkefni getur verið mikil lyftistöng fyrir sveitarfélögin. Þau þurfa að huga að sínu félagslega kerfi og fara faglega á hærra plan. Þau hugsa í lausnum, ekki vandamálum, og það hefur skilað sér í betri stjórnsýslu og betri þjónustu. Obbinn af starfinu lendir á sveitarfélögunum og Rauði krossinn vinnur líka gott starf," segir Guðrún.

### Engin vandamál

Hún segir íslenska kerfið vera til fyrirmyndar; það sé í raun hið ákjósanlega kerfi. „Sameinuðu þjóðirnar líta mjög til þessa mikla samstarfs sem verið hefur hér á milli ríkis, sveitarfélaga og Rauða krossins. Þá er haldið mjög vel utan um hverja fjölskyldu hér, sem er frekar sjaldgæft.



**MIKIL SAMVINNA** Guðrún segir að samvinna ólíkra aðila á Íslandi sé til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendingar átta sig stundum ekki á því hve mikið ríkidæmi það er að búa hér. Þeir flóttamenn sem hingað koma snúa sumir heim og það er dásamlegt ef hlutirnir lagast heima fyrir. En margir vilja vera hér og aðlagast samfélaginu. Við höfum ekki orðið vör við nein vandamál því tengd," segir Guðrún.

### Stuðningur

Sjálft flóttamannaverkefnið stendur yfir í eitt ár og greiðir ríkið kostnað af því. Guðrún segir að í dag sé um 100 milljónir króna að ræða. Að því loknu eigi fólkið að geta séð um sig sjálft.

Þó að einhverjir aðlagist fljótt og komist á vinnumarkaðinn þurfa margir á áframhaldandi stuðningi að halda eftir árið. Hún er þá á höndum sveitarfélagsins.

## ÞRJÁR LAUSNIR FYRIR FLÓTTAFÓLK

Almennt er horft til þriggja lausna fyrir flóttafólk:

1. Að það snúi til baka til upprunalands þegar það er óhætt.
2. Að það aðlagist og festi rætur í hælislandi.
3. Að það flytjist til búsetu í svokölluðu þriðja landi.

Til þriðja möguleikans (e. resettlement) er ekki gripið nema hinir tveir þyki ófærir. Ísland er eitt þeirra landa sem hafa tekið við hópi flóttafólks úr þeim flokki. Væntanlegir flóttamenn á Akranes eru þeirra á meðal.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

FYRSTA GREIN AF FJÓRUM
Á morgun:
Reynsla samfélags – Höfn í Hornafirði




*...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!*

móar

## „ORÐRÉTT“

### *Megum engan hvítan missa.*

**„Þetta var ljótt. Ekki það sem við Íslendingar þurfum á þessum dökku tímum.“**

VIÐAR GUÐJOHNSEN, UNGUR FRJÁLSLYNDUR, UM DRÁPIÐ Á HVÍTABIRNINUM.

### *Innrás pylsugerðarmannanna?*

**„Já, síðan pylsan var tekin af mér til förgunar finnst mér ég vart hafa þverfótað fyrir innfluttu ósoðnu kjöti og pylsum í ýmsu ástandi.“**

SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR BÆJARSTJÓRI MÁTTI EKKI FLYTJA PYLSU TIL LANDSINS.

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GEORG KÁRI HILMARSSON TÓNLISTARMAÐUR

## *Hleypur hálfmaraþon*



„Við erum að berja saman lögin fyrir nýju plötuna,“ segir Georg Kári Hilmarsson, bassaleikari í Sprengjuhöllinni, en þeir félagarnir æfa stíft þessa dagana. „Við æfum upp á hvern dag.“ Nýja platan kemur líklega út í október. „Ég er sannfærður um að fólk verður ánægðara með hana en þá fyrri. Fólk mun sjá þróaðri og betri Sprengjuhöll.“

Strákarnir eru nýkomnir úr vel heppnaðri tónlistarferð um Kanada og Bandaríkin, þar sem þeir spiluðu meðal annars á Vestur-Íslendingahátíðinni Nú/Now í Winnipeg og á skemmtistaðnum El Mocambo í Toronto, þar sem Rolling Stones tóku upp plötuna Love You Live.

„Það er þó erfitt að lifa aðeins á því að vera tónlistarmaður,“ segir Georg sem selur einnig auglýsingar fyrir Viðskiptablaðið.

Georg tók á sínum tíma þátt í Morfís-ræðukeppninni fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð, keppti fimm sinnum og þjálfaði síðar ræðulið skólans í tvö ár. Óvíst er um framhaldið í þeim efnum: „Ég er búinn að vera í Morfís detoxi undanfarið.“ Hann dæmdi þó fyrstu Morfís-keppnina í vetur og var ánægður með reynsluna. „Hver veit nema maður taki aftur að sér þjálfun?“

## HVÍTABJÖRN:

### ALGERT RÁNDÝR

■ Hvítabjörninn er stærsta núlifandi rándýr sem fyrirfinnst á landi. Hann er um tvisvar sinnum þyngri en Síberíutígrar og ljón. Flest karldýrin eru um 400 til 600 kíló að þyngd, en geta náð allt að 800 kg þyngd.

Kvendýrið (sem kallað er birna) er um helmingi minna en karldýrið eða um 200 til 300 kg. Afkvæmi bjarna nefnast húnar og vega um 600 til 700 grömm við fæðingu.

Gagnstætt skógarbirni frænda sínum er ísbjörn algert rándýr. Hann lifir nær einungis á kjöti.



## SJÓNARHÓLL

### ÍSBJÖRNINN FELLDUR

## *Of fljótir að fella dýrið*



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON** Sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

„Mér fannst nú menn ganga dálítið hratt til verks,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi, um drápið á ísbirninum í Þverárhlíð í Skagafirði á þriðjudaginn. „Hins vegar voru þetta flóknar aðstæður. Það var talað um þoku og að menn væru hræddir um að týna ísbirninum í þokunni en þegar sjónvarpsmyndavélin sýndi heiðarnar sá ég ekki mikla þoku. En auðvitað vita allir að ísbirnir eru hættuleg dýr og þá þarf að umgangast af mikilli varúð. Menn myndu hlaupa upp til handa og fóta ef ísbjörninn réðist á manneskjur svo það er erfitt að taka afstöðu í svona máli. En mér fannst þeir vera býsna fljótir að drepa ísbjörninn og ég hefði kosið að menn hefðu ekki flýtt sér alveg svona mikið.
Ég er alveg viss um að ef sambærilegt mál kemur upp aftur munum við standa öðruvísi að því.“

# Reyna að bæta tennismenninguna

**Í Tennishöllinni í Kópavogi er öflug starfsemi og verður fjöldinn allur af námskeiðum í sumar, bæði fyrir börn og fullorðna. Fjölmargir þjálfarar starfa á námskeiðunum. Þeirra á meðal eru fjórir erlendir þjálfarar, sem þó eru búsettir á Íslandi, frá Svíþjóð, Marokkó, Rússlandi og Brasilíu.**

„Ég hef spilað tennis frá því ég var þriggja ára,“ segir Soumia Islama, einn þjálfaranna í Tennishöllinni. Hún er frá Marokkó en hefur búið á Íslandi undanfarin átta ár. „Ég keppti á mótum í útlöndum og var eins konar atvinnumaður. Ég kenndi líka tennis í Marokkó áður en ég kom hingað,“ segir hún. „Ég kenndi tennis í Svíþjóð en byrjaði aftur að kenna þegar ég flutti hingað fyrir fimmtán mánuðum,“ segir Yousef Sheikh frá Svíþjóð, sem einnig þjálfar í Tennishöllinni. Þau tala bæði íslensku og segja tenniskennsluna hafa hjálpað þeim við að læra. „Maður lærir af því að þufa að tala við börnin,“ segir Soumia og Yousef bætir því við að þar sem hann vinni í skóla hafi hann þurft að læra að tala við krakkana þar líka.

Yousef og Soumia eru sammála um að mikilvægt sé að læra tungumálið í því landi sem búið er í. „Eftir að ég lærði íslensku fannst mér ég taka miklu meiri þátt í öllu, og vera meiri hluti af þjóðfélaginu hér,“ segir Soumia.

Fyrir utan venjuleg námskeið í Tennishöllinni verður í sumar boðið upp á helgarnámskeið fyrir byrjendur. Innifalið í námskeiðinu er tíu tímar í tennis og hádegisverður á veitingastaðnum Nítjándu í turninum í Smáranum.

Bæði segja þau Soumia og Yousef að tennisiðkun sé öðruvísi á Íslandi en þau eigi að venjast í heimalöndum sínum. „Það er lítil tennismenning hér á landi,“ segir Soumia en bætir því við að fjöldi námskeiða og bygging Tennishallarinnar hafi verið stórt skref í rétta átt.

**thorunn@frettabladid.is**



**TENNISHÖLLIN Í KÓPAVOGI** Yousef Sheikh er einn erlendu þjálfaranna í Tennishöllinni. Að auki eru þrjár konur, Soumia Islami, Anna Podolskaia og Carola Frank Aðalbjörnsson. Þau eru öll búsett á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Hagfræðideild HÍ – Málstofa í efnahagsmálum
Föstudaginn 6. júní kl. 12:00-13:30 Háskólatorg HT 103

Lausafjárkreppan og hagstjórnarmistök

**Jón Daníelsson**, London School of Economics



Lausafjárkreppan í heiminum hefur haft meiri áhrif á efnahagslíf Íslands en annarra landa. Í fyrirlestri sínum mun Jón Daníesson fjalla um orsök, afleiðingar og hugsanlegar lausnir á þessari fjármálakreppu sem heimurinn nú glímir við. Einnig verður hugað að afleiðingum kreppunnar fyrir Ísland. Fjallað verður sérstaklega um hlutverk seðlabanka sem lánveitanda til þrautarvara; freistnivandann (moral hazard) í fjármálageiranum; hvort skynsamlegt sé að setja seðlabönkum verðbólgumarkmið; hvort skynsamlegt sé að innleiða evru; hvort æskilegt sé að taka lán til þess að efla gjaldeyrisforðann; og það hvernig seðlabankinn, ríkisvaldið og fjármálafyrirtæki geta unnið saman að lausn vandans.

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

HAGFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.hag.hi.is




**STARFIÐ VIÐURKENNT** Hulda Björk, Snæfríður og krakkarnir eru öll ánægð með viðurkenninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Krakkakot á Höfn í Hornafirði fær viðurkenningu:

# Ávextir og hreyfing

Leikskólinn Krakkakot á Höfn í Hornafirði var í síðustu viku viðurkenndur sem heilsuleikskóli. Unnur Stefánsdóttir, formaður Samtaka heilsuleikskóla, afhenti starfsfólki viðurkenningarskjal, við mikinn fögnuð krakkanna.

Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsueflingu leikskólasamfélagsins með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Snæfríður Magnúsdóttir, leikskólastjóri á Krakkakoti, segir viðurkenninguna vera mjög ánægjulega. „Við höfðum ómeðvitað stefnt að þessu og vantaði í raun lítið upp á að ná þessu. Við höfðum lagt ríka áherslu á heilsueflingu í okkar starfi,“ segir hún.

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu samkvæmt stefnunni og krakkarnir fá reglulega tíma í íþróttahúsi bæjarins. Þá er rík áhersla á hollt mataræði.

„Þá erum við bara að ræða um hollan, venjulegan heimilismat,“ segir Hulda Björk Svansdóttir leikskólakennari. „Þetta er engin öfgastefna í mataræði, en við gefum mikið af ávöxtum og notum lítið af harðri fitu. Við hættum til dæmis að vera með morgunmat og gefum ávaxtabita aðeins síðar í staðinn.“

Allir krakkarnir fá heilsubók og í hana eru upplýsingar um þroska og mataræði skráðar. **- kóp**

ENNEMM / SÍA / NM33966




BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Þú gerir betri kaup í Bónus
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Holta fersk kjúklingalæri m/legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
aðeins 398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.
298
Nautaveislu grillborgarar 4 stk m/brauði
298 kr stk. INNIHALD NAUTKJÖT+PROTEIN.
Nautaveisla
698
Nautaveislu ferskt nautahakk
aðeins 698 kr./kg.
McCain
CRESCENDO
RISING CRUST
LEVE-AU-FOUR
DELUXE
398
McCain Amerískar XL-pizzur
aðeins 398 kr./stk. 770g-904g.
HEIMILIS BRAUÐ
129
Myllu heimilisbrauð
770g 129 kr.
NÝTT Í BÓNUS
BÓNUS BÓNUS
Gleðipinnar
198
Bónus gleðipinnar 15 stk.
Gulir/grænir 198 kr kassinn.
BÓNUS BÓNUS
1798
Bónus hangiálegg
aðeins 1798 kr./kg.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT BÓNUS GRILLKJÖT
## INNAN VIÐ 1000 KR./KG.




Bónus grill grísakótilettur
**aðeins 998 kr./kg.**




Bónus grill grísahnakkasneiðar
**aðeins 998 kr./kg.**




Bónus grill grísabógsneiðar
**aðeins 998 kr./kg.**

# 25 Bónusverslanir sama verð um land allt




KS frosin lambasvið aðeins
**199 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




KS frosinn lambabógur
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 699 KR./KG.




**Pure Heaven** hreinn léttkolsýrður sumardrykkur
BLÁ VÍNBER EÐA JARÐABER/GUL VÍNBER
**750 ml. 298 kr.fl.**




KS ferskt lambafillet m/fituröند
**aðeins 2498 kr./kg.**




KS frosið læri í sneiðum
**aðeins 1198 kr./kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## Útgjöldin

> Fargjald í strætisvagn fyrir einn fullorðinn í Reykjavík.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

## *Bíllinn dó á leiðinni heim*



„Í mínu minni eru verstu kaupin mín þegar ég keypti risastóran Dodge skutbíl af Pétri Grétarssyni, slagverksleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands," segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanóleikari og stjórnandi Reykholtshátíðarinnar. „Þá var hann að klára nám í Boston og ég að hefja mitt nám. Ég keypti bílinn á fimm hundruð dollara og keyrði Pétur á flugvöllinn sama dag. Þegar hann var kominn upp í flugvél ætlaði ég að keyra heim en bíllinn dó á leiðinni og var ekki viðgerðarhæfur," segir Steinunn Birna. Hún segist jafnframt í gríni að hún hafi í raun aldrei fyrirgefið Pétri fyrr en þau byrjuðu að vinna saman í þáttunum Hvað er að heyra? sem var á Rás 1 í vetur.

„Bestu kaupin eru án efa þegar ég keypti sérvalinn Bösendorfer-flygil frá Vínarborg áður en gengisfallið var í fyrra en í dag munar litlum þremur milljónum á þessum kaupum. Ég keypti gripinn á um fimm milljónir en hann myndi kosta um það bil níu milljónir í dag. Fyrir utan hversu góð kaup þetta voru þá er þessi flygill frábært hljóðfæri og ég sé alls ekki eftir kaupunum."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BLEYTIR EKKI BURSTANN

■ *Jón Svavar Jósefsson söngvari bleytir hvorki tannburstann fyrir burstun né skolar munninn með vatni eftir á.*



„Ég tók eftir því að fólkið í tannkremsauglýsingum bleytir aldrei burstann eins og allir aðrir. Ég ákvað að prófa þessa leið og komst að því að þetta er eina vitið. Það minnkar froðuna og eykur ánægjuna við tannburstun. Margir eru viðkvæmir og kúgast þegar froðan er of mikil. Sá vandi heyrir sögunni til ef því er sleppt að bleyta." Jón Svavar kýs einnig að sleppa því að skola munninn með vatni að burstun lokinni. „Að skola býður upp á sýkla. Best er að spýta og láta þar staðar numið. Það hef ég frá kunnáttumönnum í faginu."

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN ADOLFSDÓTTIR

## Gott nesti í gönguna



Um þessar mundir eru margir að undirbúa göngur af ýmsu tagi. Auk góðs útbúnaðar og félagsskapar er nauðsynlegt að hafa gott úthald og fulla „geyma" af góðri orku.

Þegar vinsælar gönguleiðir, eins og Laugavegurinn, Hornstrandir, Strútsstígur og Lónsöræfi, eru farnar er gengið tiltölulega hægt en undir stöðugu álagi (40-60 prósentum af hámarksálagi). Við slíkar aðstæður er mest verið að brenna fitu. Þó koma tímabil, þegar brattinn er meiri, að treysta þarf á skyndiorku eða glykógen (kolvetni) úr vöðvum og lifur.

Fyrir ferðina er skynsamlegt að fylla „geymana" (vöðva og lifur) af kolvetnaríkum mat. Þar má til dæmis nefna lasagna með grófum lasagnablöðum, grænmetiskjötsósu og basilolíu eða sítrónumarínerað kúskús með grænmeti og lambakjöti.

Nestið er svo blanda af góðri fitu, kolvetnum og spennandi kryddum. Í nestispokann á því að vera:

- Nokkrir skammtar af kolvetnum eins og til dæmis pasta, núðlur, hrísgrjón, flatkökur, tortillur, naanbrauð og gróft brauð.
- Góð ólífuolía sett í litla plastflösku. Kryddjurtir, mexíkósk kryddblanda og karrí sett í litla poka.
- Kjúklingar í strimlum, léttpepperóní, skinka, túnfiskur, kavíar, kæfa og ostur
- Rautt eða grænt pestó og þurrkaðar súpujurtir.
- Múslí, þurrkaðir ávextir, hnetur og súkkulaði.

Á morgnana er gott að fá sér soðið músli með þurrkuðum ávöxtum, te og brauð. Nesti fyrir daginn getur verið flatbrauð með kæfu, samlokur með skinku, osti og pestói og brauð með osti og kavíar. Ekki má gleyma naslinu og vökvanum.

Á kvöldin þegar komið er í tjald er hugmyndaflugið notað og búnir til girnilegir réttir; karrísúpa með núðlum, kjúklingi og súpujurtum, hnetum stráð yfir. Pastaréttur með með pepperóni, súpujurtum, pestói og kryddjurtum. Fylltar tortillur með túnfiski, súpujurtum og mexíkósku kryddi, osti stráð yfir. Gott er að nota góða skvettu af ólífuolíu við matartilbúninginn.

Við álagið af göngunni tapast mikið vatn úr líkamanum og ef vökvatap verður of mikið finnum við fyrir þreytu, eymslum og jafnvel vöðvakrampa. Við getum ekki treyst þorstatilfinningunni þar sem hún bælist í kulda og við áreynslu. Nauðsynlegt er að vera alltaf með brúsa af vatni í seilingarfjarlægð (innan á sér eða í mittispoka) svo auðvelt sé að nálgast vatnið. Það getur verið ágætt að vera með orkudrykki sem innihalda 6-8 prósent kolvetni og sölt. Orkudrykki á að nota sparlega, súpa lítið í einu og einungis þegar við erum að reyna verulega mikið á okkur.

Þá er bara að muna eftir góða skapinu, drekka nóg af vökva og njóta matarins.

**www.mni.is**



# Bílaumboðin bjóða ódýrari bíla og bensín

**Sala á nýjum bílum hefur dottið niður um allt að helming og bílaumboðin keppast við að kynna góð tilboð. Þannig býður Bernhard-umboðið upp á Honda Accord Sedan með 700-800 þúsund króna afslætti og Brimborg býður upp á verðtryggingu á bensíni við kaup á nýjum bílum, svo dæmi séu nefnd.**



**BENSÍN OG BÍLAR** Neytendur geta vafalítið fundið spennandi tilboð hjá bílaumboðunum þessa dagana því að sala hefur minnkað verulega og samkeppnin er hörð. Sum umboðin bjóða gamlar gerðir af bílum með afslætti og önnur ábyrgjast bensínlítrann á 99 krónur ef nýr bíll er keyptur.

„Við erum að hreinsa til á lager og losa hann af bílum og svo erum við í og með að koma með eitthvað bjart og öðruvísi í þessu svartnættistali sem hefur verið í þjóðfélaginu," segir Geir Gunnarsson, forstjóri Bernhards, sem hefur umboð fyrir Honda bifreiðar.

Bernhard selur nú Honda Accord Sedan á um 2,7 milljónir króna en sá bíll var á 3,5 milljónir króna. Geir segir að þessi bíll sé eiginlega á sama verði og hafi verið fyrir gengissig en það komi til með að breytast í 2009 árgerðinni. Búið sé að kynna verðið á honum og því hafi umboðið farið í herferð til að koma út þeim lager sem til sé af gamla bílnum.

„Við hefðum líka getað selt hann til Evrópu, við erum með kaupendur þar en við vildum leyfa landanum að njóta þessara kjara, líka úr því að við fengum fyrirgreiðslu hjá framleiðandanum," segir Geir.

Á tilboðinu er Honda Accord Sedan á svipuðu eða jafnvel lægra verði en minni bílar, til dæmis Honda Civic.

Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, segir að á hverjum tíma séu alltaf tilboð á bílum. Tilboð Honda-umboðsins sé svipað og verðið á eldri gerðinni af Mazda 6 þegar Brimborg hafi selt síðustu bílana. Samkeppnin sé mikil enda séu níu bílaumboð að keppa á markaðnum með 30-40 vörumerki. Umboðin séu alltaf með eitthvað útspil og aldrei sé nein lognmolla.

„Menn bregðast kannski ekkert frekar við einstökum auglýsingum, það fer eftir umboðum og hvar maður er sterkastur og veikastur fyrir. Við höfum verið að auglýsa bensíntilboð þar sem við bjóðum tryggingu á bensínverði í allt að tólf mánuði, eða allt að 1.500 lítra. Ef þú kaupir nýjan bíl af Brimborg þá ábyrgjumst við að bensínlítrinn fari ekki yfir 99 krónur á þessu tímabili og erum með samning við ÓB. Þetta er partur af samkeppninni."

Miðað við að 50 lítrum af bensíni sé dælt á bílinn einu sinni í viku þá dugar tilboðið í rúmlega sjö mánuði, samkvæmt áætlunum Fréttablaðsins.

Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, segir að alltaf sé reynt að bjóða besta mögulega verðið og þjónustu en skyndilausnir komi bara niður á vörumerkjunum.

Ekki var unnt að kanna tilboð hjá öllum bílaumboðunum við vinnslu þessarar fréttar.

**ghs@frettabladid.is**


# Viltu skjól á veröndina?






**www.markisur.com og www.markisur.is**

## Veðrið verður ekkert vandamál

**Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík**

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar


■ **Verðlag**

## Flugfélag Íslands enn þá dýrast til Færeyja

**Þrátt fyrir umfjöllun fjölmiðla á vordögum um verðmun á flugi til og frá Færeyjum heldur Flugfélag Íslands áfram að bjóða viðskiptavinum sínum mun hærra verð á þjónustu sinni en færeyska flugfélagið Atlantic Airways.**



Ætli farþegi að bregða sér í heimsókn til nágrannalandsins helgina 13. til 16. júní greiðir hann 33.335 krónur með sköttum ferðist hann með Atlantic. Sé ferðin pöntuð hjá Flugfélagi Íslands sömu helgi kostar hún 54.270 krónur með sköttum - eða rúmlega tuttugu þúsund krónum meira.

■ **Verðlag**

## Enn breytist verð á farsímaþjónustu

Símtöl í farsíma eru ekki undanskilin verðhækkunum undanfarinna vikna og mánaða. Þann 1. júní síðastliðinn hækkaði Síminn gjöld símtala innan fyrirtækisins um 1-4 prósent en lækkaði þess í stað verð á símtölum til annarra símafyrirtækja um 4,6 prósent. Vodafone hækkaði hins vegar alla þætti áskriftarleiða farsímaþjónustu sinnar um 4,4 prósent.



Verðskrá Tals og Nova hélst óbreytt en mínútuverð þeirra er allt að 13 krónum og tíu aurum ódýrara en hjá Símanum og Vodafone.

Tímamælingar símafyrirtækjanna flækja málin enn frekar sökum þess hve ólíkum niðurstöðum þær skila. Samkvæmt vef Neytendasamtakanna taka Síminn og Vodafone alltaf gjald fyrir fyrstu mínútu símtals en í tíu sekúndna þrepum þar á eftir. Nova tekur fast gjald á hálfrar mínútu fresti á meðan Tal tekur alltaf gjald í 60 sekúndna þrepum, sama hve lengi er talað.

NISSAN

# VINSÆLIR JEPPLINGAR FRÁ NISSAN

Komið og kynnið ykkur sérkjör sem verða á nokkrum bílum!




VERÐ FRÁ:
**2.990.00 kr.**

## Nissan Qashqai

Þetta er einn mest seldi fjórhjóladrifni bíllinn á Íslandi. Rúmgóður bíll með öllu sem hugurinn girnist.



VERÐ FRÁ:
**3.590.00 kr.**

## Nissan X-Trail

Nissan X-trail er mitt á milli hefðbundinna jeppa og jepplinga í stærð. Hann er sem sagt stærri en hinir og þegar þú ekur honum finnst þér hann vera meiri jeppi en þú bjóst við.

ENNEMM / SÍA / NM34179




## VIÐ KOMUM TIL ÞÍN!

Við hjá Ingvari Helgasyni höldum uppteknum hætti og bjóðum upp á rjúkandi grillpylsuveislu í hádeginu, en að þessu sinni komum við til þín í vinnuna með grillið og bíla til reynsluaksturs á höfuðborgarsvæðinu. Öðruvísi og skemmtileg þjónusta fyrir þig.

PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKIÐ ÞITT
Í SÍMA 525 8000 eða tölvupóst: ihadeginu@ih.is

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.658 **-0,62%**

**Fjöldi viðskipta:** 357
**Velta:** 4.735 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FÆREYJABANKI** | 2,86% | **TEYMI** | 2,56% |
| **ATLANTIC AIRWAYS** | 1,44% | **CENTURY ALUMIN.** | 2,47% |
| **ATLANTIC PETROLE.** | 0,99% | **BAKKAVÖR** | 2,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,78 -1,02% ... Bakkavör 31,70 -2,16% ... Eimskipafélagið 20,00 -0,50% ... Exista 9,80 -1,80% ... Glitnir 17,00 -0,29% ... Icelandair Group 18,95 -0,79% ... Kaupþing 766,00 -0,52% ... Landsbankinn 24,70 -0,20% ... Marel 95,0 0,00% ... SPRON 4,63 -1,28% ... Straumur-Burðarás 10,69 -1,75% ... Teymi 3,04 -2,56% ... Össur 95,80 -1,14%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Litlu fiskarnir blindast**
Kauphöll Íslands steig inn í breytta tíma á mánudag þegar hún tók upp svokallað auðkennaleysi í hlutabréfaviðskiptum. Auðkennaleysið er vissulega framfaraskref en deila má um hvort þetta er kostur eða löstur. Þetta er augljóslega löstur í augum litlu fiskanna, fjárfesta sem kjósa að elta stóra kúnna í stað þess að leggja það á sjálfa sig að gramsa í kenntölum fyrirtækja áður en þeir skella sér út í hlutabréfaviðskiptin. Hvort sem þeim líkar það betur eða verr geta þeir beðið eftir lokatölum dagsins enda sendir Kauphöllina frá sér upplýsingarnar þegar dagur er að kveldi kominn, samkvæmt Kauphallarmönnum. Sem er klukkan hálf fjögur.



**Tíminn nýttur**
Og aftur að Kauphöllinni. Talsverðar tafir urðu á viðskiptum í OMX-kauphallarsamstæðunni á mánudag og þriðjudag þegar uppfærsla á kerfinu virkaði ekki sem skyldi. Íslenskir fjárfestar sluppu með skrekkinn á mánudag enda hrökk kerfið í gang í Skandinavíu skömmu áður en miðlarar hér brettu upp ermarnar um tíuleytið. Þriðjudagurinn var hins vegar öllu verri en þá sátu miðlarar og aðrir sem stunda hlutabréfaviðskipti í sínum prívatverum framan við tóman tölvuskjáinn á Norðurlöndunum öllum fram til klukkan hálf tólf. Ekki liggur fyrir hvað miðlarar gera sér til dundurs þegar svona árar. Fátt ætti hins vegar að mæla gegn því að þeir nýti tímann og skreppi í ræktina svona rétt á meðan kerfið liggur niðri. Þar er alltént hægt að draga andann og gleyma stöðunni á hlutabréfamörkuðum um stundarsakir.

## Raunverð olíu aldrei hærra

Raunverð á olíu í Bandaríkjunum, það er verð á hráolíu eftir að leiðrétt hefur verið fyrir vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, hefur aldrei verið hærra en í maí síðastliðnum, segir í Vegvísi Landsbankans.

Greiningargeild Landsbankans telur að helst megi rekja hækkanirnar til þriggja þátta, sambands framboðs og eftirspurnar á heimsvísu, spákaupmennsku og gengis Bandaríkjadollars. Greiningardeildin bendir á að þar sem heimsmarkaðsverð á olíu er gefið upp í Bandaríkjadollurum er verð olíu afar tengt gengi dollars. **- bþa**

# Verktakar fá lánað hjá Íbúðalánasjóði

„Talsvert af þessu er fokheldislán,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður lánaði rúmlega 4,8 milljarða króna í maí. Það mun vera meðalmánuður hjá sjóðnum, en það sem er óvenjulegt er að verktakar eru nú stór hluti þeirra sem fá lánað.

„Við höfum séð þetta áður,“ segir Guðmundur. „Þegar fasteignamarkaðurinn dettur niður og lítið er selt af íbúðum.“ Lán til verktaka hafi hins vegar farið vaxandi undanfarna mánuði og vikur, en fram hefur komið að bankar lána lítið til fasteignakaupa þessa dagana.

Íbúðalánasjóður veitir lán með veði í eignum sem náð hafa tilteknu byggingastigi. Miðað er við að hús sé fokhelt. „Fólk tekur þessi lán svo venjulega yfir,“ segir Guðmundur. **- ikh**



**ORÐIÐ VEÐHÆFT?** Verktakar hafa í vaxandi mæli sótt svonefnd fokheldislán til Íbúðalánasjóðs. Fólk sem á endanum kaupir húsnæði af verktakanum tekur lánið venjulega yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Horfur verri en í fyrra

### Hagvöxtur verður allt að 40 prósentum minni í ár en reiknað var með.

Hagvöxtur mun nema 1,8 prósent á þessu ári innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og 1,7 prósent á næsta ári. Þetta kom fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar sem kynnt var í gær. Þetta er allt að 30 prósenta minni hagvöxtur en OECD spáði í desember í fyrra.

Þau lönd þar sem fjármálafyrirtæki vega þungt verða verst úti á tímabilinu. Bretland er sérstaklega nefnt en reiknað er með stöðnun hér.

Bandarískt hagkerfi dregur meðaltalið niður. Reiknað er með að hagvöxtur vestanhafs verði 1,2 prósent á þessu ári og 1,1 prósent á því næsta. Þetta er heilum fjörutíu prósentum minna en OECD spáði fyrir rúmu hálfu ári. Þá er reiknað með að vöxturinn nemi 1,4 prósentum á evrusvæðinu í ár. Nýmarkaðir, svo sem í Kína og Indlandi, munu halda hagvexti uppi innan aðildarríkjanna.

Stofnunin segir að þótt það versta sé yfirstaðið á fjármálamörkuðum þá hafi afleiðingarnar reynst verri en í fyrstu var talið.

Ræturnar liggja í Bandaríkjunum mitt síðasta ár þegar bankar og fjármálafyrirtæki afskrifuðu háar fjárhæðir úr bókum sínum vegna vanskila á svokölluðum undirmálslánum og tengdum skuldabréfavafningum. Í ofanálag hefur hrávöru- og efnisverð hækkað mikið, ekki síst verð á hráolíu, vegna aukinnar eftirspurnar. Þessi þróun hefur þrýst verðbólgutölum víða upp, að sögn OECD sem mælist til þess að seðlabankar aðildarríkjanna haldi stýrivöxtum óbreyttum út árið til að sporna við því að verðbólga aukist frekar.

Vaxtaákvörðunardagur er á evrusvæðinu og í Bretlandi í dag. Spár hljóða upp á óbreytta vexti, samkvæmt könnun Bloomberg. **jonab@markadurinn.is**



**EVRU-STJÓRI BLÆS Á KERTIN** Efnahagshorfur innan aðildarríkja OECD eru verri nú en fyrir hálfu ári. MARKAÐURINN/AP





L200 INTENSE DCAB SJÁLFSK.
**3.490.000 kr.**
VERÐ ÁÐUR 3.860.000 KR.
AFBORGUN 35.500 KR. Á MÁN.*

PAJERO 3.2 INVITE SJÁLFSK.
**5.350.000 kr.**
VERÐ ÁÐUR 5.970.000 KR.
AFBORGUN 59.900 KR. Á MÁN.*

OUTLANDER INTENSE 5 MANNA SJÁLFSK.
**4.090.000 kr.**
VERÐ ÁÐUR 4.340.000 KR.
AFBORGUN 45.900 KR. Á MÁN.*

Fiton/SÍA

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 9,21% til 9,36% miðað við hvaða gerð af bíl er valin.



**ÞÓR SIGFÚSSON** Forstjóri Sjóvár segir að tryggingarfélög hafi bætt upp halla á vátryggingarekstri með fjárfestingarstarfsemi undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Iðgjöld standa undir kostnaði hjá Sjóvá í ár

Fátt bendir til annars en að Sjóvá nái að halda jafnvægi á milli tjónaog rekstrarkostnaðar og iðgjalda nú í ár. Þetta segir Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár í samtali við Markaðinn. Bendir hann á að tryggingarfélög hafi bætt upp halla á vátryggingarrekstri með fjárfestingarstarfsemi undanfarin ár. Órói á fjármálamörkuðum undanfarin misseri muni þó líklega breyta því.

Segir hann þetta mikla breytingu frá afkomu undanfarinna ára og nefnir sem dæmi að þegar hann tók við rekstri félagsins árið 2005 hafi þetta hlutfall það árið verið neikvætt um 21,5 prósent. Árið 2006 lækkaði það í 14,8 prósent og fór svo niður í tæp 4 prósent í fyrra.

Þór segir að jarðskjálftinn á Suðurlandi hafi engin áhrif á afkomu Sjóvár frekar en á önnur tryggingarfélög hérlendis. Viðlagatrygging Íslands bæti það tjón.

Þór nefnir að fyrirtækið hafi farið í ýmsar aðgerðir á síðustu árum til þess að skera niður rekstrarkostnað, eins og að selja og minnka við sig húsnæði, sem skýri árangur félagsins. ‚Við erum búnir að vinna meira í aðgreiningu á áhættu sem þýðir að við erum að gera betur fyrir góða viðskiptavini. Við höfum þó ekki hækkað iðgjöldin í rúmt ár,“ segir Þór.

Tjóna- og rekstrarkostnaður hefur verið minni en sem nemur iðgjöldum hjá flestum tryggingarfélögum í löndunum í kringum okkur. Þór segir að svo hafi líka verið hérlendis á árum áður. Hins vegar hafi breytingar á skaðabótalögum fyrir nokkrum árum sem og breytingar á slysabótum sjómanna haft mikið að segja í versnandi afkomu af iðgjaldastarfsemi tryggingarfélaganna hérlendis á undanförnum árum.

- as

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing
um umsóknir um úthlutun losunarheimilda
skv. lögum um losun gróðurhúsalofttegunda
nr. 65/2007.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda, sem skipuð er af umhverfisráðherra, auglýsir hér með að áætlun um úthlutun losunarheimilda, sem gefin var út í september 2007, verði endurskoðuð fyrir 30. september 2008, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Auglýst er eftir umsóknum frá atvinnurekstri sem þegar er starfandi og áætlar að auka framleiðslu. Jafnframt er auglýst eftir umsóknum frá atvinnurekstri sem ekki er hafinn. Áætlun um úthlutun losunarheimilda frá 27. september 2007 tók til starfandi fyrirtækja á þeim tíma vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda skal atvinnurekstur sem fellur undir 7. gr. laganna sækja um úthlutun á losunarheimildum til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 9 mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi hefst.

Umsókn skal uppfylla kröfur 8. gr. laga um losun gróðurhúsaloftegunda og skal m.a. staða undirbúnings viðkomandi atvinnurekstrar koma fram með skýrum hætti. Í þessu felst að gera skal grein fyrir hvort aflað hafa verið leyfa fyrir atvinnurekstrinum og þá hvaða leyfa hafi verið aflað og sem afla þarf lögum samkvæmt, eða þeim áföngum sem náðst hafa í öflun þeirra, öflun orku fyrir reksturinn og öðrum þáttum sem skýrt geta stöðu undirbúningsins.

Í umsókninni skal tekið fram hvort sótt er um almennar heimildir eða heimildir skv. ákvörðun 14/CP.7 við Kyoto bókunina. Ef sótt er um losunarheimildir skv. ákvörðun 14/CP.7 þarf að koma fram hvernig starfsemin uppfyllir skilyrði hennar, einkum um notkun endurnýjanlegrar orku og bestu fáanlegrar tækni vegna atvinnurekstursins.

Þeir sem sendu umsóknir til nefndarinnar á árinu 2007 og fengu ekki úthlutað losunarheimildum geta sent inn viðbótarupplýsingar án þess að greiða umsóknargjald, enda sé ekki um breytingu á magni sem sótt er um eða staðsetningu atvinnurekstursins.

Umsóknum og viðbótarupplýsingum skal skilað til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, eigi síðar en 1. júlí 2008 og er umsóknargjald kr. 250.000.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda
3. júní 2008

512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið




**Finndu kraftinn í fjórhjóladrifnum jeppa frá Mitsubishi!**

Viltu fjórhjóladrifinn bíl til að komast á toppinn og njóta lífsins? Þá skaltu kynna þér jeppana frá Mitsubishi sem hafa staðist prófið og sigrað í hinum erfiða Dakar kappakstri ár eftir ár. Mitsubishi reynist alltaf vel, hvort sem það er öruggi pallbíllinn L200, skemmtilegi sportjeppinn Outlander eða konungur jeppanna, Mitsubishi Pajero. Við bjóðum hagstæða fjármögnun í erlendri mynt og eigum bíla til afgreiðslu strax. Komdu og prófaðu fjórhjóladrifna bíla á frábæru verði.

MITSUBISHI MOTORS

**Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt HEKLA



**Malarhrífa**
12 tinda.
5084303
**1.199**



**Malarskófla**
5082502
**699**
~~1.399~~
**50%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR
**Stungugaffall**
5084133
**1.499**
~~2.995~~



**Kantskeri**, Lysbro
5084402
**2.995**
~~3.499~~



**Laufhrífa**
5084344
**50%** AFSLÁTTUR
**499**
~~995~~

# BESTA VERÐIÐ
## Í HÚSASMIÐJUNNI



**14.995**

**Rafmagnssláttuvél, B&D**
1200W, 34 sm sláttubreidd, 35 ltr. grassafnari, 5 hæðarstillingar.
5085134



**25.990**

**Sláttuvél, Mega**
4 Hp, 50 sm sláttubreidd, 50 ltr safnari, miðstýrð hæðarstilling.
5085239



**Tvígengisorf**
verð frá **14.995**

**18.999**

**Orf, Texas**
Tvígengismótor, 30CC , 40 sm sláttubreidd, 4 tanna blað fylgir.
5085598



**Ódýrast**
**12.900**
*í Húsasmiðjunni*

**Omega 200**
6.2 Kw, grillflötur 50x36cm, tvískiptur brennari
3000235



**Trooper**
7.87Kw, grillflötur 48x40 sm, tveir ryðfríir brennarar
3000236
**28.790**
~~31.990~~



**Hunter Classic**
11,8 Kw, grillflötur 60x40 sm, þrír ryðfríir brennarar
3000237
**34.990**
~~38.990~~

**Gildir 5. - 9. júní**



# Pallaefni

Gagnvarin fura

Fura heflluð og fúavarin.
28 x 95, lengdir 0,9 - 4,5 metrar.
Nr. 628601

**179 kr/lm**

Gildir 5. - 9. júní

## Frábært verð

### Hálfgegnsæ viðarvörn

Olíubundið, hálfgegnsætt, matt viðarvarnarefni á bæði heflaðan og óheflaðan við utanhúss svo sem klæðningar, glugga, girðingar o.fl. Vatnsþynnanlegt og fljótt að þorna. Ekki ætlað á lárétta fleti.

Gori 44+
0,75 ltr.
7042500-510
**1.299** ~~1.599~~

Gori 44+
5 ltr.
7042520-530
**6.699** ~~7.995~~



## Pallaolía

**Jotun Treolje**, olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu - g grámamyndun
7049123-37
**1.799** ~~2.629~~



My Bonnie
12"-16"

## Frábært verð



3899962-3

12" **10.990** ~~14.690~~

16" **12.990** ~~16.690~~

3899960-1

Bob the builder
12"-16"

## Hjólahjálmar

fullorðins
5872037-57
**3.199** ~~3.999~~

barna
5872062-7
**1.599** ~~1.999~~

Gildir 5. - 9. júní



20% AFSLÁTTUR

## Útimálning

Utanhússmálning á steinsteypta fleti, alkalíþolin með gott veðrunarþol, gljástig 5



3 ltr
7207020-6
**2.799** ~~3.395~~

10 ltr
7207040
**5.490** ~~8.995~~

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabær u-beygja í skattlagningu nýrra bíla.

# Bílasóðarnir eiga að borga meira

JÓN KALDAL SKRIFAR

Tillögur um stighækkandi skatt á bíla eftir því hvað þeir menga mikið eru afbragð. Nú þarf að koma þeim í gagnið eins hratt og mögulegt er.

Samsetning íslenska bílaflotans er þjóðinni til skammar. Meðaltalslosun koltvísýrings á hvern skráðan bíl er langmest hér á landi af öllum þeim 30 löndum sem mynda Evrópska efnahagssvæðið. Þennan fróðleik er að finna í nýrri skýrslu starfshóps fjármálaráðherra, sem hafði það hlutverk að leggja fram heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Á mannamáli þýðir þetta að íslenski bílaflotinn er einn sá mest mengandi í gjörvallri álfunni.

*„Nú gæti einhverjum dottið í hug að kalla það forsjárhyggju að leiða í lög skattlagningu sem umbunar þeim sem kaupa eyðslugrannan bíl en refsar hinum sem vilja aka um á meira mengandi bílum.“*

Í skýrslunni kemur líka fram að þessi staða þýðir að nánast engin von er um að ná settum markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Á sama tíma og mengun frá bílaumferð hefur farið minnkandi víðast í Evrópu hefur þróunin verið í hina áttina hér. Ástæðan er augljós hverjum þeim sem er í umferðinni. Öxulþungi flotans hefur farið sívaxandi. Jeppum og stórum pallbílum hefur snarfjölgað og það eru ekki neyslugrönn farartæki. Innstæðan fyrir kvörtunum um hátt eldsneytisverð undanfarin ár er sem sagt ekki meiri en svo að risajeppi á borð við Toyota Landcruiser er jafnan með mest seldu bílum landsins. Nú síðast í janúar seldust til dæmis yfir 200 ný stykki af þeirri gerð á einu bretti.

Þessi þróun er bein afleiðing af meðvitundarlítilli stefnu stjórnvalda í umhverfismálum um árabil. Lítið sem ekkert hefur verið gert til þess að stýra bílakaupum þjóðarinnar með það fyrir augum að draga úr mengun. Þvert á móti. Pallbílar í yfirstærð komu til dæmis eins og holskefla inn á markaðinn fyrir fáeinum árum vegna glufu í vörugjaldakerfinu.

Nú gæti einhverjum dottið í hug að kalla það forsjárhyggju að leiða í lög skattlagningu sem umbunar þeim sem kaupa eyðslugrannan bíl en refsar hinum sem vilja aka um á meira mengandi bílum. Jafnvel að slíkir skattar væru skerðing á frelsi þeirra sem vilja eiga eyðslufreka bíla. Slíkar takmarkanir eru hins vegar fyllilega réttmætar því með þeim er verið að gæta hagsmuna þeirra sem kjósa að eiga ekki slíka mengunarvalda. Mengun er alvarleg skerðing á lífsgæðum.

Þeir sem eru gripnir við að henda rusli á víðavangi eru sektaðir fyrir sóðaskapinn. Háir skattar á bílasóða eru af sama stofni. Þeir eru á vissan hátt eins og fyrirfram greiddar sektir fyrir virðingarleysi við andrúmslofti okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Rauði þráðurinn

- Samfylkingin í beinni



Útvarp Saga fm 99,4 í dag kl. 17-18.

Aðalgestur þáttarins: Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Alþingismaður og formaður samgöngunefndar Alþingis

Hlustendur geta hringt inn fyrirspurnir í síma 588 1994

Umsjónarmenn:
Oddný Sturludóttir og Dofri Hermannsson

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vildi en gat ekki

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra þvær hendur sínar af blóði hvítabjörnsins sem felldur var í Skagafirði á þriðjudag. Umhverfisráðuneytið sendi lögreglu þau skilaboð að hún yrði að meta hvað best væri að gera út frá öryggissjónarmiðum. Í kjölfarið var dýrið skotið. Ráðuneytið áréttar hins vegar að það væri ekki í verkahring umhverfisráðherra að veita heimild til að fella bjarndýr á vergangi. Þórunn kveðst aftur á móti áhugasöm um að búa til aðgerðaáætlun til að bregðast við tilfellum sem þessu, því best hefði verið að ná dýrinu lifandi og koma því aftur til sinna heimkynna. Næsti ísbjörn fær því væntanlega hlýlegri móttökur.



### Þetta er allt að koma

Enn og aftur gerist það að hendur Þórunnar eru bundnar þegar hún vill fara eftir samvisku sinni. Þegar Landvernd óskaði eftir heildstæðu mati á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík, kvaðst Þórunn gjarnan vilja geta orðið við því en skorti því miður heimildir til þess. Hún skyldi hins vegar sjá til þess að sama staða kæmi ekki upp aftur næst þegar reisa ætti álver. Kjörorð umhverfisráðuneytisins gætu verið: Gengur bara betur næst.



### Breyttar forsendur

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ritaði grein í Fréttablaðið á þriðjudag til stuðnings hvalveiðum. Vísaði hann í „vel rökstudda ráðgjöf“ Hafró um að óhætt væri að veiða hér 400 dýr af um 44 þúsund dýra stofni. Talningin sem Jón vísar í er frá 2001. Í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar, sem birt var í gær, kemur hins vegar fram að í nýrri talningu hafi fundist mun færri hrefnur en 2001; lægra stofnstærðarmat er ekki nema um tíu þúsund dýr og telur stofnunin veiðiþolið nú vera um 107 dýr. Það er fjórðungur af því sem áður var. Forsendurnar sem Jón gaf sér í fyrradag eru því gjörbreyttar.

bergsteinn@frettabladid.is

# Svanasöngur í móa



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Hlerunarmálin

Síðasta Reykjavíkurbréf Styrmis Gunnarssonar, fráfarandi ritstjóra Morgunblaðsins, fjallar um símahleranir Sjálfstæðisflokksins 1949-68 og viðbrögð fórnarlamba hlerananna. Bréfið veitir svo tæra innsýn í hugarheim ákveðins hóps sjálfstæðismanna, að mér þykir fara vel á að endurbirta hér vænan kafla bréfsins. Tilefni bréfsins er birting Kjartans Ólafssonar, fyrrum alþingismanns og ritstjóra Þjóðviljans, á lista yfir 32 heimili, þar sem síminn var hleraður, bersýnilega af innanlandspólitískum ástæðum og yfirleitt án skriflegs rökstuðnings eða skírskotunar í lög.

**Reykjavíkurbréfið**

„Nú vill Kjartan Ólafsson að hann og aðrir verði beðnir afsökunar á símahlerunum þessara ára. Gott og vel. En það vill svo til að það er annað fólk í þessu landi, sem vill fá skýr og ótvíræð svör við öðrum spurningum. Það hafa komið fram traustar upplýsingar um tengsl sósíalista við Sovétríkin, Austur-Þýzkaland og önnur ríki í Austur-Evrópu. En það mál hefur aldrei verið hreinsað upp, hvorki að því er varðar pólitísk samskipti né fjárhagsleg samskipti. Í Staksteinum Morgunblaðsins birtust t. d. athyglisverðar upplýsingar á Viðreisnaráratugnum um prentvélakaup Þjóðviljans, svo að dæmi sé nefnt. Úr því að Kjartan Ólafsson vill fá afsökunarbeiðni vegna símahlerana eigum við þá ekki öll, stríðsmenn kalda stríðsins, að taka höndum saman og óska eftir því að öll gögn verði lögð á borðið? Að íslenzk stjórnvöld sendi unga sagnfræðinga í skjalasöfn í Moskvu og Berlín, í London og Washington og víðar og að það verði gefin út hvítbók um allt það, sem hægt er að sýna fram á með skjallegum heimildum að gerðist á dögum kalda stríðsins? Það eru ekki margir Íslendingar lifandi, sem þekkja þessa sögu vel. Einn þeirra, sem þekktu hana frá sjónarhóli vinstri manna, var Ingi R. Helgason lögfræðingur, sem var áratugum saman í innsta kjarna Sósíalistaflokksins, alveg eins og Kjartan Ólafsson. Síðustu árin, sem Ingi lifði, fóru fram nokkur vináttusamleg samtöl á milli hans og ritstjóra Morgunblaðsins, þar sem Ingi var hvattur til að segja söguna alla. Þau samtöl komust það langt að Ingi sagði að tæki hann slíka ákvörðun mundi hann segja þá sögu hér á síðum Morgunblaðsins. Úr því varð ekki því miður. Er Kjartan Ólafsson tilbúinn til þess? Er hann reiðubúinn til að segja þá sögu, sem hann þekkir, hvort sem er hér á síðum Morgunblaðsins eða annars staðar? Það væri þá kannski hægt að sjá til þess að sambærilegt framlag kæmi úr hinum herbúðunum! Það hefur litla þýðingu að taka eitt mál út úr eins og símahleranir. ... Það er svo önnur saga, sem bregður upp sérstakri mynd af mannlífinu, að margir þeirra, sem áratugum saman stóðu í harðri baráttu þegar kalda stríðið geisaði, eru pólitískir samherjar í dag í einu stærsta máli framtíðarinnar, Evrópusambandsmálinu. Það er ekki fráleitt að ætla, að þeir sem nú deila um símahleranir og önnur mál þeim tengd eigi eftir að ganga saman í einni fylkingu gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Og hver veit nema Kjartan Ólafsson og höfundur þessa Reykjavíkurbréfs haldist þá í hendur!“

**Kaup kaups?**

Hvað er Morgunblaðsritstjórinn að segja? Hann er í reyndinni að segja þetta: Við brutum af okkur, gott og vel, og við skulum játa það á okkur gegn því, að þið sviptið þá einnig hulunni af ykkar afbrotum, og síðan göngum við saman syngjandi inn í sólarlagið í sameiginlegri baráttu gegn inngöngu Íslands í ESB.

Tilboðið er óþarft, þar eð játning ritstjórans liggur fyrir. Reykjavíkurbréfið tekur af tvímæli um hana. Samskipti sósíalista við sovétvaldið voru að margra dómi brotleg (gegn gjaldeyrislögum o.fl.), eins og ritstjóri Morgunblaðsins veit manna bezt, þótt fyrirvöld kysu að leiða málið hjá sér líkt og ýmis önnur meint afbrotamál með stjórnmálaívafi. Ritstjórinn þekkir einnig úr návígi skaðann, sem óviðkomandi aðgangur að tölvupósti og öðrum trúnaðarupplýsingum getur valdið einstaklingum. Með því að leggja símahleranir Sjálfstæðisflokksins að jöfnu við meint brot sósíalistanna hefur ritstjórinn í rauninni játað.

Málinu er ekki lokið. Fólkið í landinu þarf einnig að fá að vita um meintar símahleranir eftir 1968, enda liggja fyrir vitnisburðir um hleranir eftir 1992. Árni Páll Árnason, nú alþingismaður, óskaði formlega eftir heimild utanríkisráðherra 2006 til að greina lögreglunni frá vitneskju sinni um málið. Utanríkisráðherra Framsóknarflokksins synjaði honum leyfisins. Vel færi á því, að Árni Páll Árnason ítrekaði ósk sína til nýs utanríkisráðherra um að mega greina til fulls frá vitneskju sinni eða grun um símahleranir á þeim tíma, þegar Jón Baldvin Hannibalsson var utanríkisráðherra og Árni Páll starfaði í utanríkisráðuneytinu 1992-95. Réttar upplýsingar um ítrekuð brot Sjálfstæðisflokksins gegn lögvarinni friðhelgi einkalífs andstæðinga flokksins eiga ekki að vera verzlunarvara.

# Miðborg í þágu framtíðar

**UMRÆÐAN**

Svandís Svavarsdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson skrifa um miðborgina



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Formaður umhverfis- og samgönguráðs, Gísli Marteinn Baldursson, hefur farið fyrir þeirri skoðun að rétt sé að grafa Geirsgötuna undir jörðina þannig að gangandi umferð komist óhindruð frá Lækjartorgi yfir í Tónlistar- og ráðstefnuhús. Fulltrúar Vinstri grænna hafa miklar efasemdir um að þetta sé rétt leið og að það feli í sér góða lausn fyrir miðborgarumferðina að leggja stokk frá gamla útvarpshúsinu að Tollhúsinu þannig að um 60 metra rampar skeri miðborgina í sundur hvorum megin.

Í lifandi og mannvænlegum miðborgum eru ekki rampar og stokkar í þágu einkabílsins heldur öll umferð á sama plani, strætó, hjól, gangandi og akandi, á jafnréttisgrundvelli. Bílaumferðin er hæg borgarumferð sem er stýrt með gönguljósum og öðrum aðferðum. Rampar í miðborg eru barn síns tíma og mikið óráð. Það er liðin tíð að einkabíllinn eigi rétt á því að fara alls staðar óhindrað um, hratt og ávallt á kostnað annarra ferðamáta.

Svokallaður Geirsgötustokkur er afar dýr leið og mun kosta Reykvíkinga milljarða sem vel væri hægt að nýta með öðrum hætti í þágu umferðarskipulags framtíðar. Það er lífsspursmál fyrir borgina að styrkja og efla möguleika annarra samgöngumáta en einkabílsins. Það verður ekki gert öðruvísi en með því að breyta forgangsröðun og hverfa frá lausnum fortíðar sem rista lífæðar í sundur.

Danski arkítektinn Jan Gehl er sá hugsuður sem er á bakvið gerð Striksins í Kaupmannahöfn. Hans hugmyndafræði í borgarskipulagi er þannig að fyrst beri að hugsa um lífið í borginni eða á tilteknu svæði, þá um rýmið á viðkomandi svæði og loks um mannvirkin og byggingarnar. Algengara er að forgangsröða þannig að mannvirkin komi fyrst og síðan er farið að hugsa fyrir lífinu sem skapast á milli húsanna og við umferðarmannvirkin eða að lífið milli húsanna verði tilviljunum háð og jafnvel líði fyrir stórar byggingar og klossuð umferðarmannvirki.

Stokkur undir Geirsgötu er dæmi um mannvirki sem snýst aðeins um einkabílinn en ekki um lífið í miðborginni. Rampi sem sker Kvosina í sundur er ekki ásættanlegur fyrir umhverfisvæna miðborg til framtíðar.

*Höfundar eru borgarfulltrúar Vinstri grænna.*







# Sérhannað múreinangrunarkerfi

***Hönnuðir, leitið nánari upplýsinga***




## maxit SERPO 261

**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plast-einangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er ein-staklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

ETA SAMÞYKKT

SITAC Prófað af SITAC

***Reykjavík**, Klettháls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes**, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14*
***Akureyri**, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

# Hvers vegna ríkir friður um Vatnajökulsþjóðgarð?

UMRÆÐAN

Sverrir Sv. Sigurðarson skrifar um Vatnajökulsþjóðgarð



SVERRIR SV. SIGURÐARSON

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar eiga það til að standa í deilum um margvíslegustu málefni. Það verður nánast að teljast merkilegt ef mjög stórt mál er tekið til framkvæmdar án þess að teljandi ágreiningur verði um. Hér er átt við Vatnajökulsþjóðgarð sem á dögunum var stofnaður eftir nokkurra ára undirbúningstíma.

Garðurinn verður nálega 15.000 ferkílómetrar að stærð og mun kosta rúman milljarð að byggja upp samkvæmt áætlunum, og má telja athyglisvert hve mikil sátt hefur ríkt um þjóðgarðinn. Álitamál vegna þjóðlendna eru á landsvísu og eru ekki sprottin upp af þjóðgarðinum sem slíkum. Hvað veldur þessum friði? Allar nýjungar fara gegnum fjögur stig. Hugmynd af þessu tagi verður að koma einhvers staðar frá, og á fyrsta stigi er grunn tillaga að lausn mótuð og röksemdir settar fram út frá gögnum sem safnað hefur verið. Svo er pólitískt mat og samþykkt, þar á eftir undirbúningur og gangsetning, og loks daglegur rekstur.

Í tilviki Vatnajökulsþjóðgarðs tók fyrsta stigið 4-6 ár, annað stig 1,5 ár, þriðja stigið 7,5 ár, en átti að taka mun skemmri tíma samkvæmt vilja stjórnmálamanna, og nú er fjórða stigið tekið við og er að sjálfsögðu ótímabundið. Á fyrsta stiginu kann að vera að finna ástæðu þess að lítið hefur farið fyrir neikvæðri gagnrýni. Grunntillögur að friðun Vatnajökuls og nágrennis í eitt stórt svæði eða þjóðgarð voru víðtækar og ítarlega rökstuddar, og þær voru ekki aðeins náttúruverndarhugmyndir heldur kom tvennt til sem var nýstárlegt. Þær voru einnig ítarlega rökstudd efnahagsleg strategía til að styrkja ímynd landsins og atvinnulíf, og tilraun til að setja fram tillögur sem gætu orðið grunnur að millivegi og sátt milli aðila sem sumir höfðu deilt hatrammlega lengi. Þar af leiðir að tillögurnar gátu ekki uppfyllt fullkomlega drauma eins aðila, t.d. náttúruverndarsinna, enda aðilarnir afar ólíkir.

Á þessu árabili sem fyrstu frumtillögur voru mótaðar og settar fram var fjallað skipulega um flesta þá aðila sem beint eða óbeint gætu haft eitthvað af slíku fyrirbæri að segja, og reynt að sýna fram á að aðstæður viðkomandi yrðu ögn betri, en ekki verri, ef slíku friðlýstu svæði væri komið á. Þessir hópar voru ferðaþjónustan, bændur, landbúnaður, sveitarfélög, almannavarnir, björgunarsveitir, jeppamenn, matvælaiðnaður, fata- og listiðnaður, og auðvitað virkjana- og stóriðjugeirinn. Ef tillaga af þessu tagi hefði komið fram undir merkjum tiltekins stjórnmálaflokks eða hagsmunahóps er eins víst að „andstæðingur“ viðkomandi hefði séð meiri tormerki á málinu. Sá aðili sem vann í þessu var hins vegar algerlega hlutlaus. Er þetta ástæða þess að hinn risastóri þjóðgarður hefur farið gegnum stig tvö og þrjú án þess að deilur hafi risið? Í þessari frumvinnu má segja að deilurnar hafi verið hannaðar út úr hugmyndinni fyrirfram, og því minni líkur á að menn færu að agnúast út í þennan valkost.

Þetta tryggir ekki að allir hafi verið sáttir við slíkar tillögur og að það hafi verið hættulaust að setja slíkar fram, en þessi nánast algeri skortur á deilum um þjóðgarðinn bendir til að sæmilega hafi til tekist að setja fram tillögu sem gæti sameinað þjóðina fremur en sundrað henni. Þjóðgarðurinn mun leysa úr læðingi sköpunarkraft fólksins og ómögulegt að segja hvaða áhugaverðu hugmyndir eiga eftir að koma fram um hvernig megi nýta hann fyrir ferðaþjónustu og hugsanlega fyrir aðra geira atvinnulífs. Frekari upplýsingar má finna á vefnum www.sverrir.info.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Sterkari Framsókn með ungt fólk í forystu

UMRÆÐAN

Bryndís Gunnlaugsdóttir skrifar um sambandsþing SUF



BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR

Næstu helgi heldur Samband ungra framsóknarmanna sambandsþing og verður þetta einnig 70 ára afmælisþing SUF þar sem kosin verður ný forusta.

Ég býð mig fram sem formann SUF. Ástæðan fyrir því er sú að ég trúi á gildi Framsóknarflokksins. Ég veit að í Framsókn er gott fólk sem er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu til að byggja upp Framsóknarflokkinn. Sú uppbygging þarf að eiga sér stað á jákvæðum nótum þar sem samvinna, góður félagsskapur, traust og metnaður ríkir. Við eigum að hafa grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins í huga um að setja manninn og velferð hans í öndvegi.

Verði ég kosin formaður SUF þá mun mitt fyrsta verk vera að efla starf FUF-félaganna. Heimsækja öll FUF-félög sem eru starfandi og hvetja þau áfram í starfi sínu ásamt því að hitta alla formenn framsóknarfélaga og minna þá á að flokkinn þarf stöðugt á ungu og nýju fólki að halda. FUF-félögin þurfa að vinna meira saman, hittast oftar og styðja hvert annað í starfi sínu. Saman erum við mun sterkari en hvert og eitt. Sem hluti af samstarfsvettvangi SUF og félaga ungra framsóknarmanna þá vil ég að öll félög ungra framsóknarmanna eignist sína síðu innan SUF-heimasíðunnar svo til verð ein góð heimasíða þar sem hægt er að nálgast greinargóðar upplýsingar um störf ungra framsóknarmanna úti um allt land.

Formaður SUF gegnir því starfi í tvö ár. Verði ég formaður SUF þá mun ég leggja allan minn kraft og tíma í að byggja upp sterkari ungliðahreyfingu innan Framsóknar. Að tveimur árum liðnum vil ég sjá sterk félög ungra framsóknarmanna um land allt, sterka unga einstaklinga í baráttusætum í bæjarstjórnarkosningum og ungt fólk tilbúið til að taka baráttusæti í alþingiskosningum. Ég vil sjá vel mótaða baráttustefnu ungs fólks innan Framsóknar sem mynduð hefur verið á málefnalegan hátt með ungu fólki alls staðar af landinu. Nú er tími fyrir unga fólkið til að láta í sér heyra innan Framsóknar. Ég hef sett upp tveggja ára aðgerðaráætlun sem felur í sér uppbygginguna, nýliðun og endurnýjun innan Framsóknar. Áætlun sem felur í sér sterkari Framsókn að tveimur árum liðnum.

Saman getum við leitt Framsókn inn í nýja tíma. Saman getum við náð árangri.

*Höfundur er lögfræðingur og frambjóðandi til formanns Sambands ungra framsóknarmanna.*






# Kaupum leiguíbúðir

UMRÆÐAN

Lúðvík Gizurarson skrifar um fasteignamarkaðinn



LÚÐVÍK GIZURARSON

Núna er fasteignasala frosin og stopp, þar sem bankarnir geta ekki lánað meira til íbúðakaupa. Fá ekki lán erlendis nema með okurkjörum. Ekki hefur bólað á lausn frá stjórnvöldum nema sú tillaga að rétt sé að fjölga leiguíbúðum. Undir þá tillögu er tekið hér.

Ef einhver trúir því að verðbólga minnki með því að stoppa kaup og sölu íbúða þá veður sá hinn sami í mikilli villu. Lánastopp bankanna mun aðeins leiða hreina fjárhagslaga skelfingu og kreppu yfir þjóðfélagið og gera bæði einstaklinga og byggingarfélög gjaldþrota í stórum stíl. Vilja menn það. Bankarnir munu skjálfa.

Greinarhöfundur hefur áratuga reynslu af vinnu við fasteignasölu sem lögmaður og fasteignasali. Hann man vel þegar bankarnir hættu í bili að lána til fasteignakaupa út af deilu um orsakir verðbólgu við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen. Þetta var um haust og ástandið varð verra og verra til jóla. Fólk var alveg að tapa sér meira og meira. Það skal tekið fram að verðbólgan lækkaði ekkert og íbúðir ekki heldur. Svona rugl að spá lækkun íbúðaverðs fram í tímann eins og Seðlabanki og Glitnir gera í dag datt engum heilvita manni þá í hug. Svo létu bankarnir undan enda fólk að tapa sér á biðstofum þeirra. Fólki var sagt að fasteignalán kæmu eftir áramót eða fyrstu daga í janúar á næsta ári. Þá kom slíkt flóð af nýjum lánum og skuldabréfum frá bönkunum til fógeta að bunki bréfa til þinglýsingar var daglega 10 cm þykkur. Svo lagaðist þetta fljótt.

Um leið og lánsfé bankanna kom inn á fasteignamarkaðinn aftur fór hann að virka með eðlilegum hætti og óseldar íbúðir runnu út. Peningarnir frá bönkunum fóru úr einni íbúð í þá næstu. Einn selur íbúð og kaupir aðra með sömu seðlum og þannig geta stundum 3-5 íbúðir selst í keðju án nýrra peninga. Selja þarf þá fyrstu o.s.frv. Allt gekk upp og skapaði enga verðbólgu. Að kenna verði íbúða um verðbólguna er vitleysa. Málið er miklu margþættara og flóknara. Allir þurfa þak yfir höfuðið. Virða ber það. Nú er ástandið þannig að bankarnir geta líklega ekki leyst vandamál fasteignasölunnar, þótt þeir vildu. Þeir hafa ekki laust fjármagn og lokað hefur verið á þá erlendis með því að heimta af þeim upp í 3-4 falda vexti ef erlend lán eiga að fást. Það eru lokaðar dyr. Við fáum ekki meiri peninga. Erum heldur hafnir að borga upp fyrri eldri skuldir erlendis. Bankarnir eru í lánaklemmu.

Tillögur greinarhöfundar eru m.a. þær, að lífeyrissjóðurinn komi inn á fasteignamarkaðinn og kaupi íbúðir sem seljast ekki í dag og standa jafnvel tómar og auðar. Leigi þær svo út. Ef þetta yrði gert myndu lífeyrissjóðirnir væntanlega stofna hlutafélag „Leiguíbúðir lífeyrissjóðanna ehf.“ svo dæmi sé tekið.

Með lífeyrissjóðina á bak við sig þarf svona leiguíbúðafélag miklu minna reiðufé en margur heldur. Kunnáttu þarf. Væntanlega hefðu meðlimir lífeyrissjóðanna forleigurétt að þessum íbúðum. Það væri mörgum kjarabót, þar sem lífeyrir fer mikið í skatta og er oft naumur.

Bara byrja. Kaupa svona 100 lausar íbúðir strax. Leigja þær út. Sjá hvernig gengur með þær og framhaldið. Þetta er hluti af lausn á stórum vanda.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

SUMAR-TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi

• til afgreiðslu af lager



**CT-95** 95x50 sm
Hvítt háglans
Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur
**67.900,-** stgr.



**CT-85** 85x50 sm **56.900,-** stgr.
Hvítt háglans Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur



**WLU 125** 45x30 sm
Hvítt háglans **28.900,-** stgr.
Speglaskápur, handlaug og skápur



**59.900,-** stgr.
**CM-6001** 60x46 sm
Hvítt háglans Spegill, handlaug og skápur



**WLU 126** 45x30 sm
Hvítt háglans **28.900,-** stgr.
Speglaskápur, handlaug og skápur



**CT-55** 55x43 sm
Hvítt háglans **44.900,-** stgr.
Spegill, ljósakappi, handlaug og skápur

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Metverðbólga í 18 ár

**UMRÆÐAN**
Björgvin Guðmundsson skrifar um verðbólgu


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Verðbólgan er nú orðin 11,8%. Það er óhugglegt. Gengislækkun krónunnar veldur hér mestu en ljóst er, að sumir kaupmenn og verslunareigendur hafa farið óvarlega í verðhækkunum. Ég fór út í verslun og keypti steiktan kjúkling. Hann hafði hækkað um 30%! Það er of mikil hækkun enda þótt framleiðslukostnaður hafi hækkað m.a. vegna hækkunar á fóðri. Menn verða að fara varlega í hækkanir.

Seðlabankinn hækkaði fyrir skömmu stýrivexti í 15,5%. Þeir voru þá hækkaðir um 1/2 prósentustig og var þetta 21. stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Frá því að þessi síðasta vaxtahækkun Seðlabankans tók gildi hélt gengi krónunnar í fyrstu áfram að lækka en hefur síðan styrkst nokkuð. En það var einn helsti tilgangur vaxtahækkunarinnar að styrkja krónuna og lækka verðlag á þann hátt. Seðlabankinn hefur sl. 7 ár stanslaust hækkað stýrivexti í þeim tilgangi að lækka verðbólguna. En verðbólgan hefur á þessu tímabili aukist en ekki minnkað. Aðgerðir Seðlabankans hafa algerlega mistekist. Þorvaldur Gylfason prófessor telur að Seðlabankinn hafi brugðist við alltof seint. Hann hafi byrjað of seint að hækka stýrivexti og í of litlum skrefum til að byrja með. Í dag er alveg ljóst að vaxtahækkun Seðlabankans hefur engin áhrif. Verðbólgan heldur áfram að aukast þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans. Peningamálastefna Seðlabankans hefur brugðist. Tveir kennarar við háskólann telja að skipta verði um áhöfn í Seðlabankanum. Það eru þeir Þorvaldur Gylfason prófessor og Gylfi Magnússon dósent sem setja þessa skoðun fram og undir hana tekur Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra.

Miklar umræður eiga sér nú stað um efnahagsmálin á Íslandi. Verðbólgan æðir áfram og er nú komin í tveggja stafa tölu. Því er jafnvel spáð að hún gæti farið í 15%. Viðskiptahallinn er mjög mikill og bankarnir eiga í erfiðleikum með að útvega sér lánsfé erlendis vegna hás skuldatryggingarálags. Allir íslensku viðskiptabankarnir hafa skuldsett sig óeðlilega mikið. Þeir hafa farið óvarlega í lántökum erlendis og eiga nú í erfiðleikum með endurfjármögnun. Ef þeir geta ekki endurfjármagnað sig á þokkalegum kjörum eru þeir í vondum málum.

Ríkisstjórnin hefur sagt að hún standi við bakið á bönkunum á sama hátt og ríkisstjórnir erlendis geri gagnvart sínum bönkum. Ég tel ekki koma til greina að ríkissjóður eða Seðlabanki leggi framlög (styrki) til bankanna. Þeir hafa grætt mikið undanfarin ár og hafa hirt gróðann sjálfir. Þeir verða sjálfir að koma sér út úr þeim vandræðum,sem þeir hafa komið sér í. Ef undirstöður bankanna fara að bila kæmi til greina að þjóðnýta bankana, eins og Þorvaldur Gylfason hefur lagt til, og að selja þá síðan á ný til aðila sem kunna að reka banka.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Sjálfsmynd Íslendinga

**UMRÆÐAN**
Teitur Atlason skrifar um íslenskt samfélag


TEITUR ATLASON

Þegar Samfylkingin sveik á dögunum loforð um að ekki yrðu fleiri virkjanir byggðar á kjörtímabilinu gafst ég upp einhvernveginn. Ég hef fylgst náið með stjórnmálum frá því ég var u.þ.b. 15 ára og hef eins og allur almenningur horft upp á óteljandi viðsnúninga stjórnmálamanna í þennan tíma. Á sama tíma og umhverfisráðherra sagði pass við frekari virkjunaráformum, þvert á gefin loforð, var borgarstjórinn í Reykjavík að svíkja loforð um að ekki skyldi selja Fríkirkjuveg 11. Maður sem þó hefur gefið sig út fyrir að standa fyrir málefnin umfram allt annað.

Þegar kosningasvik opinberast fer af stað sérkennilegt leikrit. Almenningur reiðist, blaðamenn komast í stuð. Letrið stækkar í dagblöðunum og almenn gremja fangar samfélagið. Stjórnmálamenn þekkja vel þetta leikrit enda eru þeir í aðalhlutverki og hafa margir hverjir verið í rullunni heilu og hálfu mannsaldrana. Þeir bíða bara. Bíða eftir að Lindsay Lohan detti í það eða næsta tapleik hjá landsliðinu. Svona mallar þetta uns komið er að kosningum og loforðalistinn er settur fram til þess að svíkja. Svo heldur leikritið áfram

Á Íslandi hefur alltaf verið gjá á milli almennings og fulltrúa þessa sama almennings. Þessi gjá hefur breikkað með hverju árinu sem líður og nú er svo komið að mér sýnist algert rof hafi orðið milli almennings og stjórnvalda sem þó hafa það hlutverk að þjóna þessum sama almenningi. Stjórnvöld líta á sig sem útvalda elítu sem þiggur ofurlaun og þurfa ekki að standa reikningsskil orða sinna og almenningur lítur á sig sem stétt máttlausra og raddlausra plebea sem engu geta breytt. Þetta ástand er með sönnu ömurlegt og er skrípamynd af raunverulegu lýðræði.

Prýðilegt dæmi um þetta rof milli almennings og efstu laga hins opinbera kerfis eru nýleg kaup Seðlabankans á jeppabifreið af dýrustu gerð. Aðspurður sagði fulltrúi Seðlabankans eitthvað á þá leið að þessi kaup hafi verið nauðsynleg því að það snjóaði svo mikið í vetur. Enginn fjölmiðill fjallaði um þetta fáránlega svar. Almenningur fattaði ekki hversu absúrd það er að seðlabankastjórar með margar miljónir í mánaðarlaun fái skaffaðan bíl frá ríkinu. Tvenns konar misskilningur var þarna að verka saman. Í fyrsta lagi upplifa bankastjórar það sem sjálfsagðan hlut að almenningur borgi fyrir þá jeppa af dýrustu gerð og í öðru lagi upplifir almenningur það sem sjálfsagðan hlut að keyptur sé jeppi fyrir bankastjóra. Hvort tveggja er dæmi um þetta rof. Bankastjórar þurfa ekki jeppa frá almenningi. Þeir búa að mér skilst flestir í Kópavogi ellegar í Skerjafirði og fara aldrei út fyrir bæjarmörkin í embættiserindum. Rökin um hinn snjóþunga vetur sem afsökun fyrir þessum kaupum eru hvort í senn ósvífin og ruddaleg. Það þarf engan jeppa til að komast úr Skerjafirði niður í Kolaport þegar snjóar.

Viðsnúningur Þórunnar Sveinbjarnardóttur í stóriðjumálum er sárari en tárum taki og mun ekki bara skemma fyrir Samfylkingunni heldur íslenskum stjórnmálum almennt um ókomna tíð eða þar til almennilegt fólk tekur við. - Ef það þá gerist nokkurn tímann.

Það er nefnilega til lögmál í íslenskum stjórnmálum og það er svona: Um leið og stjórnmálamenn komast í áhrifastöður þá miðast allur tími þeirra við að halda sér í viðkomandi stöðu hvað sem það kostar. Allur fagurgalinn og loforðaflaumurinn, baráttublikið í augnaráðinu, hnefinn á loft með sannfæringu þess réttláta, allt þetta hverfur í skuggann af milljónatékkanum sem kemur mánaðarlega inn um lúguna. Hverfur inn í vélarhljóðið á embættisdrossíunni, kafnar í hvininum í einkaþotunni, heyrist ekki fyrir skvaldrinu í kokkteilboðunum. Undantekning frá þessu lögmáli hefur enn sem komið er ekki komið fram.

Afhverju er þetta svona? Hversvegna er þetta lögmál í gildi? Ég held að svarið sé ekki að finna í persónum stjórnmálamannanna heldur í sjálfsmynd þjóðarinnar. Við Íslendingar lítum nefnilega á okkur sem þegna frekar en borgara. – Það er stór munur á þessu tvennu. Þegninn lítur svo á að opinberir starfsmenn séu drottnarar ellegar ósnertanlegir stjórnendur. Borgarinn lítur á opinbera starfsmenn sem þjóna. Um leið og við förum að líta á okkur sem borgara, hættum við að kvarta og förum að krefjast. Valdahlutföllin umturnast. Við ættum að fara að líta á konuna sem afgreiðir í tollinum sem þjón, ekki yfirvald. Við ættum að fara að líta á að LandCruiserinn í Seðlabankanum sé bíll í eigu Íslendinga allra, og við ættum síðast en ekki síst að líta á alþingismenn og ráðherra sem þjóna, ekki sem stjórnendur.

*Höfundur er guðfræðingur.*












**4.989 kr.**

Verð á PS2 leiknum!

*Fæst fyrir öll stýrikerfi á besta verði!*

*Leikurinn kemur í verslanir Max á föstudag!*

# Opið til kl. 21 í Holtagörðum í kvöld!

## Sjónvarp og heimabíó sem ganga pottþétt saman með PS3

37 tommur



### Digital Crystal Clear

**Philips 37PFL3312**
37" HD LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Digital Crystal Clear • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms • Contrast plus og Active Control 2 x 20w Nicam Stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS, heyrnartólstengi ofl

**139.989 kr.**

Fullt verð ~~164.989~~




1 leikur +2 ÞRÁÐLAUSIR STÝRIPINNAR FYLGJA FRÍTT

40Gb

### PS3 pakki

**59.989 kr.**

Fullt verð ~~69.989~~

600w heimabíó



### Optical tengi fyrir PS3

**Philips HTR5204**
600w heimabíósett • Digital magnari • 5 nettir hátalarar og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II Decoder • Stafrænt RDS FM útvarp • Digital Coaxal og Optical inn • RCA og 6 rása inng • MP3 line in að framan ofl

**34.989 kr.**

Fullt verð ~~44.989~~

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fim. Kauptúni | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Fim. Holtag. | kl. 11-21 | Sunnudaga | kl. 12-18 |

HOLTAGARÐAR FIMMTUDAGAR

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI



## 188sm kæliskápur með frysti

**Whirlpool ARC5554**
188sm kæliskápur með frysti • 319 lítrar brúttó • 210 lítra kælir • 91 lítra frystir • 2 hurðir • Frystir fyrir neðan kæli • Orkunýting A • 3 glerhillur í kæli • Mál (hxbxd): 188x60x61sm

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~99.989~~

Goshylki fylgir frítt!



## Soda Stream tæki

**Soda Stream Apollo**
Soda Stream tæki • Tekur lítið pláss • Tvær Soda Stream flöskur • Eitt Soda Stream goshylki

**7.989 kr.**



FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING
á öllum grillum hjá MAX

## Glóðheitur grillpakki

**Broil Mate 13023**
8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli • Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Innb. hitamælir • Hágæða Perma-Mold XL niðurf. hliðarborð með krókum • 18sm / 7" hjól

**19.989 kr.**

## Sjálfvirk ryksuga



**iRobot Roomba 530**
Fer yfir þröskulda • Ryksugar 99% af gólffletinum • Ryksugar undir borð og stóla • Þrífur teppi, parket, flísar og dúka • Snýr sjálfvirkt til hleðslustöðvar

**44.989 kr.**
Fullt verð ~~49.989~~



## Örbylgjuofn

**Dantax M17LHVITUR**
17 lítra og 700w örbylgjuofn

**6.989 kr.**
Fullt verð ~~8.989~~

## Bjórdæla



**OBHNordica 6502**
Bjórdæla fyrir 5 lítra kúta
• Heldur bjórnum köldum
• Bjór er góður í 21 dag eftir opnun

Tvö bjórglös fylgja!

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



## Barkalaus þurrkari

**Indesit IS70C**
Tvíátta Barkalaus þurrkari • Tekur 7kg í þurrkun • 2 hitastig • Orkunýting C • Stærð (bxhxd): 59.5x85x59.5sm

**59.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~



## 5kg - Þvotthæfni A

**Beko WMD25100T**
1000 snúninga og 5kg þvottavél • Vinding 500 og 1000 snúninga • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, skolstopp og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C • Stærð (bxhxd): 60x85x60 sm

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~



## Besta uppþvottavélin

**Whirlpool ADP7979**
60sm uppþvottavél • 12 manna • 7 kerfi • Autosensor • 6th Sense • Multizone • Rafeindastýrður kerfisveljari • Skjár sýnir tíma • Gljáefnanemi • Vatnsflæðivörn • 3 spaðar og PowerClean • Elementaþurrkun • Sér vifta fyrir hraðari þurrkun • Þvotthæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta A • Mál (hxbxd): 82-87x59,7x59,6sm • Íslenskur leiðarvísir

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

## Kæliskápur með frysti



**Beko CSE24020**
152sm kæliskápur með frysti • 172 lítra kælir • 44 lítra frystir • 3 Hillur í kæli • 2 glærar skúffur í frysti • Hillur úr hertu gleri • Orkunýtni A • Mál (hxbxd): 152x54x60sm

**59.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~

MAX RAFTÆKI

**Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!**

Tilboðin gilda til 11. 06. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.








# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



**HÚSGAGNA LAGERSALA**
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla **genginu**
**FRAMLEIÐUM**
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
**www.patti.is**
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
**Almennur opnunartími**
**Mán - Föstudagar 09 - 18**
**Laugardaga 11 - 16**
**Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510**



**Langur laugardagur**
**Gallabuxur háar í mitti 3.990 kr**
St. 36-46
**Gallakvartbuxur 3.990 kr**
St. 36-44
**Gallapils 3.990 kr**





FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**




Alexandra hefur notað úlpuna óspart og svörtu Levi's-gallabuxurnar, sem eru háar í mittið, eru í sérstöku uppáhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tískuáhuginn minnkaði ekki í Ungfrú Ísland

***Alexandra Helga Ívarsdóttir, sem hreppti titilinn Ungfrú Ísland um síðustu helgi, fylgist með tískunni en leggur þó mest upp úr þægilegum klæðaburði.***

Alexandra, sem er að ljúka sínu þriðja ári í Menntaskólanum við Sund, hefur alltaf haft áhuga á fötum og minnkaði hann ekki við þátttöku í Ungfrú Ísland. Hún er þó með báða fætur á jörðinni og leyfir sér að vera þægilega klædd dags daglega.

„Ég er oftast í gallabuxum, íþróttafötum eða hettupeysu en hef svo gaman af því að fara í kjóla spari. Í vetur hefur úlpa sem ég keypti í G-star verið í miklu uppáhaldi en hún er aðsniðin með loðkraga. Síðan er ég mjög ánægð með svartar Levi's-gallabuxur í augnablikinu. Þær heita 471 slim fit, eru niðurþröngar og háar í mittið, eða alveg upp að nafla. Við þær er ég yfirleitt í stígvélum sem kærastinn minn, Birgir Rafnar Birgisson, gaf mér í afmælisgjöf úti í Danmörku í fyrra," segir Alexandra.

Hún og Birgir hafa verið saman í þrjú og hálft ár en þau kynntust á grunnskólaárunum. „ Hann er úr Kópavogi og ég úr Grafarvogi en við kynntumst í gegnum sameiginlega vini," útskýrir Alexandra. Hún er einmitt á leið í frí til Flórída með kærastanum og fjölskyldu hans í lok vikunnar og þar hefur hún hugsað sér að kíkja í nokkrar búðir. Síðan er stefnan tekin á Ungfrú alheim í Úkraínu í október.

Alexandra útskrifast frá MS næsta vor og þótt hún sé ekki búin að ákveða framhaldið langar hana helst að læra sálfræði. „Síðan er líka planið að taka snyrtifræði í kvöldskóla," segir Alexandra, sem heldur nú út í sumarið eftir að hafa lokið síðasta vorprófinu.

*vera@frettabladid.is*




SURGI
háreyðingarlína
• Vax og vaxtæki til háreyðingar
• Háreyðingarkrem
• Hárlýsingarefni
ONE TOUCH
icepharma



**Kvenhanskar** í stíl við yfirhöfn, skó eða fylgihluti eru alltaf elegant og setja punktinn yfir heildarútlitið.

# Ýtt undir línurnar

***Konur hafa það án efa fram yfir flesta karlmenn að geta gengið í kjólum og hlaðið á sig glingri.***

Flestar konur hafa gaman af því að eiga nokkra kjóla til skiptanna enda fátt sem ýtir jafn mikið undir línurnar.

Kjólana má skreyta með glingri af ýmsu tagi og stundum er nóg að setja á sig skartgripi til að lífga upp á gamlan sem nýjan kjól.



Léttur Warehouse-kjóll 9.990 kr.



Munstraður Miss sixty-kjóll 13.990 kr.



Miss sixty-hálsmen 13.990 kr. Fæst í gulli, silfri og bronsi.



Miss sixty-hermannakjóll 24.990 kr.



Sætur og sumarlegur kjóll úr Warehouse sem minnir helst á röndóttan brjóstsykur. Verð 12.990 kr.



Miss sixty-belti 15.990 kr. Fæst í nokkrum litum.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.




vísir.is
"...ég sá það á vísi"

MaxMara
LAGERSALA
OUTLET
LAUGAVEGI 51
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54




FRIIS COMPANY®
kringlan • debenhams



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Le petit prince de la haute couture*

„Yves Saint Laurent horfði ekki, heldur sá konuna, listina, heiminn.“ Þessi orð voru notuð um meistarann sem nú er allur. Snillingur hönnunar sem bylti tískunni, hafði varanleg áhrif á samtíð sína og sá fyrir þjóðfélagsbreytingar.

Saint Laurent byrjaði sem barn að hanna. Hann var aðeins átján ára árið 1955 þegar hann byrjaði hjá Dior og tók svo við hönnuninni þar árið 1957 við skyndilegt fráfall Diors. Í fyrstu tískulínunni 1958 lagði hann til hliðar hið reyrða „New look“ Diors og kynnti „Trapèze-kjólinn“. Hann hitti Pierre Bergé sem varð lífsförunautur hans og viðskiptafélagi og saman opnuðu þeir tískuhús YSL 1961. Fyrsta ilmvatnið „Y“ kom á markað 1964 og mörg áttu eftir að fylgja eins og „Opium“ 1977 sem enn í dag er eitt af fimm mest seldu ilmvötnum í heiminum.

Yves Saint Laurent varð fyrstur til að opna búðir með fjöldaframleiddum lúxustískufatnaði (prêt-à-porter) 1966 á þeim tíma þegar aðeins þekktust hátískuhús og heimasaumur. Seinna framleiddi hann tískulínu sem gaf flestum konum, allt frá riturum til kennara, möguleika á að eiga dragt frá tískuhúsinu. Sama ár sýndi hann fyrstu buxnadragtina, sem var tekin úr klæðaskáp karla, smóking fyrir konur varð til og er enn í dag í fullu gildi. Seinna fylgir Saharienne-jakkinn, líkur klæðnaði nýlenduherra, blússan gegnsæja og kvöldkjóll sem sýnir efst í rasskinnarnar með blúndum. Í frægri mynd Luis Bunuel „Belle de jour“ gerir Saint Laurent leikkonuna Catherine Deneuve ódauðlega í hönnun sinni. Upp frá því var hún einn af hans nánustu vinum.

Saint Laurent var með þeim fyrstu til að nota svartar fyrirsætur í hátískunni og notaði innblástur bæði frá Afríku og Kína langt á undan Gaultier og Galliano. Hann var alla tíð hlédrægur og sjúklega hræddur og því sótti hann í róandi lyf og eiturlyf sem hann hætti þó um síðir að nota. Árið 2002 sýndi hann í síðasta sinn og lokaði hátískuhúsinu en nokkru fyrr var fjöldaframleiðslan seld til Gucci-groupe þar sem Tom Ford tók við hönnuninni en Yves Saint Laurent var ekki hrifinn af Ford. Hins vegar var hann hæstánægður með Stefano Pilatti sem tók við af Ford. Eftir að hann dró sig í hlé var eins og slökkt væri á meistaranum, hann hitti fáa og lokaði sig af, fór aðeins með bílstjóra sínum í stofnun Pierre Bergé-Yves Saint Laurent sem hefur hið fræga heimilisfang 5 Avenue Marceau þar sem hátískan var til húsa frá 1977.

Mikill snillingur er genginn. Það er einmitt honum að þakka og kannski nokkrum fleirum að í Frakklandi og víðar er tískan álitin listgrein. Pierre Bergé segir Coco Chanel hafa frelsað konur en Yves Saint Laurent hafi gefið þeim vald. Tveir áhrifamestu hönnuðir 20. aldarinnar.

*LITLI PRINS HÁTÍSKUNNAR *bergb75@free.fr*



Lífræn bómull verður undirstaðan í mörgum flíkum frá H&M.

# Lífræn föt í H&M

***Hennes og Mauritz lofar endurvinnanlegum og lífrænum efnum í fatnað sinn næsta vetur.***

H&M tekur siðferðislegar skyldur sínar alvarlega og hefur nú tilkynnt „stórt ævintýri“ lífrænnar bómullar næsta vetur. Einnig ætlar fyrirtækið að fara yfir í önnur sjálfbær efni svo sem lífræna og endurvinnanlega ull og pólýester.

„Við notum núna lífræna bómull í öllum deildum okkar,“ segir Ann-Sofie Johansson, yfirhönnuður H&M. „Við erum stolt af því að geta mætt auknum áhuga kúnna okkar og um leið stuðlað að aukinni eftirspurn eftir lífrænt ræktaðri bómull.“

Aðdáendur H&M geta því beðið spenntir eftir kimono-jökkum, stuttermabolum, túlípanapilsum, víðum buxum og anorökkum gerðum úr endurnýtanlegum efnum.

*- mþþ*

Milly Molly Mandy
DESIGN AND CONCEPT STORE
Bergstaðastræti 13 • Sími 551 6500
www.elina.is






Minnum einnig á tilboðslá.
Allt á 5.900 kr
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

Selena Tvær verslanir - *frábært úrval*

























lepel INTIMAS

Sundföt - Undirföt

Selena

**Síðumúli 3, S. 553-7355**
**Opið virka daga kl: 10-18, laugard. 11-15**

**Hæðasmári 4, S. 555-7355**
**Opið virka daga kl: 11-18, laugard. 11-16**

**Gardínur** setja svip sinn á hvert herbergi. Gaman er að skipta gardínunum út reglulega og setja til dæmis upp sumargardínur, aðrar fyrir vetrartímann og svo fyrir jólin.




## Aðgengi og öryggi eru lykilatriði

Supra lyklaboxin henta frábærlega fyrir sumarbústði, heimili og fyrirtæki. Surpa lyklabox eru úr zink og álblöndu, nautsterk, höggþétt, vind- og veðuheld og ryðga ekki. Auðvelt aðgengi fyrir þá sem vilja komast inn. Má skipta um PIN númer hvenar sem er. Algerlega mekanist, ekkert rafmagn eða battarí.

2 ára ábyrð
marrgra ára reynsla

AccessPoint

Minnkaðu lyklafjöldann, auðveldaðu aðgengi.

Nánari upplýsingar, svör við helstu spurningum og pantanir á www.lyklabox.is
sími: 660-6707



Hentar vel fyrir: börn eftir skóla, fjölskyldumeðlimi, ábyrga nágranna, eldri borgara og heimahjúkrun, þjónustuaðila t.d iðnaðarmenn og margt fleira.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Kærkomnir sumargestir

***Tími sumarblómanna er runninn upp. Gaman er að koma þeim fyrir þar sem þau blasa við augum og gleðja. Þau blómstra í ólíkum litum og lífga upp á umhverfið.***

Sumarblómin eru einærar plöntur sem flestir kaupa í gróðrarstöðvum og stórum blómabúðum og koma fyrir í kerjum eða í beðum innan um fjölærar plöntur og runna. Ákjósanlegt er að staðurinn sé sólríkur og skjólgóður en sumar plöntur eru þó harðgerari en aðrar. Sigríður Helga Sigurðardóttir, garðyrkjufræðingur í Mörk í Stjörnugróf, var spurð hvaða sumarblóm væru efst á vinsældalistum landsmanna þetta árið. „Stjúpan er alltaf vinsælust og við fagmennirnir getum tryggt að hún lifi af sumarið því hún stendur sig svo vel við íslenskar aðstæður. Ekkert sumarblóm er til í jafnfjölbreyttum litum og á eins langa hefð að baki. Hvítar stjúpur eru alltaf vinsælar, gular og bláar líka.

Margir þekkja Margarítu en nú gengur hún undir nafninu Möggubrá. Hvít blóm ganga alltaf, til dæmis skrautnálin sem er smágert kantblóm. Svo eru flauelsblómið, ilmskúfurinn og fiðrildablómið sígildar tegundir, ólíkar en hver annarri fallegri. Sólboðinn er líka úrvalsplanta, til í nokkrum litum, fjólubláum, appelsínugulum og ljósgulum.“

Hluti sumarblómanna eru hengiplöntur sem hentar að vera á veggjum, súlum og hurðum eða mynda blómstrandi fossa niður úr háu kerjum. Af hengiplöntum nefnir Sigríður Helga fyrst hengibrúðarauga, öðru nafni lóbelíu, sem hefur verið afar vinsæl hin síðari ár. Snædrífan hefur líka unnið sér þegnrétt í íslenskum görðum því hún stenst vel veðráttuna sem stundum geisar.

Gróðrarstöðin Mörk framleiðir allt sjálf sem selt er þar. Þegar Sigríður Helga er innt eftir nýjungum tekur hún fram að tegundir séu þróaðar hægt til að rannsaka hvernig þeim reiði af á landinu bláa. „Garðplöntuframleiðendur sá ekki fyrir plöntum í stórum stíl þó þær séu fallegar í útlöndum,“ útskýrir hún en af nýlegum tegundum nefnir hún aftanroðablóm og skógarmölvu. Segir þær sólelskar hásumarplöntur sem sífellt séu að sækja á í vinsældum. Þau komi í sölu í júní. „Þetta eru hvorutveggja hávaxin blóm, geta komist í einn og hálfan metra og þurfa uppbindingu og afbragðsgóðan stað en launa dekrið með blómskrúði.“

*- gun*



Sigríður Helga Sigurðardóttir, garðyrkjufræðingur í Gróðarstöðinni Mörk, segir sólboðann úrvalsplöntu. Hann fæst í nokkrum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tóbakshorn eru litsterk og fögur blóm sem gefa endalaust af sér, einkum ef visin blóm eru hreinsuð af reglulega.



Möggubrá er háfjallarunni frá Kanaríeyjum. Hún vill gjarnan sólríkan stað í góðu skjóli.



Hengibrúðarauga er eins og flæðandi foss sem fer vel á veggjum og útihurðum.


– ekki bara grill!





weber

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is



# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Baðherbergið – Hreinlætisvörur

Vistvænar hreinlætisvörur eru til í miklu úrvali og margar þeirra umhverfisvottaðar. Oft er hægt að sleppa hreingerningarefnum við þrif ef notaðir eru örtrefjaklútar og náttúruleg efni eins og edik eða salt. Ofnotkun hreinsiefna er mikil og dýrkeypt fyrir umhverfið. Efnin hverfa ekki þegar þau eru komin í skolpleiðslurnar heldur enda þau í hafinu. Efnin eru áfram virk og geta skaðað lífríkið. Að efni brotni niður í umhverfinu segir ekki allt um hversu fljótt þau gera það og einnig geta niðurbrotsefnin verið skaðlegri en upprunalegu efnin. Öruggast er að forðast notkun óþarfa efna og skammta rétt þegar efna er þörf. Yfirleitt er hægt að helminga ráðlagða skammta hreinsiefna því vatn á Íslandi er mun mýkra en víða í Evrópu.

**Sjampó og sápur**

Sjampó og sápur geta innihaldið bæði tilbúin og náttúruleg efni. Stundum koma náttúrulegu efnin beint úr jurtum, en oft er búið að einangra þau til að fá nákvæmlega þá virkni sem óskað er eftir í vörunni. Skoðaðu vel innihaldsefnin sérstaklega ef þú ert með ofnæmi. Góð regla er að nota eins lítið af sápu og hægt er enda getur ofnotkun aðeins leitt til þess að húðin þornar um of. Sum sjampó innihalda efni eins og vax sem erfitt er að ná úr hársverðinum. Ódýr sjampó eru oft alls ekki góð vara auk þess sem þau eru ódrjúg. Sjampó í góðum gæðaflokki er mun virkara og verðið segir því ekki alla söguna.

*Sjá meira um hreinlætisvörur á: http://www.natturan.is/husid/1269/*



**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**

# Bæði skraut og hlíf

Þegar borðað er úti í blíðskaparveðri er alltaf viss hætta á að óboðnir gestir geri vart við sig og vilji gera könnun á veisluföngunum. Þar eru geitungarnir hvað óvinsælastir. Oft eru gestgjafar á nálum og hafa flugnaspaðana við höndina til að bægja þeim óvelkomnu frá. Hlífar yfir föt og diska ættu að bjarga málum. Þennan kökuhjálm fundum við í Duka í Kringlunni. Hann gleður augað auk þess að gera gagn og kostar 1.250 krónur.



# Stóll fyrir gáfnaljós

***Ertu lestrarhestur? Eða vilt láta líta svo út? Þá er Bibliochase-stóllinn það sem vantar á heimilið.***

Stóllinn er í senn þægilegur lestrarstóll, og í bak og fyrir innrammaður af rúmgóðum bókahillum sem taka býsnin öll af bókmenntum. Hægt er að fá letilegt skammel í stíl, með enn fleiri bókahirslum, en litir og áklæði fara alveg eftir smekk kaupandans, og úr úrvali lita, taus og leðurs að velja.

Bibliochase-stóllinn er einstök hönnun, áberandi flottur og með drjúgt notagildi, en ef þú vilt að aðrir telji þig vel gefinn og víðlesinn er ráð að koma við í bókabúðinni og kaupa nokkra vel valda titla í bókahillurnar.

Stóllinn fæst víða á netinu.

*- þlg*



Bibliochase-stóll er frábær lausn á plásslítil heimili.


Hlýleg húsgögn og gjafavara!









*Full búð af nýjum og spennandi vörum!*

*Standandi gluggahlerar loksins komnir, falleg fuglaböð og fuglahús, nýjar eldhúsvörur og gullfallegar, fléttaðar gólfmottur í nýjum litum.*

*Sjón er sögu ríkari!!*

Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18
Lokað á laugardögum í sumar.

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470 www.virka.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Teg 2083



Teg 2106



Teg 2064



Zata 182 x 52 x 42



Cubio 162 x 52 x 42

Nýjar húsgagnasendingar



Cubio 110 x 52 x 42



NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

**Fæturnir** okkar eru viðkvæmir fyrir sveppasýkingum. Í sumar þegar við erum meira berfætt og förum oftar í sund en ella þarf að fylgjast vel með iljunum og tánum okkar og grípa strax inn í ef sýking gerir vart við sig.














# Samstaðan ánægjulegust

***Kvennahlaup Sjóvá verður haldið í nítjánda sinn næstkomandi laugardag. Sigríður Sigurjónsdóttir ætlar ekki að láta sig vanta.***

Slagorð Kvennahlaups Sjóvár í ár er heilbrigt hugarfar, hraustar konur og liturinn fjólublár, en nýr litur er valinn á boli hlaupsins árlega.

Fjölmennustu hlaupin eru í Garðabæ og Mosfellsbæ, en hlaupið er um allt land sem gerir þennan íþróttaviðburð áberandi. Í fyrra tóku um fimmtán þúsund konur þátt í hlaupinu.

Sigríður Sigurjónsdóttir, nemi og starfsmaður í ráðstefnumóttökunni á Grand Hótel, ætlar að hlaupa í Kvennahlaupinu á laugardaginn og er það í þriðja sinn sem hún tekur þátt. Hún ætlar að hlaupa ásamt nokkrum bekkjarsystrum sínum úr MPM, meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands.

„Við unnum verkefni í vetur sem tengist Kvennahlaupinu. Við gerðum verk- og markaðsáætlun fyrir hlaupið og reyndum að koma með nýjar hugmyndir sem gætu nýst í markaðsetningu hlaupsins á komandi árum,“ útskýrir Sigríður.

Sigríður hefur ekki æft sérstaklega fyrir hlaupið en hún gengur með saumaklúbbnum sínum að meðaltali einu sinni í viku.

Yngri systir Sigríðar dró hana upphaflega með sér í Kvennahlaupið og Sigríður sér ekki eftir því. „Það er þessi samstaða kvenna sem maður upplifir í Kvennahlaupinu sem er svo ánægjuleg. Andrúmsloftið í hlaupinu er alveg sértakt,“ segir Sigríður.

Sú nýjung varð á í fyrra að konur gátu sent inn myndskeið sem tengdist hlaupinu. Mikið var sent inn af skemmtilegu efni. Dregið er úr þeim nöfnum sem send eru inn og vinningurinn er dekur fyrir átta manns. Í hlaupinu í ár verður tekin í notkun ný tegund hlaupabola úr þægilegu efni.

Til að skrá sig í hlaupið þarf einungis að kaupa sér bol og borga skráningargjald sem er þúsund krónur. Bolirnir eru seldir á líkamsræktarstöðvum og í helstu íþróttavöruverslunum.

Í boði er að hlaupa 2,5 eða 10 kílómetra. Nánari upplýsingar um hlaupastaði og skráningu má finna á www.sjova.is.

*klara@frettabladid.is*



Sigríður Sigurjónsdóttir tekur nú þátt í hlaupinu í þriðja sinn.



Mikil stemning hefur verið í Kvennahlaupinu síðustu ár.



Sundlaugin er opin fyrir alla gesti við Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvíld og ró í sumar

***Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði býður upp á rólegt sumarfrí.***

Náttúrulækningafélag Íslands, sem rekur Heilsustofnunina í Hveragerði, var stofnað árið árið 1939.

Jónas Kristjánsson læknir var í forsvari fyrir þetta frumkvöðlastarf og var stofnun heilsuhælis frá upphafi aðaláhugamál náttúrulækningamanna. Heilsuhælissjóður var stofnaður árið 1944 en varð að veruleika rúmum tíu árum síðar og hóf starfsemi 24. júlí árið 1955. Boðið er upp á tvo valkosti við dvöl á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, HNLFÍ. Annars vegar læknisfræðilega endurhæfingu og hins vegar hvíldar- og hressingardvöl. Til að komast í læknisfræðilega endurhæfingu, sem er að stórum hluta niðurgreidd af ríkinu, þarf tilvísun frá lækni. Innifalið er öll meðferð, gisting og fullt fæði ásamt allri annarri þjónustu. Dvalargestir hafa frían aðgang að sundlaug og æfingasal á auglýstum tímum auk almennrar dagskrár. Hins vegar er boðið upp á heilsueflingu fyrir þá sem vilja koma til hvíldar, hressingar og til að efla heilsuna vegna forvarna eða til að temja sér nýjan lífsstíl. Gesturinn ber allan kostnað sjálfur við slíka dvöl og þá er ekki þörf á tilvísun frá lækni. Sérstök áhersla er lögð á heilnæmt mataræði við stofnunina, auk þess sem aðgangur er að lækni, sjúkraþjálfun, snyrtistofu og hárgreiðslustofu. Einnig eru í boði stakar meðferðir eins og nálastungur, heilsubað, sjúkranudd og leirbað. Sjá allar frekar upplýsingar á www.hnlfi.is.

**- rh**



Svimi getur stafað af miklu salti.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## Salt í grautinn

MARGIR ERU AFAR SÓLGNIR Í SALT EN OF MIKIL SALTNEYSLA GETUR VERIÐ VARASÖM.



Ekki aðeins þeir sem þjást af of háum blóðþrýstingi þurfa að huga að saltneyslu. Of mikið salt getur nefnilega verið slæmt fyrir alla. Það veldur vökvasöfnun í líkamanum sem getur komið fram í svima, appelsínuhúð og bjúg. Salt getur einnig hindrað nýtingu ýmissa næringarefna í fæðunni. Ekki er mælt með því að borða meira en 5 grömm af salti á dag og vilji maður minnka neysluna er ekki nóg að hætta að salta matinn. Saltið leynist nefnilega víða, til dæmis í unnum matvælum, smurostum, morgunkorni og tilbúnum réttum.

# tíska&lífsstíll

FIMMTUDAGUR 5. JÚNÍ 2008




**TINNA HALLBERGSDÓTTIR**

## Hannar á sjálfstæðar konur

**TÍSKA**

## Tískusýning í Kenýa

**REYKJAVÍK SKATESHOP**

## Hjólabrettabúnaður og -föt

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/AFP




# Stone móðgar Kínverja



Sharon Stone á Cannes-hátíðinni þar sem hún ýjaði að því að jarðskjálftarnir í Kína hefðu tengst illsku kínverskra stjórnvalda gagnvart Tíbetbúum. NORDICPHOTOS/AFP

Sharon Stone hefur verið tekin úr auglýsingaherferð Christian Dior í Kína vegna orða sem hún lét falla um kínversk stjórnvöld. Í viðtali sem tekið var við hana í síðustu viku sagði hún að jarðskjálftarnir í Kína hefðu kannski verið slæmt karma vegna meðferðar kínverskra stjórnvalda á Tíbetbúum.

Fjölmiðlar í Kína eru leikkonunni mjög reiðir fyrir orðin og hefur tískuhús Dior í Kína tilkynnt að Stone muni ekki verða áfram í auglýsingum þar í landi. Þeir sendu út afsökunarbeiðni frá leikkonunni þar sem hún sagðist vera mjög leið yfir því að hafa orsakað angist og reiði meðal Kínverja með ummælum sínum. Jafnframt kvaðst hún vera boðin og búin að hjálpa bágstöddum fórnarlömbum skjálftans.

Hið umdeilda viðtal átti sér stað á rauða teppinu á nýyfirstaðinni Cannes-hátíð. Orðrétt sagði Sharon: „Ég er ekki ánægð með það hvernig Kínverjar hafa komið fram við Tíbetbúa því mér finnst að enginn eigi að vera vondur við neinn. Síðan komu jarðskjálftarnir og allt það og þá hugsaði ég, er þetta karma? Gerast slæmir hlutir ef maður er ekki almennilegur við aðra?“



Gott nudd endurnærir líkama og sál.

# Fullkominn samhljómur líkama og sálar

Líkami og sál eru samtengd. Saman takast þau á við verkefni lífsins og vinna saman að slökun og hvíld. Ef við vanrækjum hvíldina verðum við pirruð, vansæl, stressuð og viðkvæmari fyrir hvers kyns veikindum. Flest finnum við slökun með því að fara út að ganga, dansa, stunda íþróttir eða leiki, prjóna, lesa, hlusta á tónlist, horfa á sjónvarp, hlæja, vera með vinum, elskast eða hreinlega gera ekki neitt.

Árangursríkast þykir að slaka samtímis á líkama og sál. Líkamsrækt virkar vel til slíks; bægir frá áhyggjum, veldur þægilegri þreytu og sendir vellíðunarstraum um kroppinn um leið og okkur finnst við hafa áorkað einhverju.

Nudd er önnur frábær leið til slökunar á líkama og sál, og veldur mælanlegum breytingum í líkama mannsins. Súrefnisinntaka minnkar, hjartsláttur og öndun róast, blóðþrýstingur lækkar, vöðvaspenna minnkar sem og hýdrókortisón í blóði. Á sama tíma eykur nudd framleiðslu serótóníns í heila og veldur kyrrð, ró og almennri vellíðan. Merkjanleg breyting sést einnig á mynstri heilabylgna í djúpri slökun þegar alfa- og þetabylgjur sameinast, en það ástand gefur til kynna fullkominn samhljóm. - þlg

● **NÁTTÚRUFEGURÐ Í ELDHÚSINU** Móðir náttúra er líka móðir bestu fegrunarheilræða heims. Í gnægtarbúri sínu geymir hún leyndarmál sem gera fólk fegurra. Ef hörund þitt er þurrt og vannært er hér uppskrift sem virkar: Hitaðu hálfan bolla af niðursoðinni, ósætri kókosmjólk í örbylgjuofni í 30 sekúndur. Hrærðu tveimur matskeiðum af hunangi saman við. Nuddaðu blöndunni á allan líkamann og skolaðu að smástund liðinni með volgu steypibaði. Mjólkursýra í kókosmjólkinni losar burt dauðar húðfrumur, hunangið græðir og gefur raka, og hitinn hjálpar blöndunni að smjúga betur inn í húðina.



Gott er að hafa með sér tannkrem til að fríska munninn.





Vatnsdrykkja kemur meðal annars í veg fyrir bjúgsofnunog þurra húð og hár.

Betra er að nota augnskugga í stað augnblýants.



# Fegurð úr skýjunum

● Hvort sem leiðin liggur á mikilvægan fund eða rómantískt stefnumót eftir flugferð í háloftunum er alltaf skemmtilegra að líta vel út þegar farið er frá borði. Hér eru ráð sem fríska upp á útlit og auka fegurð þegar komið er niður úr skýjunum.

**Reyndu** að ná góðum nætursvefni nóttina fyrir flug.

**Drekktu vel af vatni.** Vökvatap skilar sér í þurri húð og hári þegar úr háloftunum er komið. Vatnsskortur veldur einnig bjúgsöfnun því líkaminn fer í varnarham þegar vökvi verður af skornum skammti og geymir sér birgðir vatns í maga, kringum augu, úlnliði og ökkla. Besta ráðið gegn bjúgsöfnun er aukin vatnsdrykkja og því skaltu byrja að drekka vel nokkrum dögum fyrir flug. Forðastu kaffi, alkóhól og kóladrykki um borð, því slík drykkjarföng ná vatni úr líkama þínum og trufla svefnmunstur þitt.

**Notaðu rakagefandi úða** á húðina. Það frískar upp á útlit og nærir hörundið.

**Notaðu svefngrímu** til að ná fegrunarblundi. Hún kemur að góðum notum ef þú situr við hliðina á farþega sem lætur nóttina líða við lesljósin kveikt.

**Ef hár þitt er þurrt** skaltu úða það með hárnæringu áður en farið er í flug.

**Notaðu sjampó** með þurrkandi eiginleikum ef hár þitt á til að fitna.

**Mundu eftir spegli** og hreinsipúða ef sækir á þig svefn í flugvélinni og augnmálning klessist.

**Dekraðu við hendurnar** með kókossmjöri og bómullarhönskum. Hendurnar verða silkimjúkar og sléttar eftir flugið.

**Vertu í flatbotna,** þægilegum skóm og geymdu háu hælana þar til úr skýjunum kemur.



Gott er að skella sér í flatbotna skó og geyma háu hælana þar til úr skýjunum kemur.

**Notaðu snyrtivörur** sem smita ekki og endast vel. Hófleg förðun er heilladrýgst og skynsamlegt að nota augnskugga í stað augnblýants til að forðast þvottabjarnarútlit þegar farið er frá borði.

**Hafðu með þér tannkrem** til að fríska munn og fallegt bros á nýjum stað.

# Frá toppi til táar

Allt fyrir sumarsveifluna – mikið úrval af flottum merkjum



redherring
Sólgleraugu 1.990 kr.



PILGRIM
Hálsmen 4.990 kr.



redherring
Taska 4.990 kr.



Tamaris®
Skór 9.995 kr.



BETTY JACKSON. BLACK
Kjóll 16.990 kr.

Red Herring
Maine
J.Taylor
Babbleboom
Ted Baker
Ticket to Heaven
66°N
Tigerlilly
Collection
Collection Petite
Casual Club
John Rocha
Jasper Conran
Julian Mc Donald
Betty Jackson
Mexx
Esprit
Cottonfield
Jackpot
Pilgrim
Part Two
Gerry Weber
Turnover
Solid
Tamaris
Bruuns Bazaar
Imperial
InWear
Deca
BZR
IKKS
Matinique
Gardeur
Finucci
Polo Ralph Lauren
BOSS
Sand
Eterna
Oasis
Jane Norman
Sisley
Wallis
Park
Friis & Company
Femilet
Triumph
Mac
Estee Lauder
Clinique
Shiseido
Lancome
Helena Rubenstein
Biotherm
Origins
Kanebo
Clarins

fókus

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Undirheimar brettafólks

Verslun með hjólabretti og tengdan búnað opnuð neðanjarðar í hjarta Reykjavíkur í dag.

Hjólabrettaverslunin Reykjavík Skateshop verður opnuð í Veltusundi 1 í dag klukkan 16 en hún er í kjallara veitingastaðarins Einars Ben. Megináhersla er lögð á hjólabretti og þann búnað sem fylgir hjólabrettaiðkun. Má þar nefna hjálma, hlífar, skó og fatnað. Meðal merkja eru Créme, Kr3w, Supra, Independent og Santa Cruze svo einhver séu nefnd.

Búðin er vel staðsett með tilliti til þess að hjólabrettaiðkendur halda mikið til á Ingólfstorgi. „Við vonumst ekki til þess að brettaliðið líti við heldur ætlumst til þess," segir annar eigendanna, Sigurður Árni Jósefsson, glaður í bragði.

Sigurður stendur á bak við búðina ásamt Kristjáni Þór Gústafssyni en þeir reka einnig „streetwear"-verslunina Noland á Laugavegi 32 sem var opnuð fyrir um mánuði. Í Noland eru örlítið aðrar áherslur en þar má finna buxur, boli, skyrtur, jakka og skó á karlmenn. „Innan tíðar munum við bæta stelpufötum við," segir Sigurður.

Þeir Kristján og Sigurður eru engir nýgræðingar í verslunarrekstri en Sigurður opnaði Holuna á Akureyri fyrir tólf árum. Hann rak einnig Týnda hlekkinn á Laugavegi en búðirnar voru báðar með brettavörur og tengdan fatnað. Kristján starfaði hjá NTC-verslunarkeðjunni í ellefu ár og þekkir götutísku því vel.

Á laugardaginn munu félagarnir standa fyrir brettamóti á Ingólfstorgi í tilefni af opnun Reykjavík Skateshop ásamt því að gleðjast í búðinni. *- ve*



Þeir Sigurður Árni Jósefsson og Kristján Þór Gústafsson, eigendur Reykjavík Skateshop og Noland, hafa áralanga reynslu af verslunarrekstri. Reykjavík Skateshop opnar í dag klukkan fjögur.



Kr3w-peysa á 12.990 krónur.

Supra-skór á 13.900 krónur.

Supra-skór á 11.900 krónur.

Kr3w-buxur á 10.900 krónur.




# Ræktar líkama og sál

Lilja Dögg Gylfadóttir kennari hefur fundið sína leið til að byggja sig upp jafnt andlega sem líkamlega.

„Ég fer í jóga tvisvar til þrisvar í viku og svo hef ég líka verið í annarri leikfimi með því. Á sumrin fer ég út að ganga og hreyfi mig með fjölskyldunni. Ég upplifði það í vetur að mér fannst það vera griðastund að fara í jóga og þar náði ég að gleyma stað og stund," segir Lilja Dögg sem finnst jóga mikil hvíld fyrir hugann frá amstri dagsins.



Lilja Dögg segist þrífast best með því að rækta sjálfa sig og að þannig geti hún gefið meira af sér. Hún er auk þess mikill náttúruunnandi og nýtur þess að fara með fjölskyldunni í gönguferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Mér hefur stundum þótt þetta jafnast á við góða sálfræðimeðferð en Auður jógakennari hjá Lótus jógasetri er líka einstök. Auk þess að vera líkamsrækt þá er þetta sjálfsstyrking og kennir manni að vera sáttur við sjálfan sig," útskýrir Lilja Dögg og bætir við að einnig skipti máli að jóga er engin keppni heldur geri hver og einn eins vel og hann getur. „Maður er þarna bara fyrir sjálfan sig á sínum eigin forsendum."

Auk þess að vera íhugun getur jóga líka tekið verulega á líkamlega. „Ég kem heim með harðsperrur og þess háttar," segir Lilja Dögg kímin en hún byrjaði í meðgöngujóga sumarið 2006 og fór í framhaldi af því í mömmujóga og kundalini-jóga. „Þegar barnið var svona tveggja mánaða upplifði ég að mér hafði ekki liðið svona vel í langan tíma. Ég fann fyrir miklu jafnvægi og þroska. Maður temur sér að lifa meira í núinu og vera sáttur við sjálfan sig. Eða eins og Auður segir svo oft: Þú ert nú þegar allt sem þú þarft að vera," segir Lilja Dögg ánægð og bætir við að jóga hafi hjálpað henni í samskiptum og að takast á við erfiðleika. *- hs*

## Lífrænn augnmaski

Í eldhúsinu leynast ýmis fegurðarmeðul og eru grænmeti og ávextir kjörin til að hressa upp á útlitið. Klassískt er að leggja gúrkusneiðar yfir augun en safinn úr þeim frískar augun, gefur þeim raka og endurnærir. Ódýr og einföld lausn fyrir þreytt augu.



# Valensia stúlkan 2008 er

# Ingibjörg R. Egilsdóttir
















Allar stúlkurnar í Fegurðarsamkeppni Íslands komu í prufumyndatöku fyrir Valensia undirföt og sex voru valdar í úrslit. Ingibjörg var valin Valensia stúlkan í beinni útsendingu á Skjá einum og hlaut að launum árssamning sem undirfatamódel í Hagkaupsblaðinu. Ingibjörg varð einnig í örðu sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands og verður fulltrúi Íslands í Miss Universe keppninni í Víetnam í júlí næstkomandi. Hagkaup óska Ingibjörgu innilega til hamingu.

Valensia

Valensia eru ein vinsælustu undirfötin á Íslandi

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Marsibil er einstaklega lukkuleg með skóna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lengi leitað að skónum

Uppáhaldshlutur Marsibil Sæmundsdóttur varaborgarfulltrúa um þessar mundir er skór sem hún keypti sér í New York í fyrra. Það sem gerir þá sérstaka er að hún leitaði lengi að skóm nákvæmlega af þessu tagi. „Ég á það til að fá hugmyndir að fötum eða skóm sem mig langar í, þó svo að þeir séu hvergi til. Mig hafði lengi langað í svarta, kvenlega leðurskó sem ég gæti gengið í dagsdaglega," útskýrir hún. Skórnir sem Marsibil hafði ímyndað sér urðu þó að uppfylla ýmsar kröfur. „Hællinn mátti ekki vera of hár, hann varð að vera svartur og með ákveðinni lögun. Táin mátti heldur ekki vera mjó, ég vildi hafa hana rúnnaða en hún mátti samt ekki vera of rúnnuð. Svo vildi ég hafa band yfir ristina og smá skraut."

Það tók Marsibil eitt og hálft ár að finna skó sem uppfylltu allar hennar kröfur. Hún hafði ferðast mikið á þessu tímabili og var ætíð að svipast um eftir skónum en fann þá aldrei. Hún var búin að gefa upp vonina þegar hún uppgötvaði þá í litlilli verslun í New York. „Ég hef verið ástfangin af skónum síðan ég fékk þá og mér finnst svolítið eins og ég hafi hannað þá sjálf því ég leitaði svo lengi að þeim," segir hún og hlær.

*- kka*




Full búð af fallegum sumarfatnaði

MAMBO
tískuvöruverslun

Sími: 544 2044

FJÖRÐUR
Miðbæ Hafnarfjarðar

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103




Ruth Bergs
ruth@365.is




Fyrirsætur sýndu litskrúðugan klæðnað í þjóðgarði í Naíróbí á dögunum.

NORDICPHOTOS/AFP



Fyrirsæturnar sýndu fremur hefðbundinn afrískan klæðnað.



Fyrirsæturnar voru flestar frá Austur- og Vestur-Afríku.

# Afrísk tíska fyrir frið

● Tískusýning var haldin í Naíróbí í Kenía á dögunum. Tilgangurinn var að safna peningum fyrir fórnarlömb nýlegra átaka þar ásamt því að sýna landið í jákvæðara ljósi.

Tískusýning með yfirskriftinni „Tíska fyrir frið" var haldin í þjóðgarði í Naíróbí í Kenía um síðustu helgi. Þar söfnuðust saman þekktustu fatahönnuðir og fyrirsætur Afríku og sýndu hefðbundinn afrískan klæðnað.

Eftir umdeildar kosningar í Kenía í desember brutust út miklar óeirðir og hafa 300.000 manns þurft að flýja heimili sín auk þess sem 1.300 manns hafa dáið vegna þessa. Ferðamönnum hefur fækkað mikið í kjölfarið en tilgangur sýningarinnar var bæði að safna peningum til styrktar fórnarlömbum óeirðanna og að bæta ímynd landsins gagnvart erlendu ferðafólki.

Sýningin var haldin í hátíðatjaldi á grassléttu sem er þekktari fyrir ljón en tískuklæðnað. Þar gengu fyrirsætur í tunglskininu og sýndu litskrúðugan klæðnað með ýmiss konar mynstrum og formum úr afrískri menningu.

*- mþþ*



Nútímaleg afrísk tíska.



Fyrirsæta í glæsilegum afrískum klæðnaði með vatnsílát í hægri hendi.



Fallegur sumarkjóll sýndur á grassléttu í Naíróbí.

Föt eftir fremstu tískuhönnuði Afríku.

Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K
Patrizia Pepe | Annhagen | Anderson & Lauth | Stella Nova
GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

## Vorum að taka upp nýjar vörur frá Burberry.

Verið velkomin.




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

# Föt fyrir sjálfstæðar konur

Tinna Hallbergsdóttir er nýútskrifaður fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands. Í lokaverkefninu hannaði hún á sterka og sjálfstæða konu.

Við vinnslu lokaverkefnisins fékk Tinna frjálsar hendur og byrjaði að safna að sér myndum í leit að innblæstri. Hún hannaði svo línuna sína fyrir sterka sjálfstæða konu.

„Ég tók eftir því að allar myndirnar sem ég hafði safnað að mér voru sterkar og grófar, af mótorhjólafólki og vöðvum og allar svolítið kynferðislegar,“ útskýrir Tinna. „Ég bjó því til karakter sem er sterk og ákveðin kona sem passar hvergi inn. Hún er það sterk að maður horfir á eftir henni á götu. Hún er adrenalínfíkill, stundar fallhlífarstökk og vill fá vindinn í hárið.“

Tinna segir einkennandi fyrir línuna sína að efripartarnir eru stórir og fyrirferðarmiklir við þröngar buxur. Efnisvalið ber síðan keim af undirbúningsvinnunni. „Ég nota mikið af leðri, latexi og gúmmíi og svo fékk ég líka feld sendan að utan. Ég gerði til dæmis latexbuxur sem eru formaðar eftir vöðvum líkamans. Þær eru vatteraðar þannig að það koma bungur sem líta út eins og vöðvarnir. Einnig notaði ég sterka liti eins og skær-lææmgrænan og gulan og svo túrkislit og svart.“

Tinna sá sjálf um að sníða fötin en segir saumaskap ekki vera sína sterkustu hlið. Á döfinni hjá henni nú eftir útskrift er að vinna og safna peningum til að komast til útlanda. Draumurinn er að vinna í stóru tískuhúsi. „Eftir áramót er stefnan tekin á útlönd. Mig langar helst til London eða New York en ég er búin að prófa París. Ég er ekki með vinnustofu heima eins og er en það gæti orðið í sumar þegar innistæðan á bankareikningum lagast,“ segir hún og hlær. *- rat*





**Tinna sá sjálf um að sníða fötinog notar mikið af leðri, latexi og gúmmíi.**



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**Tinna Hallbergsdóttir fatahönnuður er hrifin af kraftinum í íslenskri hönnun í dag.**




G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

**opið**
föstudag 11-18.30
laugardag 11-18
sunnudag 13-17

g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.


ÁSDÍS DÖGG ÓMARSDÓTTIR
LEIÐSÖGUMAÐUR OG JARÐFRÆÐINGUR SEM VINNUR Í CINTAMANI CENTER, LAUGAVEGI. ALHLIÐA ÚTIVISTARKONA EN SNJÓBRETTI, FJALLAHJÓLREIÐAR OG LONGBOARD BRETTIÐ ERU HENNAR SÉRGREINAR.
TECNOSTRETCH PEYSA: JÓNÍNA CM-524
FLÍS BUXUR: ÁSDÍS CM-815
WWW.CINTAMANI.IS
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG

# Smart á sundlaugarbakkanum

**Þegar veðrið er gott flykkjumst við í sund. Hvort sem það er til þess að synda, sleikja sólina á sundlaugarbakkanum eða bara til að sýna sig og sjá aðra, þá er málið að líta vel út. Þá er gott að eiga falleg sundföt og réttu fylgihlutina.**

**1.** Flottir demantssandalar sem taka sig vel út á sundlaugarbakkanum. Þessir fást í Oasis og kosta 4.490 krónur.

**2.** Létt flík yfir sundfötin til að skreppa eftir ís eða köldum drykk. Þessi fallega túnika fæst í Next og kostar 3.190 krónur.

**3.** Þröng sundskýla frá Speedo sem fæst í Útilíf. Hún kostar 4.590 krónur.

**4.** Svört og hvít bikiní frá Maraþon í Kringlunni eru töff í sólböðin í sumar. Hver hluti kostar 4.990 krónur.

**5.** Flottur sundbolur frá Útilíf. Hann er hlýralaus og opinn í bakið. Bolurinn kostar 7.990 krónur.

**6.** Skrautleg sundskýla frá Speedo sem fer ekki framhjá neinum. Þessi kostar 6.990 krónur.









**ILMVATNIÐ DAISY FRÁ MARC JACOBS** hlaut FiFi-verðlaunin á dögunum í hópi kvenilmvatna. FiFi-verðlaunin eru virtustu verðlaun sem hægt er að fá fyrir ilmvötn, oft nefnd Óskarsverðlaun ilmvatnsiðnaðarins. Light blue pour homme frá Dolce & Gabbana hlaut verðlaunin í flokki ilmvatna fyrir karla.

Verðlaun fyrir nýjan ilm í flokki kven- og karlilmvatna hlutu Infusion d'Iris frá Prada og Prive vetiver bablone frá Armani. Hönnuðurinn Vera Wang var heiðruð fyrir innlegg sitt í ilmvatnsheiminn og hlaut svokölluð Hall of Fame-verðlaun. Hún var mjög uppnumin yfir verðlaununum og sagði þau vera framar öllum sínum vonum. „Móðir mín elskaði ilmvötn og menntaði mig í listinni. Við bjuggum í París og ilmvatn var alltaf hluti af uppeldinu,“ sagði Vera, sem er með fjórar tegundir kvenilmvatna á markaðnum og eina fyrir karlmenn.



**Francisco Costa sem var valinn kvenfatahönnuður ársins mætti á hátíðina ásamt leikkonunni Evu Mendes.** NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Costa vinnur aftur

Fransisco Costa hjá Calvin Klein var kosinn kvenfatahönnuður ársins á CFDA-verðlaununum í fyrrakvöld. Verðlaunin, sem heita fullu nafni Council of Fashion Designers of America, eru ein virtustu verðlaun sem bandarískur fatahönnuður getur hlotið. Þetta er í annað sinn sem Fransisco hlýtur verðlaunin en hann hlaut þau einnig árið 2006.

Sigríður Skarphéðinsdóttir
Jóel Þorbjarnarson
Jón Skarphéðinsson
Margrét Skarphéðinsdóttir
Thor B. Eggertsson
Svanhildur Skarphéðinsdóttir
Magnús Sigurðsson
Jónas Rútsson
Kristín Viðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir mín og amma,*

## Halina Teresa Galezka

Ásabraut 12, Keflavík,

er látin. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, laugardaginn 7. júní kl. 11.00.

*KOCHANA MOJA ZONA, MATKA MOJA, I BABCIA*

**HALINA TERESA GALEZKA**
ÁSABRAUT 12, KEFLAVÍK,

ZMARLA BEDZIE WYPROWADZONA Z KOSCIOLA W NJARÐVIKU W SOBOTE, 7, CZER, GODZ. 11:00

MAZ:
KRZYSZTOF GALEZKI
CORKA' Z RODZINA
EWA WYDRA

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


SUMAR
Sjóðandi heit tilboð á
500GB
SPECIAL EDITION 720p
INOi margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.
• Tengist beint í sjónvarp eða græjur
• Hágæða kvikmynda afspilun
• Spilar ljósmyndir í slide show
• Spilar og geymir alla tónlist
• Er einnig handhægur flakkari
• Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
• Hlaðinn öllum helstu tengjum
19.900
3 DAGA TILBOÐ
9600GT
512MB GEFORCE 9600GT
Öflugasta 9600GT skjákortið í dag með 512MB af 2.0GHz GDDR3 minni, 720MHz kjarna og 100% hljóðlausa Silent Pipe3 tækni.
• 9600GT er alger bylting í skjákortum
• 512MB GDDR3 OC 2.0GHz minni
• TurboForce útgáfa fyrir meiri hraða
• 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
• 65nm kjarninn er kaldari og hraðari
• Þarf 50% minni orku en eldri kort
• PureVideo HD2 háupplausnarafspilun
• Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
• 100% Hljóðlaus Silent Pipe 3 tækni
GIGABYTE
14.900
NÝJASTA TÆKNIN Á BESTA VERÐINU
Triton 2
GIGABYTE
TRITON 2 TÖLVUTILBOÐ
Öflug og hljóðlát Triton tölva stútfull af öllum helstu nýjungum og tækni með 22"LCD skjá
• Intel Core 2 Duo E8200 2.66GHz 6MB
• 2GB DUAL DDR2 800MHz OCZ minni
• 500GB SATA2 32MB NCQ harðdiskur
• 20xDVD SuperMulti DL skrifari
• 22" WideScreen LCD 5ms 700:1 skjár
• 512MB 8600GT Silent Pipe2 skjákort
• 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðstýring
• 2.0 Creative i245 hátalarakerfi
• Vandað lyklaborð og Logitech mús
• Windows VISTA Home Premium
129.900
VE36 5.095 Á MÁN | VE lán í 36 mánuði
Strax
Til afgreiðslu á meðan birgðir endast
SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ
MH35
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Fislétt aðeins 2.6KG með Intel Santa Rosa tækni, 54Mbps þráðlausu neti og lyklaborði með sjálfstæðu talnaborði.
• Intel Core 2 Duo T2330 1.66GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 120GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15,4" WXGA DiamondView skjár
• 256MB Advanced M672 skjást.
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Packard Bell
79.900
VE36 3.250 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI
ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:
• Uppfærslur á vélbúnaði
• Gerum tölvur hljóðlátar
• Stýrikerfisuppsetningar
• Bilanaleit og lagfæringar
• Uppsetning og viðhald netkerfa
• Vírus- og Spyware hreinsun
• Hvergi lægra tímaverð!
2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND
STONE
1GB MP3
Einn minnsti spilari í heimi, aðeins 18.5g með hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 10klst og heyrnatólum
CREATIVE
4.990
STONE+
2GB MP3
2GB MP3 spilari með útvarpi, klukku, skeiðklukku, hljóðnema, 10 tíma hleðslurafhlöðu, heyrnatólum og fleira
CREATIVE
8.990
ZEN V+
2GB MP3
Tónlist, ljósmyndir, útvarp, kvikmyndir Zen Plus spilar þetta allt, 15 tíma hleðslurafhlaða og heyrnartól
CREATIVE
9.990
4GB
ZEN SPILARI
Ótrúlega nettur Creavite spilari á stærð við kreditkort, spilar bæði kvikmyndir, mp3 tónlist og með innbyggt FM útvarp.
CREATIVE
14.900
GIGABYTE
Black Edition turn 3
• Athlon 5000 Dual Core BE
• 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
• 500GB SATA2 32MB diskur
• 512MB Radeon HD3200 skjást.
• 7.1 HD Dolby Digital DTS
• Spire BlackFin V 420W turn
49.900


TILBOÐ
tölvum og tölvubúnaði
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim 16x DVD+R diskar
Hvergi á betra verði!
1.490
2GB
MINNISLYKILL
Flottir Disney minnislyklar með ól, eru líka handhæg lyklakippa
1.990
FARTÖLVA
• Intel Celeron M540 1.86GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 80GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• Vista Home Basic
• Hvergi á betra verði!
acer 5315
53.900
LANDSINS MESTA ÚRVAL
EEE PC
NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Bílar og tölvur

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** VILL EKKI FLEIRI TÖLVUR Í BÍLA



Flestir hlutir í dag eru nú tölvustýrðir. Fólk er komið með tölvustýrð líffæri og nánast allt á heimilum þess er nú tölvustýrt. Bílar hafa ekki sloppið frá þessari þróun og það skelfir mig.

Það vita allir að allt sem er tölvustýrt getur bilað og óhlýðnast eiganda sínum. Hver kannast ekki við það að tölvan geri það sem henni þóknast þrátt fyrir mótmæli eigandans? En aftur að áhyggjum mínum um bílana og fjölgun tölva í þeim. Svo margt er orðið tölvustýrt í bílum í dag. Þeir láta mann vita ef það er of lítið loft í dekkjunum eða ef vélin er eitthvað að bila. Þegar bíllinn bilar fer maður nú og lætur lesa tölvukubbinn í bílnum en ekki til venjulegs bifvélavirkja eins og í gamla daga. Mér finnst skelfilegt að hugsa til þess að vera í sunnudagsbíltúr þegar bíllinn tekur völdin því tölvan í honum hefur klikkað.

Þarna sit ég hjálparlaus í framsætinu og bið Guð og aðra góða menn að hjálpa mér meðan bíllinn þeysist á milli akreina langt yfir hámarkshraða. Rúðurnar fara upp og niður og bíllinn flautar níundu sinfóníu Beethovens á meðan ég þeysist upp Ártúnsbrekkuna á 180 kílómetra hraða. Ég veit ekki hvert bíllinn ætlar með mig og vona bara að hann verði bensínlaus innan skamms. Ég öskra eins og smástelpa þegar bíllinn þeysist sjálfviljugur framhjá Litlu kaffistofunni þar sem lögreglan liggur í leyni og veitir auðvitað eftirför.

Svo hringir síminn og það er frúin sem spyr hvort ég ætli að koma í mat en ég segi henni að það sé ólíklegt þar sem ég sé kominn hálfa leið austur fyrir fjall. Það eina sem getur bjargað mér úr þessari klípu er annaðhvort að dekk springi eða bíllinn verði bensínlaus. Allar tölvur í bílum hræða mig og ég get alveg sjálfur séð um að fylgjast með lofti í dekkjum og látið yfirfara vélina í stað þess að láta tölvu segja mér það.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Landsins stærsta

# Skósprengja

# Hefst í dag

kl:10.00

Lágmark

50%

afsláttur

Stendur í
10
daga

Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
Kringlunni - Smáralind

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn
Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

**Kl. 22**
*Tríó Matta Sax leikur á kaffihúsinu Cafe Cultura, Hverfisgötu 18, í kvöld kl.22. Auk Matta eru í bandinu þeir Stefán H. Henrýsson á orgel og Rafn Emilsson á gítar. Sérstakur gestur hljómsveitarinnar á tónleikunum í kvöld er söngkonan Áslaug Helga Hálfdánardóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Ítölsk kvöldstund í Hafnarborg*

Hátíðahöldin í tilefni af 100 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar halda áfram í kvöld með glæsilegum söngtónleikum í Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð bæjarins, í kvöld kl. 20. Á tónleikunum koma fram ungir og efnilegir söngvarar sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað söngnám á Ítalíu hjá Kristjáni Jóhannssyni tenór. Söngvararnir eru þau Hlöðver Sigurðsson tenór og Þórunn Marínósdóttir sópran og undirleikari á píanó er Antonía Hevesi. Á efnisskránni eru ítalskar óperuaríur og dúettar eftir Donizetti, Puccini og Verdi.

Hlöðver hóf söngnám hjá Antoníu Hevesi við Tónlistarskóla Siglufjarðar, stundaði síðan nám við Guildhall Scool of Music and Drama í London og síðar við Mozarteum Tónlistarháskólann í Salzburg.



**HLÖÐVER SIGURÐSSON, ÞÓRUNN MARINÓSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI** Skapa ítalska stemningu í Hafnarborg í kvöld.

Þórunn hóf söngnám sitt við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Dóru Reyndal og lauk þaðan burtfararprófi árið 2002. Þaðan lá leið hennar í framhaldsnám í söng hjá Martha Sharp, kennara við Mozarteum Tónlistarháskólann í Salzburg.

Síðastliðið eitt og hálft ár hafa Hlöðver og Þórunn bæði stundað söngnám hjá Kristjáni Jóhannssyni á Ítalíu.

Antonía Hevesi er fædd í Ungverjalandi. Frá því í ágúst 2002 hefur hún verið listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegistónleikaraðar Hafnarborgar, sem hefur boðið Hafnfirðingum upp á klassíska tóna einu sinni í mánuði við mikinn fögnuð bæjarbúa. Antonía starfar nú sem orgel- og píanómeðleikari á Íslandi og æfingarpíanisti við Íslensku Óperuna.

Aðgangur að tónleikunum í kvöld er ókeypis og öllum opinn og því er gráupplagt fyrir tónlistarunnendur að bregða sér í Hafnarborg og upplifa ítalska stemningu á íslensku júníkvöldi.

- vþ


# Montreal

## 6. eða 13. júní

## frá kr. 19.990



### *Allra síðustu sætin!*

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 6. og 13. júní. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi timinn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. **19.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum 6. júní í viku eða 13. júní í 2 vikur.

Verð kr. **25.340**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum 13. júní í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


# Sinfó mætir poppurum

**Velheppnuðu starfsári lýkur senn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í kvöld fara fram næstsíðustu tónleikar hljómsveitarinnar að sinni, en þeir eru með heldur óvenjulegu sniði. Franska söngkonan Keren Ann Zeidel og Barði Jóhannsson, heilinn á bak við hljómsveitina vinsælu Bang Gang, koma fram með Sinfóníunni og leika bæði eigin lög og tónlist sem þau hafa samið saman undir formerkjum hljómsveitarinnar Lady and Bird.**



**KEREN ANN ZEIDEL** Kemur fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og Barða Jóhannssyni á tónleikum í Háskólabíói í kvöld.

Söngkonan Keren Ann sendi frá sér sína fyrstu hljóðversplötu árið 2000 og hlaut sú frábærar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings. Síðan þá hefur hún sent frá sér fjórar plötur til viðbótar og leikið á tónleikum víða um heim. Tónlist hennar hefur að auki verið notuð talsvert í sjónvarpsþáttum og auglýsingum. Hljómsveitin Lady and Bird gaf út samnefnda plötu fyrir nokkrum árum og hefur að auki samið kvikmyndatónlist og sent frá sér bók. Dúettinn hefur aðeins komið fram á þrennum tónleikum fram að þessu og hefur verið uppselt á þá alla.

Keren Ann og Barði hafa eytt miklum tíma í æfingar ásamt Sinfóníunni síðustu daga, enda stórtónleikar í aðsigi. Lady and Bird komu síðast fram á tónleikum á Íslandi árið 2005 þar sem þau léku mestmegnis tónlist af hljómplötu sinni, en Keren segir tónleikana í kvöld verða með allt öðru sniði. „Fyrir þremur árum lékum við eingöngu tónlist með Lady and Bird, en tónleikarnir í kvöld byggjast mestmegnis upp á tónlistinni sem við höfum gefið út undir eigin nöfnum. Við tökum þó nokkur Lady and Bird lög, en þetta eru í raun frekar tónleikar með tveimur sólólistamönnum.“

Það er einnig nokkur nýjung fyrir Keren og Barða að leika tónlist sína með heilli sinfóníuhljómsveit. „Þetta er stórkostlegt ævintýri fyrir okkur,“ segir Keren með bros á vör. „Mér þykir árangurinn alltaf áhugaverður þegar blandað er saman heimum popptónlistar annars vegar og klassískrar tónlistar hins vegar. Það er magnað að heyra laglínur sem maður samdi á gítar eða píanó öðlast líf í stórum hljómsveitarútsetningum; jafnframt er gaman að vinna að tónlist með svona mörgu fólki, hljómsveitinni, hljómsveitarstjóranum og útsetjaranum. Það er mjög gefandi.“

Keren segist reyndar ekki gera mikið af því að vinna með öðrum, utan hljómsveitarinnar Lady and Bird. „Ég hef unnið örfá verkefni með öðru fólki, en samstarf mitt við Barða er það sem hefur enst lengst. Við höfum brallað margt saman í gegnum árin og eigum enn eftir að hrinda mörgum hugmyndum í framkvæmd. Samstarf okkar byggist á því að við náum vel saman sem tónlistarmenn; við berum fullt traust hvort til annars og erum góðir vinir. Að mínu mati er Barði framúrskarandi tónlistarmaður og lagahöfundur og mér finnst ég læra afskaplega mikið af því að vinna með honum.“

Sem gefur að skilja er þó ekki alltaf hlaupið að því fyrir tvo tónlistarmenn sem eiga talsverðri velgengni að fagna í eigin rétti að finna tíma til þess að vinna saman. Keren segir þó lítið mál að finna tíma til samstarfs þegar viljinn er fyrir hendi. „Ég er nýkomin úr árslöngu tónleikaferðalagi um allan heim og fer beint í þetta verkefni. Fólk furðar sig gjarnan á því að við nennum að starfrækja Lady and Bird þar sem það er meira en nóg að gera hjá okkur þess utan. En við viljum halda áfram að vinna saman og því finnum við okkur tíma til þess, svo einfalt er það.“

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar, Keren Ann og Barða eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og hefjast kl. 19.30 í Háskólabíói.

vigdis@frettabladid.is

# Myndlist blómleg fyrir austan

Sýningaröðin Sjónheyrn opnar með pompi og pragt næstkomandi laugardag á Vesturveggnum í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi. Sýningarstjórar eru þau Ingólfur Örn Arnarson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir og sáu þau um að velja saman listamennina sem sýna verk sín á veggnum í sumar. Líkt og titillinn gefur til kynna leggur sýningin nokkra áherslu á að sameina hljóð- og myndlist og því sýna flestir listamannanna tveir saman, annar sem myndlistarmaður og hinn sem hljóðlistarmaður. Þó eru hlutverkin sjaldnast svo skýr og kemur margt forvitnilegt út úr samstarfinu.



**SJÓNRÆNA HLIÐIN** Mynd eftir Gunnhildi Unu Jónsdóttur.

Á fyrstu sýningu Sjónheyrnar má sjá verk eftir þau Gunnhildi Unu Jónsdóttur og Hilmar Bjarnason. Þau hafa dvalist undanfarin ár í Pittsburgh í Pennsylvaníu þar sem Gunnhildur var í mastersnámi í myndlist í háskólanum Carnegie Mellon og eru verkin sem þau sýna á Seyðisfirði tengd þeirri dvöl. Sýningin stendur yfir til 24. júní og er öllum opin. Aðgangur er ókeypis.

Jafnframt er vert að minna á að nú stendur yfir í Skaftfelli sýning SkyrLeeBob í aðalsýningarsalnum, en hún er framlag Skaftfells til Ferðalags, verkefnis sem var unnið fyrir Listahátíð í Reykjavík 2008. SkyrLeeBob er fjöllistahópur þeirra Guðna Gunnarssonar myndlistarmanns, Ernu Ómarsdóttur dansara og Lieven Dousselaere tónlistarmanns. Á sýningunni eru ljósmyndir af SkyrLeeBob við ýmsar athafnir; 6 videó með SkyrLeeBob frá Seyðisfirði, munir úr gjörningum SkyrLeeBob og í undraherberginu er einnig videóupptaka frá gjörningi SkyrLeeBob á opnun sýningarinnar. Síðasti sýningardagur er 15. júní.

Skaftfell er til húsa að Austurvegi 42 á Seyðisfirði.

- vþ


Ali
Gott íslenskt hráefni á grillið
METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA
Ali
SÍÐAN 1944
100% ÍSLENSKT
Þú veist hvar það er framleitt
Ali
kótilettur
HUNANGS
mareneraðar og léttreyktar
Ali
Grill
Ali
Kjúklinga
Leggir & læri
Full eldað
Ali
Svínakjöt
Alltaf jafn gott!
Tilvalið á grillið eða á pönnuna!
Ali
Mexíkókryddað svínakjöt
Tilvalið á grillið eða á pönnuna!
Ali
Jurtakryddað svínakjöt
Ali
Barbeque kryddaðar
svínakótelettur
Ali
Babyback
Tilvalið á grillið eða í ofninn!
Ali
Krydduð svínarif
TILBÚIÐ
Ali
Spareribs
Ali
GRILLPYLSUR
Ali
BABYBACK Grísarif
með barbequesósu
Ali
Spareribs
Ali

# Málþing um verk Magnúsar

Listasafn Árnesinga í Hveragerði hýsir um þessar mundir sýningu á verkum eftir Magnús Kjartansson myndlistarmann sem lést árið 2006. Á sýningunni, sem er liður í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík, eru 43 verk sem Magnús vann á pappír milli áranna 1982 og 1988 og hafa aðeins fáein af þessum verkum áður verið sýnd. Í þeim má rekja tilraunir Magnúsar með ýmsar ljósprentsaðferðir sem gerðu honum kleift að þrykkja hluti, myndir og jafnvel eigin líkama beint á pappírinn.

Næstkomandi laugardag á milli kl. 12.30 og 15.30 verður haldið stutt málþing um verk Magnúsar og viðfangsefni hans. Málþinginu stýrir Jón Proppé, sýningarstjóri sýningarinnar. Aðrir frummælendur verða Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, Snorri Ásmundsson myndlistarmaður og Þóra Þórisdóttir, myndlistarmaður og gagnrýnandi.

Verkin á sýningunni marka mikið umbrotatímabil í list Magnúsar þar sem hann reiddi sig minna á fágun og formtækni en áður og gekk nær sjálfum sér, bæði í myndefninu og aðferðunum við gerð myndanna. Magnúsi lynti ekki alltaf við samtíð sína en margt í list hans kallast á við verk yngri íslenskra listamanna, einkum hvað varðar sjálfsskilning listamannsins og líkamlega nálægð í verkunum. Líkamleg tjáning í þessum verkum er sterk og þar birtast handa- og jafnvel fótaför innan um ágengar táknmyndir svo tjáning þeirra er einna líkust dansi og sterkir litir og kröftug teikning draga áhorfandann nær.



**LJÓSPRENT MAGNÚSAR** Eitt af verkunum sem sjá má í Listasafni Árnesinga.

Á málþinginu verður tekið á þessum viðfangsefnum Magnúsar, leitast við að skoða þau í ljósi samtímalistarinnar og skýra listsögulegt samhengi þeirra. Þar verður því bæði fjallað um verk Magnúsar sjálfs og um ýmsar hliðstæður í myndlistinni, einkum eins og þær birtast í verkum yngri íslenskra listamanna. Einnig verður rætt um listpólitík og möguleika listamanna á Íslandi til að þroskast í list sinni, en um það hafði Magnús sterkar skoðanir. Frummælendur munu halda stutt framsöguerindi en áhersla verður síðan lögð á opnar og fjörugar umræður með gestum. Málþingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis. - vþ



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Amerískir GE kæliskápar

GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir

GCE21LGWFS – Stærð: h 176 x b 90,9 x d 60,7 sm – Með ryðfríum stálhurðum
381 ltr. kælir og 173 ltr. frystir – Orkunotkun: A

General Electric

TILBOÐ kr.: 219.900*

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Leigjendurnir fluttu út

Í sýningarrýminu Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur verður opnuð í dag sýningin Leigjendurnir eftir ljósmyndarann og myndlistarmanninn Anne Kathrin Greiner. Viðfangsefni sýningarinnar er yfirgefin herstöð á Íslandi, en myndirnar eru allar teknar á herstöðinni í Keflavík stuttu eftir að íbúar hennar yfirgáfu hana og fluttu aftur til síns heima.

Í verkum sínum fæst Anne Kathrin gjarnan við þau veraldlegu og hversdagslegu svæði sem svo oft er litið fram hjá en sem þrátt fyrir það hafa bolmagn til að vekja upp umræður um reynsluheim og minningar bæði einstaklingsins og heildarinnar. Um leið eru þau hvatning til þess að fólk velti fyrir sér hinu liðna og tengingu þess við samtímann. Meðal annarra hugðarefna hennar eru menningarleg staða í umhverfi samtímans sem og landamæri og þröskuldar bæði í bókstaflegri merkingu og á myndhverfðan hátt.



**TÓMLEGT** Ein af ljósmyndum Anne Kathrin Greiner sem til sýnis verður á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Myndirnar fela í sér hugleiðingar sem tengjast missi, brotthvarfi, ótta við nútímann, ofsóknaræði og arkitektúrnum í umhverfi okkar. Hugmyndin um yfirgefna herstöð er notuð í sýningunni til að koma á framfæri málefnum af þessu tagi sem eru bæði tímalaus og alþjóðleg en sem um leið snúast að verulegu leyti um menningarlega og pólitíska spillingu í samtímanum.

Anne Kathrin Greiner býr og starfar í Berlín og London. Hún hefur meistaragráðu í myndlist frá The Royal College of Art og hefur verið með einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um heim. - vþ

## NÝ TÍMARIT

SKÍRNIR, vorheftið 2008, er komið út. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson. Meðal efnis er ritgerð eftir Pál Skúlason um Menningu og markaðshyggju, Kristín Þórarinsdóttir skrifar um List og listsköpun Steins Steinars á tilurðarárum Tímans og vatnsins, Jón Karl Helgason fjallar um Vikivaka eftir Gunnar Gunnarsson, Viktor Smári Sæmundsson og Sigurður Ingólfsson gera grein fyrir rannsóknum sínum á meintum fölsunum í fölsunarmálinu, Gunnar Karlsson skrifar um sagnfræði og sannleik, Ásta Kristín Benediktsdóttir fjallar um Dægurvísu Jakobínu Sigurðardóttur og Gísli Sigurðsson um sögu Guðmundar ríka. Þá eru skrif í ritinu um íslam auk umsagna um bækur, ljóð eftir Matthías Johannessen og myndlistarmaður þessa heftis er Hreinn Friðfinnsson. Heftið er 275 síður að lesmáli.



Tímarit Máls og menningar er komið út og er það annað hefti 69. árgangs. Þar birtir Vilborg Dagbjartsdóttir fjórtán hækur til heiðurs Helga Hálfdanarsyni, Aðalbjörg Bragadóttir fjallar um Flateyjargátu Viktors Arnar Ingólfssonar, Úlfhildur Dagsdóttir skrifar um myndasögur og sögur í myndum, Grete Cox segir af kynnum sínum af Málfríði Einarsdóttur, Stefán Sigurkarlsson skrifar minningabrot úr Hólmanesi, Magnús Karl Pétursson læknir segir frá ferðum sínum um Miðjarðarhafslönd 1955-6, Bragi Þorgrímur Ólafsson fjallar um deilur um lestur rómana á síðari hluta 19. aldar. Þá eru birt í heftinu sögubrot og ljóð eftir Guðrúnu Hannesdóttur, Jón Atla Jónasson, Óttar Norðfjörð, Ögmund Bjarnason og fleiri, auk umræðu um menningarvettvanginn. Heftið er 144 síður að lesmáli og er útgefandi Mál og menning en ritstýra Silja Aðalsteinsdóttir.



Ritið: 2-3/2007 er komið út í ritstjórn Gauta Kristmundssonar og Ólafs Rastrick. Það er helgað innflytjendum. Eiga Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Viðar Þorsteinsson, Jón Magnússon, Sverrir Jakobsson og Stefanía Óskarsdóttir skoðanaskipti um innflytjenda“vandann“. Þemagreinar tengjast sama efni og eru eftir Jón Ólafsson, Eirík Bergmann Einarsson, Unni Dís Skaptadóttur og Önnu Wojtynska, Ástríði Stefánsdóttur og Björgu Hjartardóttur. Þá eru í heftinu myndverk, þýðingar og greinar um bækur, heimspeki og sögu, bréf frá Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og fleira. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands gefur út.



Annað hefti Sjónaukans er komið út. Ritstjórar og útgefendur eru þær Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Karlotta Blöndal. Heftið er helgað hinu ljóðræna og birtir Eva Heisler þar ritgerð um hið ljóðræna í konseptinu, Marita Muukkonen um listastofnanir og þjóðernishyggju, og Oddný Eir Ævarsdóttir fer á flakk með Hreini Friðfinnssyni. Í heftinu er viðtal við Hans Ulrich Obrist og Sharon Hayes. Birt eru óbirt verk auk fastra liða. Tíamritið er ríkulega myndskreytt og í stóru broti, 23 x 28 sm. 92 síður.



# Gamla grillið uppí á 10.000kr*

OPIÐ til 20 alla daga

* Sendum þér nýja grillið samsett og tökum það gamla



### Grandhall Professional 529
- 17,5kWh, 5 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjarar úr 430 ryðfríu stáli
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

149.999 stk.

Þú borgar 139.999 kr ef þú skilar gamla grillinu



### Grandhall Classic 219
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Postulíns húðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulíns húðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- 430 ryðfrítt stál
- Innbyggður hitamælir

49.999 stk.

Þú borgar 39.999 kr ef þú skilar gamla grillinu



### Grandhall Premium 327
- 22kWh, 5 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Postulíns húðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Innbyggður hitamælir

99.999 stk.

Þú borgar 89.999 kr ef þú skilar gamla grillinu



### Grandhall Premium 323
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Postulíns húðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með háglans áferð
- Postulíns húðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

79.999 stk.

Þú borgar 69.999 kr ef þú skilar gamla grillinu



19.999 stk.

Verð áður 21.999.-

### Broil Mate 13023
- 8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710 sm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677 sm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulíns húðaðar járngrindur til eldunar
- Postulíns húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 sm / 7" hjól



29.999 stk.

Verð áður 31.999.-

### Broil Mate 13863
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu.
- 2129cm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulíns húðaðar járngrindur til eldunar
- Postulíns húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18cm / 7" hjól

## Úrval af Grillpro grillaukahlutum á frábæru verði



| Grillpenslar | Maíshöldur | Gaskveikjari | Grillpinnar | Trépinnar | Keramik steinar | Kjúklingagrind | Hamborgaragrind |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 349 pk. | 149 pk. | 629 stk. | 579 pk. | 349 pk. | 1.199 pk. | 1.999 stk. | 1.799 stk. |

Gildir til 8. júní eða á meðan birgðir endast.
* Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.
Gamla grillið upp í á 10.000kr gildir aðeins um Grandhall grill í þessari auglýsingu.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Sparaðu með Brimborg

## Nýrekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði.

**Mazda5 Advance**

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
$CO_2$ losun 187 g/km 7 manna
Eyðsla í blönduðum akstri 8,3 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.130.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 422.445 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði.

**Ford Fusion Trend**

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.050.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 280.210 kr.
5 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Bensínverðvernd
Brimborgar




# ur skilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

## Tilboð. Rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði.

**Volvo S60 SE m/leðri**

2,0T 180 hö 240 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 202 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 10,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 5.272.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 725.969 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

## Tilboð. Rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði.

**Citroën C5 Exclusive**

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.250.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 464.768 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## >INDVERSKA UNDRABARNIÐ

Nýjasta kvikmynd M. Night Shyamalan verður frumsýnd um helgina. Að þessu sinni er það heimsendir sem er Shyamalan hugfólginn í The Happening með Mark Wahlberg. Af öðrum frumsýningum má nefna Zohan með Adam Sandler og 88 minutes með Al Pacino.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ridley Scott til bjargar Sci-Fi

Eftir nokkrar magrar framtíðarmyndir með Will Smith þar sem hann berst við óargadýr og vélmenni um yfirráðin á jörðinni eru aðdáendur vísindaskáldskapar (e. science fiction, eða Sci-Fi) orðnir langeygir eftir einhverju af viti úr þessum geira. Frétt Empire af næsta verkefni Ridley Scott hefur orðið þess valdandi að þessir nirðir eru margir hverjir búnir að opna einn bjór og skála í tilefni dagsins, því Scott upplýsir í samtali við tímaritið Eclipse Magazine að næsta mynd hans verði einmitt slík mynd. „Ég er búinn að bíða eftir þessari bók í tuttugu ár og fer í að gera kvikmynd eftir henni þegar við erum búnir með Hróa Hattar-myndina sem ég er að gera núna með Russell Crowe," sagði Scott, sem vildi þó ekki gefa upp hvaða bók þetta væri.

Þessar fréttir eru slík gleðitíðindi fyrir þessa gerð kvikmynda að blaðamaður Empire ræður sér vart fyrir kæti. Og ekki nema von. Scott er snillingur í að gera drungalega framtíðarsýn og mönnum nægir að leigja sér Blade Runner til að sannfærast um snilli leikstjórans. Sé hún ekki nóg mælir Empire með því að næstu fimm klukkustundum verði varið í áðurnefnda Blade Runner og Alien og þá hljóti menn að vera reiðubúnir til að fallast á alhæfingar Empire-tímaritsins: Ridley Scott sé einfaldlega bestur þegar komi að Sci-Fi.



**RIDLEY SCOTT** Aðdáendur Sci-Fi eru ákaflega spenntir yfir yfirlýsingum Ridley Scott um að hann ætli að snúa sér aftur að þessari gerð kvikmynda.

# Holmes vaknar

Guy Ritchie, maðurinn hennar Madonnu, ætlar að leikstýra kvikmynd um Sherlock Holmes, þekktustu persónu Arthur Conan Doyle. Ritchie hefur hingað til verið hugfanginn af breskum durgum og óþjóðalýð en ætlar nú að snúa frá villu vegar og fjalla um glæpi frá hinni hliðinni.

Að sjálfsögðu liggur myndasaga til grundvallar en það þykir væntanlega tíðindum sæta að hún er ekki eftir Frank Miller heldur Lionel Wigram. Sú á að reisa þessa goðsögn upp á afturlappirnar með aðeins meiri hasar og spennu en aðdáendur Holmes eiga að venjast. Gert er ráð fyrir því að Holmes og Watson snúi aftur á hvíta tjaldið árið 2010.



**HOLMES NÆSTUR** Guy Ritchie ætlar að spreyta sig á Sherlock Holmes, frægustu persónu Arthur Conan Doyle. Madonna fær vonandi ekki hlutverk í myndinni.

# Damon önnum kafinn

Matt Damon hefur fallist á að leika ruðningskappa á móti Morgan Freeman í kvikmyndinni The Human Factor eftir Clint Eastwood. Samstarf Freemans og Eastwoods hefur oft leitt af sér gullnar styttur og þakkarræður í Kodak-höllinni og því skyldi enginn útiloka þótt Damon fetaði í fótspor Hillary Swank sem fékk Óskar fyrir leik sinn í Million Dollar Baby.

Damon hefur vart undan að anna eftirspurn í draumaverksmiðjunni. Hann er nýbúinn að leika í Green Zone í leikstjórn hins magnaða Pauls Greengrass en hún fjallar um græna svæðið í Bagdad. Myndin er byggð á bókinni Imperial Life in the Emerald City sem vakið hefur mikla athygli. Þá er Damon að leika í The Informant undir stjórn Stevens Soderbergh þannig að hann ætti að geta átt fyrir salti í grautinn næstu mánuði.



**Á FULLU** Þrjár myndir eru væntanlegar með Matt Damon á einu ári.






# Frá O'Hara til Bridget Jones

**Stúlkurnar í Beðmálunum áttu í fullu tré við hinn roskna Indiana Jones sem sannar hið fornkveðna að fátt þykir konum jafn skemmtilegt og að láta sig dreyma í kvikmyndasölunum. Fréttablaðið leitaði eftir „bestu stelpumyndum" sögunnar og þrátt fyrir að listinn sé síður en svo fullkominn gefur hann hugsanlega vísbendingu um hvernig kvikmyndaframleiðendur geta malað gull.**



**ELDHEITT SAMBAND** „This is an honorable proposal of marriage made at what I consider a most opportune moment," sagði Rhett við Scarlett, sem brást ókvæða við. Ein mesta og lengsta stelpumynd sögunnar.

Hægt er að skipta „stelpu-myndum" upp í nokkra flokka. Gróflega væru það dansmyndir, söngvamyndir, rómantískar myndir, stíliseraðar myndir og dramatískar myndir. Þegar fyrsti flokkurinn er tekinn í gegn kemur í ljós að ekki er um neinn sérstaklega auðugan garð að gresja. Hiphopp-dansmyndirnar hafa ekki notið neinnar sérstakrar hylli og dansmyndir áttu helst upp á pallborðið í kringum 1940 og 1950 þegar Fred Astaire og Ginger Rogers dönsuðu sig í gegnum lífið. En árið 1987 breyttist allt þegar Patrick Swayze sýndi ballett-fimi sína í djörfum dansi með Jennifer Grey. Og allar strákarnir urðu að gjörasvovel að kynna sér allt um fótafimi Swayzes. Heyra mátti saumnál detta, jafnvel ekkasog á sumum sýningunum þegar Baby og Johnny tóku síðasta dansinn. Swayze átti reyndar hug og hjörtu kvenþjóðarinnar þetta stutta tímabil því ófáar stúlkurnar dreymdi um að leika eftir senuna í Ghost.

### Glamúrgellur og vændiskonur

En Dirty Dancing og Ghost eru börn síns tíma og þótt sumar stelpur leigi sér hana í einhverju „flippi" þá komast þær fljótlega í raun um að allar '80-myndir eru hvorki fugl né fiskur. Hins vegar hefur Breakfast at Tiffany's með Audrey Hepburn verið meðal kvenþjóðarinnar frá því að hún var frumsýnd árið 1961. Þar gaf Hepburn hinum víðfræga svarta kjól eilíft líf og hvítu hanskarnir og munnstykkið fengu að fylgja með. Slíkur er áhrifamáttur myndarinnar að stelpur byrjuðu að reykja eftir upplifun sína af henni. Skemmtistelpan og sendítíkin Holly Golightly er þó ekki eina glamúrgellan sem stelpur hafa hrifist af og elskað.



**FRÆGUR KJÓLL** Þessi klæðnaður Audrey Hepburn hefur birst ófáum konum í draumi og þær geta horft á Breakfast at Tiffany's aftur og aftur vegna hans.

Árið 1990 tók Julia Roberts heiminn með trompi þegar hún brá sér í líki Vivian Ward, hórunnar sem heillar auðkýfinginn Edward Lewis upp úr skónum. Pretty Woman er í raun nútíma Öskubuskusaga þar sem Gere kemur ríðandi á svartri limmósínu í lokin og þau lifa hamingjusömu lífi það sem eftir er. Ward birtist kvikmyndahúsagestum sem stolt kona en það reyndist Lewis jafnframt auðvelt að töfra hana til sín með háum ávísunum í frægustu tískuhús New York-borgar. Slíkar dekurrófur eru ekkert síður vinsælar hjá konum og frægasta dæmið um það er vafalítið Scarlett O'Hara í Gone with the Wind. Eflaust þyrfti að múta hverjum og einasta karlpeningi með dýrindis nautasteik og knattspyrnuleik ef hann ætti að horfa á þessa fjögurra tíma kvikmynd þar sem logandi Suðurríkjahitinn og rafmagnað samband Rhetts og Scarlett umlykur allt. Sem betur fer geta konur gert tvennt í einu, ólíkt körlunum, og þær eiga því fremur auðvelt með að þola þessa hádramatísku mynd.

### Jafnréttisbarátta

En konur elska ekki bara einhverjar draumsýnir, slóttugan Clark Gable, vændiskonu í New York og svartklædda Audrey Hepburn. Þeim þykir líka ákaflega gaman þegar kvikmyndir gera raunverulegu hlutskipti þeirra góð skil og lýsa jafnvel baráttu þeirra fyrir jafnrétti. Working Girl með Sigourney Weaver og Melanie Griffith lýsti vel því erfiða hlutskipti sem fylgdi því að vera útivinnandi kona í harðnandi heimi á níunda áratugnum þar sem Gordon Gekkóar réðu yfir Wall Street. The Color Purple með Opruh Winfrey er jafnframt sterk og hefur haft mikil áhrif á kvennabaráttu um allan heim.



**EKTA KONA** Bridget Jones þótti einstaklega vel heppnuð stelpumynd því konur sáu öllu sín vandamál birtast í einni og sömu konunni.

Konum þykir ekkert síður fyndið þegar gert er grín að veikleikum þeirra, tiktúrum og öllum þessum skrítnum hlutum sem karlmenn skilja hvorki upp né niður í. Bridget Jones (fyrsta myndin) er eflaust skýrasta dæmið um það. Bók Helen Fielding hafði selst í bílförmum og Renée Zellweger þótti fara vel með hina sérlunduðu og seinheppnu Jones. Ekki skemmdi fyrir að allar konur töldu sig eiga sitthvað í Bridget Jones, áhyggjum hennar og óstjórnlegri hrifningu af „vonda" stráknum.

Þegar allt kemur til alls þá er til sægur af stelpumyndum. Kvikmyndagerð þar sem karlar standa hreinlega á öndinni yfir hrifningu konunnar og skilja ekkert í spúsu sinn. Rétt eins og þegar konur undra sig á því þegar karlinn heldur að Toyota Corolla-bifreiðin hafi umbreyst í Aston Martin og húsbóndinn er farinn að tala með enskum hreim um Dry Martini.

freyrgigja@frettabladid.is




**1.749** kr/kg. áður 2.498 kr/kg.
Goða grísalund meistarans




**1.284** kr/kg. áður 1.834 kr/kg.
Goða grísasnitsel




**1.248** kr/kg. áður 1.783 kr/kg.
Goða grísakótilettur




**699** kr/kg. áður 937 kr/kg.
Nettó nautahakk




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Alvöru hamborgarar - 2x 175 gr.




**440** kr/kg. áður 629 kr/kg.
Þykkvabæjar plokkfiskur - 600 gr.




**265** kr/pk. áður 379 kr/pk.
Þykkvabæjar gratín 600 gr. - 2 tegundir




**495** kr/kg áður 626 kr/kg.
BBQ leggir - magnpoki




**Flott úrval frá Casa Fiesta**




**109** kr/pk áður 219 kr/pk.
Nettó brauð

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 5. júní til 8. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**> Sumardrykkirnir …**

*… verða enn líflegri ef brugðið er á leik með klaka. Blandaðu saman jarðarberjum, vatni, sykri og smá sítrónusafa í blandara og frystu, eða búðu til klaka úr djúsblöndum. Jarðarberjaklaki er skemmtilegur bæði í gosdrykki og kampavínsglas.*

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SARA MARTI GUÐMUNDSDÓTTIR LEIKKONA

# *Snákakjöt í Kína undarlegt undir tönn*



**Hvaða matar gætiru síst verið án?** Spínats. Eftir að ég byrjaði að borða spínat hætti ég að fá flensu einu sinni í mánuði.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Íranskur kavíar heima hjá afa unnusta míns.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Gellur og kinnar. Ég get bara ekki sett þær upp í mig.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Hunt's Honey Mustard BBQ sósa. Hún er einfaldlega góð með öllu! Kjúlla, kjöti, meira að segja spínati. Maður skellir henni bara á pönnuna með hverju sem er.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ég hef verið að æfa mig að gera gazpacho, eftir uppskrift sem ég fékk hjá ömmu minni, því ég er hálfur Spánverji og það er algjör heilsubomba. Tómatarnir kæla líkamann mjög vel.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Sojamjólk.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Einhverja góða sósu til að hafa með humrinum sem ég myndi veiða mér.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Snákasúpa sem ég fékk í Kína. Það er skrítið að borða snák, eins og allt sem maður er ekki vanur. Ég var viss um að eitthvað væri að kjötinu, en það var alls ekki vont.



**SÆTT MEÐ GRILLINU** Sætar kartöflur henta vel á grillið, en úr þeim má til dæmis búa til einfalt og ljúffengt salat. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kartöflur á grillið

Ekki gleyma grænmetinu þó að grillið sé vaknað úr dvala. Það er um að gera að grilla meðlætið um leið og kóteletturnar, eða hvað það er sem hefur orðið fyrir valinu í það og það skiptið. Sætar kartöflur henta vel með ýmsum mat og eru sérlega ljúffengar af grillinu. Þessa uppskrift að sætum kartöfluflögum er að finna á vefnum epicurious.com.

1 kg sætar kartöflur
¼ bolli ólífuolía
1 tsk. salt
1 tsk. kúmen
1 vorlaukur
2 tsk. nýkreistur lime safi
límónusneiðar
¼ bolli ferskur kóríander

Sjóðið kartöflur í söltuðu vatni undir loki þar til þær eru rétt orðnar meyrar, í um 15-30 mínútur eftir stærð þeirra. Hellið vatni af og skolið kartöflur með köldu vatni. Skrælið og skerið í um 1 cm þykkar skífur.

Hrærið saman olíu, salti og kúmeni í skál og penslið báðar hliðar kartöfluskífanna með blöndunni. Skiljið þó aðeins eftir af blöndunni.

Grillið þar til þær eru gullinbrúnar, í um mínútu á hvorri hlið. Notið tangir til að færa kartöflurnar yfir á bakka. Skerið vorlaukinn skáhallt í þunnar sneiðar, sáldrið yfir kartöflurnar. Pískið límónusafann saman við olíublönduna, saltið og piprið eftir smekk og dreypið yfir kartöflurnar. Stráið kóríander yfir og berið fram með límónusneiðum.

# Kaupir hlut í Domo

Matreiðslumaðurinn Ragnar Ómarsson hefur bæst í eigendahóp Domo, en hann hefur verið yfirkokkur þar frá opnun staðarins í desember 2006. Aðrir eigendur Domo eru Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson. Ragnar er sem stendur fyrirliði og þjálfari íslenska kokkalandsliðsins og hefur unnið til fjölda verðlauna. Hann hefur til að mynda keppt fyrir Íslands hönd í Bocuse D'Or, virtustu matreiðslukeppni í heimi.

Ragnar kveðst ekki ætla að gera miklar breytingar á starfsemi Domo, en segir að afrískra áhrifa verði að gæta í matreiðslu. „Það sem er efst á blaði hjá okkur er að göfga enn frekar bragðlauka landans með því að færa inn á matseðilinn okkar rétti og krydd sem koma frá framandi stöðum í Afríku," segir Ragnar.

Domo er til húsa að Þingholtsstræti 5.



**Í EIGENDAHÓP DOMO** Ragnar Ómarsson hefur eignast hlut í veitingastaðnum Domo, en hann hefur verið yfirkokkur þar á bæ síðan staðurinn var opnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallerý fiskur

Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað


# Vill bragðmikinn mat

**Dýrleif Ýr Örlygsdóttir býður lesendum blaðsins upp á sumarlegan forrétt. Hún vill fá góðan mat í það minnsta einu sinni á dag.**

„Þessi réttur er rosalega góður. Ég fékk uppskriftina fyrir nokkrum árum hjá honum Ragnari, sem varð síðan yfirkokkurinn á Domo," útskýrir Dýrleif, en maður hennar, Kormákur Geirharðsson, er einmitt einn eigenda veitingastaðarins. „Ég er búin að nota þessa uppskrift alveg rosalega oft, einmitt af því að hún er svo auðveld og góð. Maður er ekki nema fimm mínútur að þessu, sem er mjög þægilegt ef maður er að fá fólk í mat," segir Dýrleif, sem jafnvel hefur notað hana sem aðalrétt. „Þá skipti ég rækjunum út fyrir humar og eyk bara magnið af öllu," útskýrir hún. Réttinn má bæði grilla eða steikja á pönnu. „Hann er kannski enn betri af grillinu, sérstaklega svona á sumrin, en það virkar líka mjög vel að steikja hann. Ég hef oft gert það, ég er ekki einu sinni með grill hérna heima," segir hún.

Dýrleif kveðst vera mikill sælkeri og hafa gaman af því að elda. „Ég reyni samt að hafa allar uppskriftir í fljótlegra lagi. Ég er ekki alveg komin á þann stað í lífinu að ég hafi marga klukkutíma til að verja í eldhúsinu," segir hún og hlær við. „Ég er hrifin af dálítið bragðmiklum mat. Ég er mjög hrifin af kryddum eins og engiferi, kóríander og chilli, sem eru einmitt öll í þessari uppskrift."

Eins og flestum sælkerum finnst Dýrleifu ekki leiðinlegt að halda matarboð. „Mér finnst mjög skemmtilegt að bæði bjóða í og fara í matarboð, en í rauninni finnst mér mikilvægt að borða góðan mat einu sinni á dag. Ég og maðurinn minn eldum oft saman og eigum góða stund í eldhúsinu," segir hún brosandi.

Dýrleif hefur starfað mikið sem stílisti og búningahönnuður í gegnum tíðina, en hefur nú tekið sér pásu frá frílanslífinu, eins og hún kallar það. „Ég var að byrja að vinna hjá Habitat, þar sem ég sé um útstillingar og þvíumlíkt. Þetta er á sama sviði, en mér finnst fínt að breyta aðeins til. Það er góð tilbreyting að vera á launaskrá einhvers staðar," segir hún og hlær.

sunna@frettabladid.is



**FLJÓTLEGT EN BRAGÐGOTT** Dýrleif Ýr Örlygsdóttir vill hafa matinn sinn bragðmikinn en fljótlegan. Uppskriftin að tígrisrækjunum sameinar þetta tvennt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GRILLUÐ ENGIFERMARINERUÐ TÍGRISRÆKJA MEÐ APRIKÓSU-LIME-DÝFU**
**Forréttur**
Ca 3 tígrisrækjur á mann.
1 tsk. ferskt engifer
1 stk. hvítlauksrif
1 dl ólífuolía
salt og pipar
Ídýfa
2 msk. apríkósumarmelaði
safi úr 2 stk. lime
½ rauður chilli
2 msk. hvítvínsedik
2 msk. sojasósa
2 msk. fiskisósa
hnefafyllir kóríander

**Marínering:** Rífið bæði engifer og hvítlauk með fínu rifjárni. Blandið olíu, engiferi og hvítlauk vel saman og leggið rækjurnar í löginn í u.þ.b. klst. Rækjurnar grillaðar eða steiktar á pönnu í 1½ mínútu á hvorri hlið. Kryddið með salti og pipar og berið rækjurnar fram heitar eða kaldar.
**Ídýfan:** Saxið chillipipar og kóríander fínt. Öllu blandað saman og smakkað til með salti og pipar

# Smurbrauð og sumardjass

Smurbrauðsstaðurinn Jómfrúin á Lækjargötu hefur notið mikilla vinsælda síðastliðin tólf ár fyrir klassískt smurbrauð upp á danska mátann. Síðastliðin sumur hefur verið boðið upp á djasstónlist á laugardögum við góðar undirtektir matargesta. „Sumardjassinn á vegum Sigurðar Flosasonar byrjar hjá okkur 14. júní og verður sex laugardaga í sumar. Þá er sett upp lítið svið í portinu á bak við staðinn og það fyllist af fólki. Þetta byggist á því að það sé gott veður, en fólk á öllum aldri mætir með góðum fyrirvara til að tryggja sér pláss." segir Guðrún Pálína Sveinsdóttir, yfirkokkur á Jómfrúnni.

„Það er nóg að gera á staðnum, en svo sendum við líka smurbrauð í veislur og fyrirtæki út í bæ. Það er alltaf mikið að gera í hádeginu en svo eru hápunktar eins og sumrin og svo desembermánuður. Margir panta borð í janúar fyrir desember," útskýrir Guðrún Pálína.

„Smurbrauðið er mjög sígilt svo það eru litlar breytingar á matseðlinum eftir árstíðum. Við erum með fasta rétti, en veljum svo hvað við höfum á matseðlinum eftir því hvað er vinsælast," segir Guðrún Pálína og bætir við að rauðsprettan og rifjasteikin séu án efa tveir vinsælustu réttirnir á Jómfrúnni, „svo er eiginlega skylda að fá sér einn öl og snafs með smurbrauðinu," segir Guðrún Pálína sem gaf okkur girnilega uppskrift að sumarlegu salati.



**RAUÐSPRETTAN VINSÆLA AÐ HÆTTI JÓMFRÚARINNAR** Nýjum rauðsprettuflökum er velt upp úr hveiti, eggi og raspi og djúpsteikt. Borin fram á rúgbrauði með remolaði, rækjum, aspas og sítrónu.



**DANSKT „HØNSESALAT"** Guðrún Pálína gaf okkur uppskrift að sumarlegu salati.

**DANSKT „HØNSESALAT"**
150 g majones eða sýrður rjómi, eða til helminga
HP sósa
salt og pipar
Fylling:
250 g soðið kjúklingakjöt í bitum
125 g aspas
125 g steiktir sveppir í sneiðum
Majonesið bragðbætt með kryddinu.
Kjúklingakjöti, aspas og sveppum hrært í majonesið.
Sett í skál og puntað með beikoni, steiktum sveppum og tómatbátum.
Borið fram með ristuðu brauði.

# Allt á grillið!

OPIÐ til 20 alla daga










## Upplifðu nýja tíma!

## Snyrtivörudeildin Holtagörðum










Gildir til 8. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**> MYNDI ALA UPP BÖRN Í EVRÓPU**

Lindsay Lohan segist myndu flytja til Evrópu ef hún eignaðist börn. Leikkonan segist vera hrifin af mismunandi menningarheimum og finnst flest Evrópulöndin vera kjörinn staður til að stofna fjölskyldu. Einnig er hún sannfærð um að hún myndi tala þrjú tungumál ef hún byggi í heimsálfunni en ekki í Bandaríkjunum.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Taka upp partíplötu

„Við hjóluðum fyrst í þetta síðasta sumar. Leigðum okkur bústað og tókum upp fullt af lögum,“ segir tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink en hann ásamt Gunnari Ólasyni úr Skítamóral vinnur nú hörðum höndum að gerð „partídisks“. „Upphafið að þessu er Hverfisbarsgiggið okkar,“ segir Sigurjón, eða Sjonni eins og hann er kallaður. Þeir félagar spila á Hverfisbarnum hvert fimmtudagskvöld og hafa gert í nokkur ár. Sjonni hefur gert það enn lengur en hann byrjaði að spila þar ásamt Jóhannesi Ásbjörnssyni, Idolkynni og bankamanni með meiru. Þeir Sjonni og Gunni spila víðar en á Hverfisbarnum, meðal annars fyrir fyrirtæki og ferðamenn. „Við höfum oft verið spurðir af útlendingum sem eru að bóka okkur hvort þeir geti fengið að



**SJONNI OG GUNNI** Hverfisbarsgiggin skila sér á disk.

heyra eitthvað með okkur. Þetta er ekki síst hugsað til þess,“ segir Sjonni og kemur með góða samlíkingu. „Ef maður væri að bóka trúbador í Litháen sem á að kunna á gítar, þá segir það voða lítið. Betra ef hann hefði tekið eitthvað upp,“ segir hann. Sjonni segir óráðið hversu stór í sniðum útgáfan verður. „Við ætlum bara að byrja á því að setja lögin inn á myspace-síðuna okkar og leyfa fólki svolítið að velja,“ segir Sjonni „Við byrjum bara á að prenta diskana sjálfir og svo sjáum við til hvort þetta verði alvöru útgáfa.“

Á dögunum tóku þeir svo upp tvö kvöld á Hverfisbarnum með myndbandsupptökuvélum og fyrsta flokks hljóði og útilokar Sjonni ekki að DVD diskur með þeim upptökum muni verða í boði þegar fram líða stundir. Lög Sjonna og Gunna má finna á myspace.com/sjonnigunni

- shs


fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

# Netboð McCartneys

**Í dag er heimsumhverfisdagurinn og Paul McCartney lætur ekki sitt eftir liggja í baráttunni fyrir betri heimi. Gestir á heimasíðu hans – paulmccartney.com – geta skráð sig í sérstakt „sýndarboð“ þar sem bassaleikarinn er í hlutverki gestgjafa. Jamie Oliver sér um veitingar (uppskriftir) og þeir sem leggja 25 dali eða meira að mörkum til samtakanna Adopt-a-Minefield, sem vinna að hreinsun á jarðsprengjumenguðu landi, fá að hlaða niður glænýju lagi með Paul.**



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ

# Harry og Heimir snúa aftur

**Siggi Sigurjóns, Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason ætla að endurvekja einkaspæjarana Harrý og Heimi. Leiksýning verður sett upp í haust og spil gefið út um þá félaga. Auk þess verða gamlar upptökur gefnar út á geisladiski.**

„Við tókum upp mikið af efni með þeim fyrir Bylgjuna á sínum tíma og ákveðið hefur verið að gefa þetta efni út á næstu vikum. Magnað efni sem hefur staðist tímans tönn þó ég segi sjálfur,“ segir Sigurður Sigurjónsson leikari.

Ákveðið hefur verið að gefa út disk með útvarpsefni sem hann ásamt Karli Ágústi Úlfssyni og Erni Árnasyni vann fyrir Bylgjuna á sínum tíma sem fjallar um einkaspæjarana Harrý og Heimi. Í haust ætla þeir félagar svo ásamt Erni Árnasyni, sem verður sögumaður, að setja upp leiksýningu sem snýst um þá Harrý og Heimi. Hún mun heita Án landamæra.

Blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af Sigga Sigurjóns á golfvellinum í góðu skapi. Hann benti vinsamlegast á að nú skipti máli að þessi frétt yrði skrifuð af tilhlýðilegri virðingu því hann sé nýkrýndur bæjarlistamaður Hafnarfjarðar. „Já, ég er stoltur Hafnfirðingur,“ segir Siggi.

Útvarpsleikritið um Harrý og Heimi naut mikilla vinsælda en það hóf göngu sína fyrir 20 árum. Og þeir hafa svo skotið upp kollinum hér og þar til dæmis í Spaugstofunni. „Við höfum verið að hlusta á þetta efni og verið að skemmta okkur eins og vitleysingar yfir þessu,“ segir Siggi. Hann telur diskinn úrvals ferðafélaga í bílnum fyrir alla fjölskylduna í sumar. Sena kemur að útgáfunni og mun aðstoða við dreifingu disksins. Og svo í haust fer upp leiksýning sem snýst um þá leynilögreglumenn.

„Það verður leikhús þar sem allt er leyfilegt. Það sem hefur verið óleyfilegt fram til þessa verður leyfilegt þar. Við Karl og Örn verðum allt í öllu, leikum og gerum það sem að sýningunni snýr. Við lofum flugeldasýningu. Þetta er gæluverkefni sem hefur verið lengi í deiglunni. Hefur haldið okkur gangandi. Nú verður flórinn mokaður. Þetta er eitthvað sem verður að klára,“ segir Siggi.



**STOLTUR BÆJARLISTAMAÐUR** Siggi er nú ásamt Karli og Erni í óðaönn við að undirbúa sýningu um þá Harrý og Heimi sem fer upp í haust.

Og það stefnir í að Harrý og Heimir verði áberandi á árinu. Því samhliða sýningunni stendur til að gefa út sérstakt spil um þá félaga. Sigurður Sigurjónsson segir það rétt, það sé í pípunum en veit ekki meira um það verkefni en að þar sé mikið lagt undir: „Þetta verður spennuspil og í fyrsta skipti sem slíkt verður gefið út á Norðurlöndum.“

jakob@frettabladid.is


Langar þig í háskólanám en ert ekki með stúdentspróf?
Eftir eitt ár á Háskólabrú Keilis getur þú hafið næstum hvaða háskólanám sem er.
Umsóknarfrestur rennur út 13. júní.
Keilir
Atlantic Center of Excellence
KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

# LOKAHELGI

Þú tekur 4 flíkur en borgar aðeins fyrir 2!

- á 40% afslætti!

Útsölumarkaður Skeifunni 17

Opið fim. - Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

Ódýrustu flíkurnar fylgja með.

NOA NOA®



**GRAND Á ÞVÍ** Þorsteinn Þórsteinsson, vert á Grand Rokki, og Björgúlfur Egilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Glaðværð og fegurð á Grand Rokki

„Hún er ansi flott í ár,“ segir Björgúlfur Egilsson, skipuleggjandi menningarhátíðar Grand Rokks sem hefst í dag klukkan 18 og stendur fram á sunnudag. Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt. Bæði kvenna- og karlakór Grand Rokks munu stíga á svið. Kvennakórinn ber nafnið Sólsnípurnar og honum stjórnar Andrea Gylfadóttir, en karlakórinn heitir Þúfutittlingarnir. Einnig verður lifandi list í gangi, en þá mála listmálarar verk á staðnum sem verða boðin upp á lokadegi hátíðarinnar og á sama uppboði verða boðnar upp bækur frá Braga Kristjónssyni fornbókasala. Tónlistaratriði verða einnig á dagskrá hátíðarinnar sem og ýmis önnur skemmtiatriði.

Stærsta uppákoma hátíðarinnar er þó hin árlega leiksýning Grand Rokks. Í ár er það söngleikurinn Skeifa Ingibjargar eftir Benóný Ægisson en verkið fjallar um Jón Sigurðsson og konu hans Ingibjörgu. Það eru Lísa Pálsdóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson sem leikstýra en með hlutverk Ingibjargar fer Kormákur Bragason og Örn Guðnason fer með hlutverk Jóns. „Það eru miklar væntingar bundnar við Kormák í þessu hlutverki,“ segir Björgúlfur en leikfélagið er eina barleikhús heimsins, eftir því sem hann best veit. „Það eru eintómir Grandarar sem skipa leikhópinn,“ segir Björgúlfur og aðspurður hvað einkenni hinn dæmigerða Grandara svarar hann: „Glaðværð og fegurð. Hún verður í fyrirrúmi um helgina.“

- shs

# Ómerkar meiningar um mansal

**Geiri á Goldfinger vann í gær meiðyrðamál gegn tímaritinu Ísafold en ekki þykir sannað, líkt og segir í grein þar, að Goldfinger tengist mansali á nokkurn hátt. Jón Trausti Reynisson ritstjóri segir dómara óhrædda að vega að málfrelsinu sem aldrei nýtur vafans.**



**INGIBJÖRG DÖGG OG GEIRI** Geiri var ánægðari en ritstjórinn með dóminn sem var upp kveðinn í dómsal 202 í héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við munum áfrýja. Það er engin spurning. Annars verður erfitt að vera blaðamaður á Íslandi. Fyrri hálfleik er lokið,“ segir Jón Trausti Reynisson, fyrrverandi ritstjóri tímaritsins Ísafoldar og núverandi ritstjóri DV.

Það var þyngra í Jóni Trausta hljóðið en Ásgeiri Þór Davíðssyni – Geira á Goldfinger – sem í gær hrósaði sigri í meiðyrðamáli sínu á hendur tímaritinu Ísafold vegna greinar sem birtist í júní árið 2007. Honum var dæmd ein milljón króna í bætur en með máls- og birtingarkostnaði auk dráttarvaxta leggur sektin sig á um 2 milljónir sem Jón Trausti og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, þá á Ísafold, þurfa að borga. Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Meginefni greinarinnar er mansal og ítrekað er sagt að mansal tengist rekstri súlustaðarins Goldfinger sem er í eigu Geira. „Þetta eru að mér skilst næsthæstu skaðabætur sem dæmdar hafa verið á Íslandi. Bara „Maggi glæpur“ fékk meira. Lögreglan hefur margoft rannsakað starfsemina og ekkert bendir til þess að á staðnum þrífist vændi, mansal eða tengsl við skipulagða glæpastarfsemi líkt og segir í greininni,“ segir Geiri.

Og lögmaður hans var kátur einnig. Fagnar niðurstöðunni. Hann bendir á að í Ísafold hafi Geiri verið bendlaður við refsiverða starfsemi sem enginn fótur reyndist fyrir – starfsemi sem er svívirðileg í augum alls almennings. Tjáningarfrelsi fylgi skyldur og þegar menn nýta sér það verði þeir að taka mið af réttindum sem snúa að æruvernd og friðhelgi einkalífs. Blaðamenn fóru langt út fyrir mörk tjáningarfrelsisins að mati Vilhjálms.

Jón Trausti mótmælir dómnum harðlega og telur hann aðför að fjölmiðlun á Íslandi. „Meginefni dómsins er að mansal sé hreint og klárt þrælahald í gamaldags skilningi þess orðs. Grein Ísafoldar fjallar hins vegar um hvernig mansal virkar, hvernig það teygir anga sína til Íslands og þessara staða. Ef dómarinn hefði nennt að hlusta á vitnisburð Rúnu í Stígamótum [Guðrúnar Jónsdóttur] hefði niðurstaðan orðið önnur,“ segir Jón Trausti. Hann bendir jafnframt á að miskabæturnar sem slíkar séu ívið hærri en fórnarlömb í nauðgunarmálum fá. „Ég er hissa á þessu. Ómögulegt er að átta sig á dómum í meiðyrðamálum á Íslandi yfirleitt. Aðalatriðið í þessu er að dómarar eru óhræddir við að vega að málfrelsinu sem aldrei nýtur vafans.“

jakob@frettabladid.is




sloggi®
TAI
Vönduð nærföt á tilboðsverði
Flottar, þægilegar og sniðnar að þér.
TAI 3 Í PAKKA
2.490 kr/pk

ÚTSÖLUSTAÐIR SLOGGI TILBOÐ TAI

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRINGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGINNI
HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
HAGKAUP BORGARNESI
HAGKAUP NJARÐVÍK
HAGKAUP HOLTAGARÐAR
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
NETTÓ MJÓDD
ÚRVAL NJARÐVÍK
ÚRVAL HAFNAFIRÐI
ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL HRÍSALUNDI
ÚRVAL ÍSAFIRÐI
ÚRVAL SIGLUFIRÐI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL BLÖNDUÓSI
ÚRVAL SKAGASTRÖND
BJARNI EIRÍKS,BOLUNGARV.
KAUPFÉLAG V-HÚNV. HVAMMST.
SKAGFIRÐINGABÚÐ SAUÐÁRKR.
KAUPFÉLAGIÐ DRANGSNESI
NÓATÚN SELFOSSI
EFNALAUG VOPNAFJARÐAR
LYFJA, PATRÓ
ÞÍN VERSLUN SELJABRAUT
STRAX FÁSKRÚÐSFIRÐI
STRAX LAUGAVATNI
KRÓNAN REYÐARFIRÐI
KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
KRÓNAN MOSÓ
KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
RANGÁ SKIPASUNDI
KJARVAL VÍK
KJARVAL HVOLSVELLI

# MEIRIHÁTTAR RÝMINGARSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



LOKADAGUR Í DAG! LOKADAGUR Í DAG! LOKADAGUR Í DAG!

# 70%

**3. - 5. júní** **LOKADAGUR Í DAG!**

OFNAR • ELDAVÉLAR • HELLUBORÐ • HÁFAR • KAFFIVÉLAR • ÖRBYLGJUOFNAR • KÆLISKÁPAR • UPPÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR og fl.



*Takmarkað magn!*







*Nokkur verðdæmi ...*

| | |
|---|---|
| ELDAVÉL | **44.800** kr.<br>~~Áður 57.800~~ |
| INNBYGGINGAROFN OG HELLUBORÐ | **79.150** kr.<br>~~Áður 176.300~~ |
| UPPÞVOTTAVÉL | **59.900** kr.<br>~~Áður 79.900~~ |
| KÆLISKÁPUR *85sm* | **21.400** kr.<br>~~Áður 29.900~~ |
| HÁFUR | **51.600** kr.<br>~~Áður 128.900~~ |

**Sjálfvirkar kaffivélar með 20% afslætti**



Saeco

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

LOKADAGUR Í DAG! LOKADAGUR Í DAG! LOKADAGUR Í DAG!

SAMbio.is
SAMBÍÓIN



| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN TIME OF CHOLERA | kl. 8 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VALLEY OF ELAH síð. sinn | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY síð. sinn | kl. 10:40 | 12 |
| U2 3D síð. sinn 3-D DIGITAL | kl. 6/3D | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 6:30D - 9D - 11:30D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| IRON MAN | kl. 6:30 - 9 | 12 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 2 | kl. 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10:10 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 16 |
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 10:45 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!



| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | |
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 3.50 | |
| HORTON | kl. 3.50 ÍSLENSKT TAL | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| | | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 4.30, 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 8 og 10.10 | 12 |


# Fersk innkoma

Hljómsveitin Múgsefjun er búin að vera starfandi síðan 2004, en Skiptar skoðanir er hennar fyrsta plata. Ég heyrði fyrst í sveitinni á tónleikum seint á árinu 2005 og þá þegar var ljóst að þar fór efnileg sveit sem fór sínar eigin leiðir. Tónlistin var þjóðlagaskotin og hljóðfæraskipanin óvenjuleg. Síðan þá hefur hljómsveitin greinilega þróast heilmikið. Skiptar skoðanir er hörkuplata og Múgsefjun er ekki lengur bara efnileg hljómsveit. Hún er orðin góð.

Tónlistin á Skiptum skoðunum er sambland af poppi, indírokki og þjóðlagatónlist. Sem fyrr setja óvenjuleg hljóðfæri sterkan svip á útkomuna, harmonikkan er áberandi, en banjó, fiðlur, trompet og flautur setja mark sitt á einstök lög. Uppbygging laganna er oft skemmtileg og útsetningar flottar, en þetta eru líka þrælmelódísk og grípandi lög. Textarnir eru á íslensku og margir ágætir. Og söngurinn er fínn. Röddunin minnir stundum á Sprengjuhöllina hvort sem það er tilviljun eða ekki.

Það eru margar flottar lagasmíðar á Skiptum skoðunum. Lauslát er smellur sem þegar hefur fengið að hljóma töluvert á útvarpsstöðvunum. Flott lag sem minnir mig svolítið á The Beautiful South. Mörg önnur lög eru ekkert síðri, t. d. Kalin slóð, Skiptar skoðanir, Í Unuhúsi og Hagsmunatíkin. Platan myndar sterka heild, en gæðum laganna hrakar aðeins undir lokin.

Á heildina litið er þetta frábær frumsmíð frá hljómsveit sem fer sínar eigin leiðir. Skemmtileg plata sem hefur alla burði til að ná vinsældum.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**Skiptar skoðanir**

Múgsefjun

★★★★

Er Múgsefjun spútnikhljómsveit ársins 2008? Allavega er Skiptar skoðanir hörkuplata frá hljómsveit sem kann að semja flott lög, en fer líka sínar eigin leiðir.

# Söngvarinn bakar pitsur hjá hljómborðsleikaranum

**Hljómsveitin Von frá Sauðárkróki heldur uppi merki sveitaballapoppsins og er búin að gera síðan sveitin var stofnuð árið 2002. Önnur plata sveitarinnar, Í bítið, er nýkomin út og lagið „Dagdraumar“ hljómar í útvarpinu.**



**HLJÓMSVEITIN VON FRÁ SAUÐÁRKRÓKI** Frá vinstri: Sigurður I. Björnsson bassaleikari, Sigurpáll Aðalsteinsson hljómborðsleikari, Ellert Heiðar Jóhannsson söngvari, Sorin M. Lazar gítarleikari og Gunnar I. Sigurðsson trommari.

„Sá er munurinn á þessum diski og þeim fyrri að þessi er meira blandaður,“ segir Sigurpáll Aðalsteinsson, hljómborðsleikari Vonar, um nýja plötu sveitarinnar. „Á fyrri plötunni samdi Ellert Heiðar Jóhannsson söngvari öll lögin og Magnús Þór Sigmundsson alla textana, en nú leggur hver einstaklingur eitthvað af mörkum.“

Þrátt fyrir að hafa nú gefið út tvær breiðskífur segir Sigurpáll að um níutíu prósent laganna á böllum séu tökulög. „Það er mikið um ballöður á plötunum okkar og þær virka bara ekki á böllum, fólk vill eitthvað hressara. Við höfum yfirdrifið að gera og erum bókaðir í allt sumar. Það er mjög gott að gera út frá Sauðárkróki. Við erum miðsvæðis, það eru þrír tímar í bæinn og fjórir til Egilsstaða.“

En er Von ekki í harðri samkeppni við Geirmund Valtýsson? „Nei, nei, við erum miklu frekar í samvinnu við hann. Við höfum tekið Laufskálaréttarball með honum tvisvar og spilað saman í íþróttahúsinu. Við erum ekkert fyrir hvor öðrum.“

Hljómsveitarmeðlimir hafa allir atvinnu af öðru meðfram spilamennskunni, til dæmis rekur Sigurpáll Hótel Mælifell og veitingastaðinn Ólafshús. Þar bakar Ellert söngvari pitsur hjá honum. Er Sauðárkrókur pitsulaus þegar Von fer út fyrir bæjarmörkin að spila? „Nei nei, það kunna þetta fleiri en Ellert,“ segir Sigurpáll og hlær.

gunnarh@frettabladid.is

**Morgunverðarfundur Hagfræðideildar HÍ**
Föstudaginn 6. júní kl. 8:30-10 – Háskólatorgi, HT 105

## Samkeppnishæfni þjóða og sóknarfæri

**Xavier Sala-i-Martin**, prófessor í þjóðhagfræði og ráðgjafi
World Economic Forum í Davos, Sviss



Í fyrirlestri sínum mun Xavier fjalla sérstaklega um aðferðafræði World Economic Forum við mælingar á samkeppnishæfni. Hann mun einnig fjalla um samkeppnisstöðu efnahagslífsins á Íslandi og langtímahorfur auk þess að beina sjónum að því á hvaða sviðum Ísland geti aukið samkeppnishæfni sína.

**Kaffi og rúnstykki frá kl. 8:00.**
**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

HAGFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.hag.hi.is



**Í SALTI** System of a Down.

## Nýtt band frá SOAD-mönnum

**Rokkhljómsveitin System of a Down liggur enn í salti eftir plötutvennuna Hypnotized/Mezmerized sem kom út árið 2005. Söngvarinn Serj Tankian hefur gert sólóplötu og nú hafa gítarleikarinn Daron Malakian og trommarinn John Dolmayan stofnað hljómsveitina Scars On Broadway. Plata samnefnd sveitinni er væntanleg 29. júlí og sá Daron um hljóðvinnslu á henni. Hljómsveitin mun koma fram á tónleikum í sumar og segja tvímenningarnir að þetta sé þeirra aðalband í dag. Ekkert hefur hins vegar heyrst um að SOAD snúi aftur, þótt dánartilkynning hafi heldur ekki verið gefin út.**

## Styttist í Spock-plötu

Hljómsveitin Dr. Spock hamast nú í hljóðveri og er langt komin með nýja plötu. Þetta verður þriðja plata Spock-ara, fyrir eru breiðskífa og stuttskífa. Ekki hefur endanleg ákvörðun verið tekin um það hvort lagið úr Eurovision, Hvar ertu nú? verði með á plötunni.

# Project:Iceland kemur út

**Ljósmyndarinn Charlie Strand sendir frá sér bókina Project:Iceland á laugardag. Á þeim tveimur og hálfu árum sem það tók hann að vinna bókina hefur gengið á ýmsu.**

Charlie fluttist hingað til lands frá London, þar sem hann er fæddur og uppalinn, fyrir um tveimur og hálfu ári með það fyrir augum að gera ljósmyndabók um frumkvöðla í íslensku tónlistar- og menningarlífi, eins og Fréttablaðið sagði frá fyrir um ári síðan. Á meðal þeirra listamanna sem Charlie myndar og talar við eru hljómsveitirnar Mínus og Trabant, hönnuðirnir Jón Sæmundur og Helicopter, og listakonan Hrafnhildur Arnardóttir.

Á ýmsu hefur gengið meðan á vinnslu bókarinnar stóð. „Fyrir ári var ég að drukkna í skuldum og í rauninni bara að fara þetta á þrjóskunni," segir Charlie og hlær við. „Ég var eiginlega bara einn í þessu þangað til það var komið að því að prenta bókina. Þá átti ég frekar niðurdrepandi tímabil þar sem ég reyndi að sannfæra hin ýmsu fyrirtæki um að styðja framtakið, sem gekk ekki sérstaklega vel." Svo fór að lokum að Charlie fékk stuðning frá Novator og í kjölfarið hafa utanríkisráðuneytið, Útflutningsráð, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Reykjavíkurborg, auk annarra, tekið bókina upp á arma sína, auk þess sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, styður hana opinberlega. „Hún verður til dæmis til í öllum sendiráðum Íslands, og í útibúum Landsbankans um allan heim," útskýrir Charlie. Aðalútgefandi bókarinnar er Booth-Clibborn, sem mun dreifa henni um Asíu og gjörvalla Evrópu. „Booth-Clibborn hefur góðan orðstír. Bækur þeirra eru virtar, en samt beittar, sem er fullkomið. Mér finnst ég hafa þeim skyldum að gegna gagnvart þeim listamönnum sem ég fjalla um í bókinni að hún verði tekin alvarlega," segir Charlie.

Hann segir það hafa verið nokkra áskorun að halda innihaldi bókarinnar fersku á svo löngu vinnuferli. „Ég hafði mínar aðferðir til að ganga úr skugga um að hún væri ekki úrelt og tók ekki endanlegar ákvarðanir um innihaldið fyrr en á síðustu mánuðunum. Þó að það væru kannski liðin tvö ár frá því að listamaður féllst á að vera með í bókinni völdum við myndir af nýjustu verkum þeirra, eins seint og mögulegt var," útskýrir Charlie. „En ég reyndi að hafa jafnvægi á milli þess að hafa þetta nýtt og ferskt og að passa upp á listræna þáttinn líka," segir hann.



**TVEGGJA OG HÁLFS ÁRS STREÐ AÐ BAKI** Charlie Strand sá á stundum ekki fram á að geta lokið vinnu sinni við Project: Iceland. Bókin, sem kemur út á laugardag, nýtur nú stuðnings Forseta Íslands ásamt stofnana á borð við Útflutningsráð og Kynningarmiðstöð íslenskrar menningar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Charlie hefur þegar hafist handa við ný verkefni. Hann stefnir á að opna listsýningu með eigin verkum í Reykjavík og London um jólin og vinnur að gerð nýrrar bókar. „Hún mun líka fókusera á íslenskar listir, en verður mun meira abstrakt og stærri. Í henni verður allt frá landslagsmyndum í skringilegri kantinum til portrettmynda af þekktum og minna þekktum andlitum í íslensku listalífi," útskýrir hann.

Útkomu Project:Iceland verður fagnað í Liborius á laugardaginn. Einnig verður sett upp sýning í tengslum við útgáfuna, með verkum Charlie auk listaverka frá meðal annars Hrafnhildi Arnardóttir og Riceboy sleeps. Þá verður geisladiskurinn sem fylgir bókinni einnig spilaður í fyrsta sinn, en á honum má finna efni frá þeim hljómsveitum sem Charlie fjallar um. Fögnuðurinn hefst í Liborius klukkan 19 á laugardag.

sunna@frettabladid.is

## Saga Sonic Youth á bók

**Ævisaga hinnar áhrifamiklu rokkhljómsveitar Sonic Youth er nú komin út í bókinni Goodbye 20th Century eftir David Browne. Í bókinni er tæplega þrjátíu ára ferill sveitarinnar rakinn og þau áhrif sem hún hefur haft á samtímamenn eins og Beck, Nirvana og leikstjórann Spike Jonze tíunduð. Bókin er 422 blaðsíður og er kafað djúpt í efnið. Fjöldi ljósmynda prýðir bókina.**



**SONIC YOUTH**






### > Atvik umferðarinnar

Þrenna danska framherjans Idda Alkhag tryggði HK sigur gegn Íslandsmeisturum Vals á Kópavogsvelli. Þetta var fyrsti sigurleikur HK í Landsbankadeildinni í sumar en mörk Alkhag komu á 80., 84. og 90. mínútu.

### > Bestu ummælin

„Hefurðu einhvern tímann séð svona flott mark?“ spurði Árni Kristinn Gunnarsson, hægri bakvörður Breiðabliks, blaðamann Fréttablaðsins eftir sigurleik gegn Fjölni. Árni Kristinn er réttfættur en skoraði markið glæsilega með vinstri fæti.



**sport**

sport@frettabladid.is

## 5. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: FYRSTU SIGRAR HK OG ÞRÓTTAR

# *FH eina taplausa liðið í deildinni*

FH-ingar komust á topp Landsbankadeildar karla með öruggum 0-3 sigri gegn Grindavík á Grindavíkurvelli. Hafnarfjarðarliðið hefur verið að spila skemmtilegan bolta í sumar og er nú eina taplausa liðið í deildinni og hefur ennfremur skorað flest mörk, eða fimmtán.

Keflvík fylgir FH fast á eftir í öðru sætinu en Keflvíkingar töpuðu sínum fyrstu stigum í deildinni í 3-2 tapleik gegn Þrótti á Valbjarnarvelli. Þróttarar unnu aftur á móti þar með sinn fyrsta leik í sumar og er nú allt annar bragur á leik liðsins frá því sem var í fyrstu umferð.

HK vann einnig sinn fyrsta leik í sumar með því að skella Íslandsmeisturum Vals 4-2 á Kópavogsvelli þar sem danski framherjinn Iddi Alkhag fór mikinn og skoraði þrennu á rúmlega tíu mínútna kafla í leikslok.

KR-ingar sigruðu Reykjavíkurslaginn gegn Fram. Breiðablik og Fylkir unnu góða útisigra gegn Fjölni og ÍA sem voru bæði að tapa sínum öðrum leik í röð.




### TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 17, Valur
**Flest skot á mark:** 9, Valur
**Fæst skot:** 7, Fjölnir
**Hæsta meðaleink.:** 7,0 FH
**Lægsta meðaleink.:** 4,25, Grindav.
**Grófasta liðið:** 19 brot, Breiðabl.
**Prúðasta liðið:** 10 brot, Keflavík
**Flestir áhorf.:** KR-Fram, 2.278
**Fæstir áhorf.:** Þrótt.-Keflav., 845
**Áhorfendur alls:** 7.528

**> Besti dómarinn:** Kristinn Jakobsson dæmdi leik ÍA og Fylkis á Akranesi og stóð sig með mikilli prýði og fékk fyrir vikið 8 í einkunn hjá Fréttablaðinu. Hann tekur sér nú frí frá Landsbankadeildinni til að sinna skyldum sínum sem fjórði dómari á EM í Austurríki og Sviss.



**MARGT BREYST** Síðast þegar Fylkir mætti Þrótti lék Halldór Hilmisson með Þróttiurum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fylkismenn mæta Þrótturum:

## Unnu síðast fjóra í röð 2002

**FÓTBOLTI** Fylkismenn geta í kvöld náð lengstu sigurgöngu sinni í efstu deild í sex ár vinni þeir Þróttara á heimavelli sínum í Árbænum.

Fylkisliðið hefur unnið þrjá leiki í röð eftir að hafa farið stigalausir í gegnum fyrstu tvær umferðirnar. Fylkismenn unnu síðast fleiri en þrjá leiki í röð þegar liðið komst á fimm leikja sigurgöngu í júlí og ágúst 2002.

Til þess að svo fari þurfa Fylkismenn að gera eitthvað sem þeir hafa aldrei gert áður sem er að vinna Þrótt á heimavelli í efstu deild. Liðin hafa reyndar aðeins mæst tvisvar, Þróttur vann 5-1 sumarið 2003 og svo 1-0 sigur þegar liðin mættust síðast 17. júlí 2005. **- óój**

### ÚRSLITIN Í GÆR

*Landsbankadeild kvenna:*

HK/Víkingur-Fjölnir 0-1
0-1 Rúna Sif Stefánsdóttir (89.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **4** | **4** | **0** | **0** | **16-2** | **12** |
| KR | 4 | 4 | 0 | 0 | 13-4 | 12 |
| **Stjarnan** | **4** | **2** | **2** | **0** | **9-3** | **8** |
| Þór/KA | 4 | 2 | 0 | 2 | 7-9 | 6 |
| **Keflavík** | **4** | **1** | **2** | **1** | **6-6** | **5** |
| Breiðablik | 4 | 1 | 1 | 2 | 5-7 | 4 |
| **Afturelding** | **4** | **1** | **0** | **3** | **3-6** | **3** |
| Fylkir | 4 | 1 | 0 | 3 | 4-9 | 3 |
| **Fjölnir** | **4** | **1** | **0** | **3** | **2-13** | **3** |
| HK/Víkingur | 4 | 0 | 1 | 3 | 1-7 | 1 |

# FH-liðið leikur betur en í fyrra

**Dennis Siim, varnarmiðjumaður FH, átti stórleik og skoraði eitt mark í 0-3 sigri FH gegn Grindavík og er fyrir vikið besti leikmaður 5. umferðar Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu. Dennis er eðlilega sáttur við gengi toppliðs FH í sumar, í deildarkeppni sem að hans mati er alltaf að verða sterkari og sterkari.**

**FÓTBOLTI** Hinn danski Dennis Siim er 32 ára gamall og leikur nú sitt fjórða tímabil með FH eftir komuna í Hafnarfjörðinn frá danska liðinu SönderjyskE. Markið sem Dennis skoraði gegn Grindavík var aðeins hans annað mark til þessa en hann hefur einkum getið sér gott orð sem vinnusamur varnarmiðjumaður hér á landi en var að eigin sögn sókndjarfari í heimalandinu.

„Ég er náttúrlega fyrst og fremst ánægður með frammistöðu alls FH-liðsins í leiknum gegn Grindavík og mjög jákvætt að leikurinn vannst á eins þægilegan máta og raun bar vitni. En auðvitað neita ég því ekki að það er alltaf gaman að skora mörk og ég hef nú ekki verið mjög iðinn við það hér á Íslandi til þessa. Ég hef ef til vill haft öðrum og varnarsinnaðri skyldum að gegna í FH-liðinu en þegar ég lék í Danmörku, því þá var ég gjarnan framar á vellinum eða á öðrum hvorum kantinum og var því talsvert markssæknari.



**ÖFLUGUR** Dennis Siim hefur getið sér orð fyrir mikla baráttugleði og vinnusemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FÖGNUÐUR** Dennis Siim fagnar hér með FH-liðinu en Daninn telur Hafnarfjarðarliðið vera að leika betur í sumar en í fyrra og sé að halda boltanum betur innan liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Með aldrinum færist maður aftar og aftar á völlinn og það er ekkert nema eðlilegt og ég er alveg sáttur við þá þróun,“ sagði Dennis í léttum dúr.

Dennis telur að FH-liðið sé til alls líklegt í Landsbankadeildinni í sumar og kvaðst eðlilega sáttur með spilamennsku liðsins .

„Við höfum spilað mjög góðan fótbolta í sumar og fyrir utan 4-4 jafnteflisleikinn gegn Þrótti þá hefur vörnin verið að leika mjög vel. Ég tel reyndar að það sé mjög jákvætt að vörnin okkar smelli saman eins og hún er búin að vera að gera í ljósi þess hve sóknarleikur okkar er öflugur. Á meðan vörnin helst þétt þá held ég að við verðum í góðum málum þar sem ég er ekki að sjá að við eigum eftir að spila marga leiki í sumar án þess að skora,“ sagði Dennis sem hefur hrifist af þeirri vinnu sem þjálfarinn Heimir Guðjónsson og aðstoðarþjálfarinn Jörundur Áki Sveinsson eru að skila hjá FH.

„Ég lék með Heimi á mínu fyrsta tímabili hjá FH og veit hvernig fótbolta hann vill spila og ég tel að FH-liðið spili betri bolta undir stjórn hans og Jörundar Áka samanborið við tímabilið í fyrra til að mynda. Við erum skipulagðari og höldum boltanum betur innan liðsins,“ sagði Dennis sem telur Landsbankadeildina sterka nú sem aldrei fyrr.

**Landsbankadeildin aldrei sterkari**

„Í fyrra stóð baráttan um Íslandsmeistaratitilinn á milli okkar og Valsmanna en núna lítur út fyrir að fleiri lið hafi burði til þess að blanda sér í toppbaráttuna og í augnablikinu lítur út fyrir að allir geti unnið alla. Ég held líka að fjölgun liða í Landsbankadeild eigi eftir að hafa sín áhrif og reyna virkilega á styrkleika leikmannahópa liðanna, sér í lagi þegar líða tekur á sumarið. Engin lið eru svo heppin að sleppa algjörlega við meiðsli og þegar leikir í bikarkeppnum og Evrópukeppnum bætast við leikina í Landsbankadeildinni, sem hafa aldrei verið fleiri en í sumar, þá fer fyrst að reyna á menn,“ sagði Dennis að lokum.

**omar@frettabladid.is**




Átján ára HK-ingur komst í góðan hóp í leik á móti Íslandsmeisturunum:

# Afrek Aarons jafnaði samvinnu tvíburanna frá 1992

**FÓTBOLTI** Aaron Palomares, 18 ára HK-ingur, lagði upp þrennu á aðeins tíu mínútum fyrir danska framherjann Idda Alkhag í lokaleik fimmtu umferðar Landsbankadeildar karla á mánudagskvöldið.

Þetta var ellefti leikur Aarons í Landsbankadeildinni og fyrstu stoðsendingar hans í deildinni en hann átti þátt í undirbúningi í einu marki HK-liðsins í fyrra.

Aðeins einn leikmaður hefur náð að leggja upp þrjú mörk fyrir einn mann í sama leiknum síðan farið var að taka saman stoðsendingar sumarið 1992 og þar voru á ferðinni tvíburarnir Bjarki og Arnar Gunnlaugssynir á meistaraári Skagamanna sumarið 1992.

Bjarki lagði þá upp þrjú mörk fyrir tvíburabróður sinn Arnar í 7-1 sigri Skagamanna á Eyjamönnum á Akranesvelli 25. ágúst 1992. Mörk Arnars komu á 17., 75. og 77. mínútu leiksins. Öll mörkin skoraði Arnar með laglegum afgreiðslum eftir fallegar sendingar bróður hans inn í vítateiginn.

Samvinna tvíburanna þótti einstök en nú verður gaman að sjá hvort Aaron og Alkhag muni búa til fleiri mörk fyrir HK-inga í sumar. Alkhag hefur nú skorað fjögur mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum í byrjunarliði og þar er því á ferðinni mikill markaskorari sem ætti að geta nýtt sér góðar sendingar frá Aaroni. **- óój**



**3 STOÐSENDINGAR Á 10 MÍNÚTUM** Aaron Palomares, leikmaður HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður, Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur, Neskaupstaður, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður, Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli **eiga fleira sameiginlegt** en **fallega náttúru** og **fagurt mannlíf.**

DYNAMO REYKJAVÍK

# Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**




**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

Dregið í 32 liða úrslitum VISA-bikars karla:

# Meistararnir fara austur

**FÓTBOLTI** Bikarmeistarar FH mæta 1. deildarliði Fjarðabyggðar austur á landi í 32 liða úrslitum VISA-bikars karla. Verður það örugglega strembin rimma fyrir meistarana enda Fjarðabyggð erfið heim að sækja og með frambærilegt lið.

Tveir úrvalsdeildarslagir eru í umferðinni, Þróttur mætir Fylki og HK tekur á móti ÍA.

Áhugaverð rimma er í Vesturbænum þar sem úrvalsdeildarlið KR mætir þriðju deildarliði KB sem sló Njarðvík frekar óvænt út síðustu umferð. Íslandsmeistarar Vals mæta svo Þór á Akureyri. **- hþh**

**DRÁTTURINN**

**Leikið er 18. og 19. júní**

| |
|---|
| Breiðablik - KA |
| Fjarðabyggð - FH |
| Fjölnir - KFS |
| Fram - Hvöt |
| Grindavík - Höttur |
| Hamar - Selfoss |
| Haukar - Berserkir |
| HK - ÍA |
| ÍBV - Leiknir R. |
| Keflavík - Stjarnan |
| KR - KB |
| Reynir Sandgerði - Sindri |
| Víðir - Þróttur Vogum |
| Víkingur R. - Grótta |
| Þór - Valur |
| Þróttur R. - Fylkir |

Magnús Gunnarsson er á leiðinni til Njarðvíkur:

# Fannst ég þurfa á nýrri áskorun að halda

**KÖRFUBOLTI** Magnús Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur og íslenska landsliðsins, hefur ákveðið að söðla um en hann skrifaði í gær undir eins árs samning við erkifjendur Keflavíkurliðsins, Njarðvík.



**MAGNÚS GUNNARSSON** Verður í grænu næsta vetur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Þetta er bara rétti tíminn hjá mér að breyta aðeins til og prófa eitthvað nýtt. Ég þurfti einnig nýja áskorun og það kemur núna í ljós hvort ég geti eitthvað í körfubolta. Ég hef verið svo lánsamur að spila með frábærum Keflavíkurliðum en það mun reyna meira á mig hjá Njarðvík og þá kemur í ljós úr hverju ég er gerður,“ sagði Magnús en hann hefur þegar leitt hugann að því hvernig það verði að mæta í Sláturhúsið í græna búningnum.

„Það er strax erfitt og sérstakt að hugsa um það. Ég fæ eflaust að heyra það eitthvað en ég vona að það verði líka klappað eitthvað fyrir mér,“ sagði Magnús. **- hbg**




SUZUKI OPEN
KIÐJABERGI, 07. JÚNÍ, TEXAS SCRAMBLE
SUZUKI
SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100
WWW.SUZUKIBILAR.IS
Hugtök Maí 08


# Alfreð bauð landsliðinu í heljarinnar grillveislu

**Alfreð Gíslason, fyrrum landsliðsþjálfari, tók vel á móti gömlu lærisveinunum sínum er þeir sneru aftur til Magdeburg frá Póllandi. Alfreð sló upp grillveislu á glæsilegu heimili sínu þar sem strákarnir tóku hraustlega til matar síns.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið stendur í ströngu þessa dagana. Það er mikið álag og ferðalög á strákunum sem nú eru í æfingabúðum í Magdeburg þar sem þeir búa sig undir næsta stríð sem er gegn Makedónum í Skopje um helgina. Er það fyrri leikur liðanna í keppni um laust sæti á HM í Króatíu sem fram fer í janúar.

Strákarnir glöddust því mjög þegar Alfreð Gíslason, fyrrverandi landsliðsþjálfari, bauð öllum hópnum í grillveislu á heimili sínu er þeir sneru aftur til Magdeburg frá Wroclaw.

Alfreð og Kara, eiginkona hans, hafa komið sér upp glæsilegu heimili um 60 kílómetrum fyrir utan Magdeburg. Húsið var nánast rústir einar þegar þau keyptu það á sínum tíma. Þau lögðust í mikið verkefni að endurbyggja húsið í raun og veru og útkoman er glæsileg.

Það þarf talsvert magn til þess að metta maga landsliðsstrákana og Alfreð hafði því komið upp einum þremur grillum þar sem voru eldaðar stórsteikur og bratwurst-pylsur. Alfreð sá sjálfur um eldamennskuna ásamt Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, og undirrituðum.

Strákarnir tóku hraustlega til matar síns og spjölluðu síðan fram á kvöld og létu fara vel um sig í glæsilegum vistarverum Alfreðs og konu hans.

Daginn eftir byrjaði síðan alvaran á ný hjá strákunum og þeir halda á morgun til Skopje þar sem erfitt verkefni bíður liðsins. Heimavöllur Makedóna þykir einn sá erfiðasti í Evrópu enda áhorfendur langt frá því eins kurteisir og áhorfendur voru til að mynda í Póllandi.

Viku síðar fer síðari leikur liðanna fram í Laugardalshöll og eftir það fá strákarnir langþráð frí áður en undirbúningurinn fyrir Ólympíuleikana hefst en liðið fer utan til Peking í byrjun ágúst og fyrsti leikur liðsins er 10. ágúst.

**henry@frettabladid.is**



**FLOTTUR VIÐ GRILLIÐ** Alfreð tók sig vel út við grillið þar sem hann fór á kostum við að matreiða hverja stórsteikina á fætur annarri ofan í landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG





**GLÆSILEGT HÚS** Alfreð býður hér strákana velkomna á heimili sitt sem sést hér til vinstri. Til hægri á myndinni er bílstjóri Magdeburgarliðsins í handbolta sem keyrir liðið allar götur síðan Alfreð tók við en landsliðið fær þess utan afnot af glæsilegri liðsrútu Magdeburgarliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG


Heilsurækt fyrir börn og unglinga
SHOKK®


Skemmtileg sumarnámskeið að hefjast í World Class Laugum fyrir börn og unglinga á aldrinum 12-15 ára
Nánari upplýsingar á www.shokk.is, www.worldclass.is og í síma 553 0000
Athugið að World Class er aðili að Frístundakorti ÍTR
World Class ICELAND



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





**SVONA GERUM VIÐ ÞETTA EINAR, MINN** Alfreð fer yfir grillmálin með Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, sem hjálpaði til við að grilla ofan í mannskapinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG

Lokaúrslit NBA-deildarinnar hefjast í kvöld og verða í beinni á Stöð2 Sport:

# Flestir spá Lakers NBA-titlinum

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslit NBA-deildarinnar hefjast í nótt þegar Boston Celtics tekur á móti Los Angeles Lakers. Þarna fara tvö sigursælustu félög NBA-sögunnar og þau eru að fara að mætast í fyrsta sinn síðan þau háðu sígild einvígi sín á níunda áratugnum.

Það er enginn búinn að gleyma baráttu Larry Bird og Magic Johnson og nú þegar liðin mætast aftur eftir 21 árs bið vonast allir eftir að draumaúrslitin standi undir væntingum. Þetta er í ellefta skipti sem Boston og Lakers mætast í lokaúrslitum NBA-deildarinnar og þó að Boston hafi unnið átta af þessum tíu skiptum þá benda menn á það að Lakers hefur unnið í tvö síðustu skiptin (1985 og 1987).

Phil Jackson, þjálfari Los Angeles Lakers, getur orðið fyrsti þjálfarinn til þess að gera tíu lið að meisturum og með því myndi hann bæta afrek Red Auerbach sem gerði Boston 9 sinnum að meisturum.



**SÁ BESTI** Kobe Bryant hjá Lakers treður hér í körfuna með miklum tilþrifum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir að Boston sé með heimavallarréttinn spá flestir spekingar að Los Angeles Lakers muni vinna. Á heimasíðu ESPN spá níu af tíu spekingum Lakers sigri og aðeins tveir þeirra telja að liðið þurfi fleiri en sex leiki til þess að tryggja sér titilinn.

Þetta hefur verið tímabilið hans Kobe Bryant sem hefur bæði unnið stóra sigra innan sem utan vallar þar sem hann hefur lagað ímynd sína mikið. Bryant hefur leikið mjög vel í úrslitakeppninni og margsannað að það er enginn betri í að klára leiki en einmitt hann.



**TÍUNDI Á LEIÐINNI?** Phil Jackson getur búið til NBA-meistara í 10. sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Boston vann báða leiki liðanna í vetur með 16 stigum að meðaltali en spænski miðherjinn Pau Gasol var ekki með í þessum leikjum. Það er einkum innkoma hans í Lakers-liðið sem hefur gert liðið svona gríðarlega sterkt. Gasol er mjög óeigingjarn í sókninni og hann og Bryant ná mjög vel saman.

Boston-liðið hefur sýnt á sér veikleikamerki í úrslitakeppninni til þessa og þeir unnu ekki útileik fyrr en í úrslitaeinvígi Austurdeildarinnar á móti Detroit.



**GEFUR ALLT SITT** Kevin Garnett hefur leikið vel með Boston. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsti leikurinn fer fram í Boston klukkan eitt í kvöld og liðin mætast síðan aftur á sama stað á sunnudagskvöldið áður en liðin flytja sig yfir til Los Angeles. Það þarf fjóra sigra til að verða NBA-meistari. **- óój**

Útlitsbreytingar á Alexander Petersson eftir Póllandsförina:

# Kominn með myndarlega mottu

**HANDBOLTI** Útlit hornamannsins Alexander Petersson vekur mikla lukku hjá hinum strákunum í landsliðinu þessa dagana.

Félagi Alexanders hafði skorað á hann að vera með yfirvararskegg, eða hormottu eins og menn vilja kalla það, ef Íslandi tækist að komast á Ólympíuleikana.

Þar sem markmið landsliðsins náðist þarf Alexander að vera með mottuna góðu í tvær vikur og má ekkert eiga við hana.

Hann mun því skarta mottunni myndarlegu þegar síðari leikur Íslands og Makedóníu fer fram um aðra helgi í Höllinni.

Það verður síðasta tækifæri landans að sjá Alex með mottuna því hann sagðist aðspurður ekki vera spenntur fyrir því að halda þessu útliti til frambúðar og hann stórefaðist einnig um að konan hans myndi hvetja sig til þess að halda mottunni. **- hbg**



**FLOTTUR** Alex tekur sig vel út með nýja yfirvararskeggið. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG

GLASGOW

Leiguflug með Icelandair
9.-11. september.
Verð á mann í tvíbýli:
49.900 kr. (gengi GBP 30. maí 2008)
Innifalið: Flug, skattar, flugvallaakstur og góð gisting í miðborginni. Íslensk fararstjórn.



itferðir
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Sími 588 9900 • hopar@itferdir.is
www.itferdir.is

FERÐAST ÞÚ MEÐ GÖMUL DEKK Í EFTIRDRAGI?

N1

Nú eru ferðadagar hjá N1. Þú færð ný dekk fyrir hjólhýsið, fellihýsið eða tjaldvagninn hjá Hjólbarðaþjónustu N1.





25% afsláttur af dekkjaskiptingu!

Viðskiptakortshafar fá 25% afslátt af dekkjaskiptingunni á hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum þegar þeir kaupa umgang af nýjum dekkjum.

N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA, SÍMI 440 1000.

# Rússíbanareið í vel stilltri sinfóníu

**Að aka í rallíbíl er mikil upplifun. Á fleygiferð inn í hverja beygju og að þeysast svo út úr henni á ógnarhraða á hárréttum stað er mikil list. *Hjalti Þór Hreinsson*, blaðamaður á Fréttablaðinu, kynntist því í 300 hestafla rallíbíl og þeirri miklu samhæfingu sem honum fylgir.**




**EFNILEGUR** Blaðamaður stillir sér upp með Sigurði Braga eftir æsispennandi ökuferð. Upplifunin var einstök.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég hef alltaf heillast af ralli. Ég fékk fiðring í magann fyrst þegar mér datt í hug að fá að sitja í slíkum bíl og var það auðsótt þegar ég hafði samband við Sigurð Braga Guðmundsson. Reynsla hans af akstursíþróttum spannar jafn mörg ár og lífaldur blaðamannsins, 24.

Þegar mig bar að garði á heimili Sigurðar í Kópavogi, eftir hræðsluáróður frá leigubílstjóra sem spurði mig hvort ég væri nokkuð nýbúinn að borða, var hann í bílskúrnum ásamt Ísaki Guðjónssyni, vini sínum og aðstoðarökumanni. Eitthvað segir mér að þeir hafi eytt nokkrum klukkutímum í bílskúr Sigurðar þar sem *Mitsubishi Evo* 7 bíll þeirra er geymdur.

Báðir hafa unnið til fjölda verðlauna í ýmsum flokkum en þeir hafa verið á meðal þeirra bestu, í ofurbílunum, í um tíu ár. Þeir urðu Íslandsmeistarar árið 2005.

### Hvað er ég kominn út í?

„Ég kom heim úr námi 1984 og þá stóð rallíbíll fyrir utan íbúðina sem ég flutti í. Viku fyrir keppnina var sá sem átti bílinn tekinn fyrir ölvunarakstur og mátti því ekki keyra. Hann hafði séð mig grennslast í kringum bílinn og spurði hvort ég vildi ekki bara keyra, en ég vissi þá ekkert um rall. Það næsta sem ég man er frá ráslínunni þar sem ég hugsaði með mér hvað í ósköpunum ég væri búinn að koma mér í,“ segir Sigurður.

Ísak byrjaði árið 1993 en saman hafa þeir ekið frá því 2002. „Ísak er einn sá besti ef ekki sá besti,“ segir Sigurður og Ísak bætir við að þeir eyði óhemju miklum tíma saman yfir sumarið. „Mestur tími fer í að skoða leiðirnar sem við keyrum. Þetta er skráð niður nákvæmlega og svo les Ísak þetta í mig jafn óðum,“ segir Sigurður. „Þetta snýst um að finna réttu línurnar í gegnum beygjurnar. Þetta er mikil vinna og oft hálfgerð skrifstofuvinna,“ segir Ísak.

### 300 hestöfl í skúrnum

Eftir spjall í garði Sigurðar í blíðskaparveðri kíktum við á bílinn. Og hvílíkur bíll. Þeir félagar segja mér að umfang rallsins sé meira en flestir geri sér grein fyrir. Þetta er ekki aðeins tæknihliðin í kringum bílinn og faglega hliðin sem snýr að akstrinum heldur er reksturinn líka mikill. Til að mynda kostar sérstakt bensín sem þeir nota rúmar 500 krónur hver lítri og ku vera sterkara en flugvélabensín.

Eitt dekk kostar rúmar 30 þúsund krónur og er það einn mesti kostnaðurinn við reksturinn. „Það er hægt að eyðileggja dekk eftir 50 metra,“ segir Ísak og Sigurður sagði að konu sinni hefði tekist að eyðileggja eitt dekk í innanbæjarakstri. „Vissulega ákveðið afrek.“

Erlendir aðilar stilla vélina til að fá hana til að vinna sem best. Skipta þar um sterka bremsuklossa á 250 kílómetra fresti og vélin dugar í allra mesta lagi sex til átta þúsund kílómetra. Óhapp á borð við veltu getur kostað tvær milljónir en þeir félagar kaupa alla hluti erlendis frá.

### „Ertu tilbúinn?“

Leið okkar lá að Geithálsi við Rauðhóla en fyrst þurfti að spenna beltin. „Þetta er eins og að spenna ungabarn,“ sagði Ísak þegar hann hjálpaði blaðamanni í allan öryggisbúnaðinn. „Þetta snýst allt um öryggið,“ er mér sagt og ég sé það er ég lít í kringum mig. Sterk öryggisgrind er í bílnum og auk öryggisbeltanna nota þeir sérstakan hálsbúnað í keppnum auk hjálma.

Það er ekki laust við að þeir sem við ókum framhjá á leið okkar upp Ártúnsbrekkuna hafi rekið upp stór augu þegar við spændum upp brekkuna. Fullbúinn rallíbíll á fleygiferð sést ekki daglega á götunum. Bíllinn virkar reyndar alls ekki vel á malbiki og þrátt fyrir mikið tog og kraft var ekki þægilegt að keyra bílinn. Við stoppuðum og ræddum við ljósmyndarann áður en við komum okkur á staðinn.

„Jæja, ertu tilbúinn?“ spurði Sigurður og ég kinkaði kolli og hélt mér ósjálfrátt fastar í beltið, enda alls óviss um hvað ég væri kominn út í. Ýta þarf á átta takka til að gera allt klárt og svo spændum við af stað.



**RENNIREIÐ** Sigurður ók á miklum hraða inn og út úr beygjunum í heiðarlegri tilraun til að hræða líftóruna úr blaðamanni. Hér „slædar“ hann út úr einni af fjölmörgum beygjum sem við þeyttumst í gegnum.



**NÓTNABÓKIN** Stjórna þarf sinfóníunni og er það gert með þessari nótnabók. Hver beygja er skilgreind frá einum upp í fimm og þýðir V1 til að mynda mjög kröpp vinstri beygja. „Allt er þetta stytt niður í tákn sem ég skil mjög auðveldlega, enda má ekkert hik vera á nótunum til ökumanns, þær þurfa að koma í takt og vel skipulagðar,“ segir Ísak.

### SIGURÐUR BRAGI OG ÍSAK

**Árangur frá fyrstu keppni saman:**

**2002:** Kepptu ekki í öllum mótum ársins. Besti árangur í keppni, annað sæti.
**2003:** Annað sæti í öllum keppnum ársins. Annað sæti á Íslandsmótinu.
**2004:** Fjórum sinnum í öðru sæti, unnu alþjóðlega rallið.
**2005:** Íslandsmeistarar eftir sigur í öllum mótum ársins.
**2006:** Einn sigur, tvisvar í öðru sæti. Urðu að draga sig úr mótinu eftir slys á Mælifellsdal. Sigurður Bragi bakbrotnaði, hann braut rifbein og lunga féll saman.
**2007:** Einn sigur, þrisvar í þriðja sæti. Voru með örugga forystu í alþjóðlega rallinu og í Íslandsmótinu þegar vélin gaf sig og sigurvonir þeirra urðu að engu.
**2008:** Sigur í fyrsta móti.
*Næsta keppni er á föstudagskvöld og á laugardaginn.*

### MITSUBISHI EVO 7

Gerð: Mitsubishi Lancer
Árgerð: 2002
Land: Japan
Hestöfl: 280-300
Drif: Fjórhjóla
Þyngd: 1350 kg - *Mun meira með áhöfn*
Stærð vélar: 2,0 l.
Verð: Um fjórar milljónir erlendis.

### Eins og sinfónía

Við þeystumst um grófan malarveginn í gegnum hverja beygjuna á fætur annarri og hreint ótrúlegt var að upplifa sig hálfa leið í lúpínubeðin áður en bíllinn fór á sinn stað aftur. Sigurður var einbeittur við stýrið í tíu-tvö stöðunni margþekktu og rykkti gírunum fram og til baka.

Bíllinn virkaði frábærlega. Vegurinn var grófur en fjöðrunin er löng og stíf og fann blaðamaður vart fyrir stórgrjótinu í veginum. Bíllinn lætur augljóslega mjög vel að stjórn og merkilegast var að sjá samspil þessara þátta virka sem skyldi. Vélin, dempararnir, bremsurnar, dekkin og ökumaðurinn runnu saman eins og vel stillt sinfónía.

Við ókum fram og til baka yfir hóla og hæðir þar til bensínið var af skornum skammti. Ég hef ekki hugmynd um hver mesti hraði sem við náðum var mikill en hann var nokkuð yfir 100 kílómetra hraða. Beygjurnar og hólarnir voru fjölmargir og var mér eiginlega hætt að lítast á blikuna þegar við fórum á stökkpall inn í beygju og fullum hraða.

En allt fór þó vel og úr varð afar skemmtileg ökuferð. Sú skemmtilegasta sem ég hef farið í í mörg ár reyndar. Adrenalínið flæddi um líkamann þegar bíllinn rann til og frá en það var erfitt að vera hræddur með jafn mikinn fagmann og Sigurð undir stýri.

### Hættan eykur spennuna

„Þetta er ótrúlega hollt sport, ég hef lengi reynt að fá menn á aldur við mig í sportið,“ segir Sigurður sem kominn er á sextugsaldur og vill gjarnan auka fjölbreytni þeirra sem keppa hér á landi. „Ímyndin er því miður oft sú að þessa íþrótt stundi aðeins bifvélavirkjar og menn sem hafa akstur að atvinnu. Ekki svo að skilja að þetta séu eitthvað síðri menn heldur væri gaman að fá meiri fjölbreytni í þetta sport eins og raunin er erlendis. Í Bretlandi, mekka rallsins, keppa heilaskurðlæknar, forstjórar og einn af ríkustu mönnum Bretlands,“ segir Sigurður sem er verkfræðimenntaður og situr til dæmis í háskólaráði HR og stjórn Samtaka iðnaðarins. Ísak vinnur hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar.



**HRESSIR** Ísak Guðjónsson blaðamaður og Sigurður Bragi Guðmundsson stilltu sér upp eftir ökuförina á Geithálsi.



Sigurður hefur keppt í ótalmörgum keppnum og þrátt fyrir að hann viðurkenni að aldurinn hái sér örlítið er hann ekkert að slaka á. „Það er ekkert sem maður fær meiri útrás fyrir eins og rallið. Að koma heim eftir góða rallhelgi er óviðjafnanlegt. Það eykur spennuna að geta drepið sig við minnstu mistök,“ sagði Sigurður Bragi.

Blaðamaður tekur undir að adrenalínflæðið eykst töluvert frá því að taka strætó í vinnuna við að fá far með margreyndum Íslandsmeistara í einum besta rallíbíl landsins. Ferðin var eins og Sigurður lýsir, óviðjafnanleg.

hjalti@frettabladid.is

# Ókeypis hlaupagreining






Nýttu þér footscan tæknina frá adidas við val á réttum hlaupaskóm.

Sérfræðingur frá adidas veitir ráðgjöf og aðstoðar við val á réttum hlaupaskóm.

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

> **Johnny Depp**

„Í hvert sinn sem ég tek að mér hlutverk set ég eitthvað af sjálfum mér í persónuna sem ég leik. Ef ég myndi ekki gera það þá væri ég ekki að leika heldur þykjast.“ Þetta sagði Depp eitt sinn en hann leikur í myndinni Pirates of the Caribbean sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SPÁIR Í AUGLÝST STELPUSUMAR

# Sjónvarpsguðirnir brosa



Stöð 2 og Skjár einn keppast nú við að auglýsa stelpusumarið sem ku vera í vændum. Eitthvað grunar mig að sú holskefla af vinkvennahóps-vænu sjónvarpsefni sem virðist í þann mund að bresta á sé ansi nátengd þeirri staðreynd að Evrópumeistaramótið í fótbolta er bara rétt handan við hornið. Þar sem RÚV verður besti vinur flestra karlmanna landsins ættu hinar stöðvarnar tvær því að geta vingast við þann hluta landskvenna sem finnst þær vanræktar af bæði sjónvarpi og karlpeningi. Fyrir nokkrum árum hefði þetta flóð af stelpuþáttum, ef svo má kalla, varla leyst vandann, þar sem þá hefðu tekið við hatrömm barátta um yfirráð yfir fjarstýringunni. Í dag, þegar annað hvert heimili virðist státa af fleiri sjónvörpum en manneskjum, ætti það ekki að verða vandamál.

Stöð 2 býður okkur stelpunum og antísportistunum, tveimur aðskildum hópum sem skarast þó í einhverjum tilfellum, upp á dunandi dans, læknadrama og nostalgíukast í formi Ally McBeal-þáttanna, sem verða sýndir á Stöð 2 extra. Stöðin lofar einnig stelpumyndamaraþoni, þar sem Notebook og The Devil Wears Prada eru á meðal stjarnanna. Skjár einn veðjar hins vegar á tískugúrúana Jay Manuel og Carson Kressley, sem eru vinkvennahópunum væntanlega vel kunnir úr America's Next Top Model og Queer Eye for the Straight Guy. Þeim til halds og trausts verða svo raunveruleikaþættir um líf Paulu Abdul og Kimoru Lee Simmons.

Ég hef, svo ekki sé meira sagt, takmarkaðan áhuga á fótbolta. Ég mun því eflaust gjóa augunum á einhverja af þessum yfirlýstu stelpuvænu þáttum í sumar – að minnsta kosti þangað til draga fer til tíðinda í mótinu og einhver spenna að færast í þetta. (Já, ég er einn af svikurunum sem horfa bara á úrslitin og láta eins og þeir viti eitthvað um fótbolta.) Hitt er svo annað mál að þau heimili sem enn hafa bara einu sjónvarpi til að dreifa ættu að fara að leggjast á bæn til sjónvarpsguðanna um að úrslitaleikurinn lendi ekki á sama tíma og lokaþátturinn af So You Think You Can Dance. Þá gæti verið illt í efni.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** Fylkir-Þróttur BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** The New Adventures of Old Christine STÖÐ 2



▶ **20.35** The Office SKJÁR EINN



▶ **21.00** Pussycat Dolls Present Girlicious STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Börnin í Mandarínuskólanum**
**18.00 Lísa** (1:13)
**18.07 Litli draugurinn Laban** (4:6)
▶ **18.15 Krakkar á ferð og flugi** (4:10)(e)
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skyndiréttir Nigellu** (5:13)Nigella Lawson matreiðir girnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.
**20.45 Hvað um Brian?** (6:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans.
**21.30 Trúður** (7:10)(Klovn III) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.
**23.10 Draugasveitin** (5:8)(The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest**
**08.25 Land Before Time XI.**
**10.00 Hackers**
**12.00 Steel Magnolias**
**14.00 Land Before Time XI.**
**16.00 Hackers**
**18.00 Steel Magnolias**
**20.00 Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest** Önnur myndin um ævintýri sjóræningjans Jack Sparrow og félaga.
**22.25 Kiss Kiss Bang Bang**
**00.00 The General's Daughter**
**02.00 Nine Lives**
**04.00 Kiss Kiss Bang Bang**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Litlu Tommi og Jenni, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Homefront**
**11.15 Wife Swap** (2:10)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Amazing Race** (11:13)
**15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:10)
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.18 Þorlákur**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
▶ **18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (15:22)
**19.55 Friends** (5:23)
**20.20 The New Adventures of Old Christine** (12:22) Christine er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri konu.
**20.45 Notes From the Underbelly** (5:13) Andrew og Lauren hugleiða að fjölga mannkyninu en eiga erfitt með að ákveða sig.
**21.10 Bones** (10:15) Dr. Temperance "Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknusm morðmálum.
**21.55 Icon** (2:2) Seinni hluti spennumyndar í tveimur hlutum.
**23.20 Fallen: The Beginning** (e)
**00.45 Cold Case** (17:18)
**01.30 Big Shots** (11:11)
**02.15 Evil Alien Conquerors**
**03.45 Saved** (7:13)
**04.30 Bones** (10:15)
**05.15 The Simpsons** (15:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Myndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**17.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.20 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.45 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.
**19.45 Landsbankadeildin 2008** Fylkir - Þróttur. Bein útsending frá leik Fylkis og Þróttar í Landsbankadeild karla.
**22.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
**22.45 World's Strongest Man** Við höldum áfram að rifja upp mótin Sterkasti maður heims. Í kvöld verður sýnt frá keppninni 1988. Jón Páll heitinn Sigmarsson var að vanda mættur til leiks en íslenski víkingurinn stefndi að sínum þriðja titli.
**23.50 Ensku bikarmörkin** Veturinn gerður upp í ensku bikarkeppninni í þessum magnaða þætti.
▶ **00.50 NBA 2007/2008** Boston Celtics - Los Angeles Lakers. Bein útsending.

## SPORT 2

**17.45 Bestu leikirnir** Liverpool - Middlesbrough
**19.30 PL Classic Matches** Manchester City - Tottenham, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.00 PL Classic Matches** Man United - Ipswich. 94/95.
**20.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn eru heimsóttir og gömlu stjörnurnar leitaðar uppi.
**21.00 EM 4 4 2** Guðni Bergsson og Heimir Karlsson renna yfir hvern leikdag á EM.
**21.30 EM 2008 - Upphitun** Spánn - Rússland. Liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt til leiks.
**22.00 EM 2008 - Upphitun** Svíþjóð - Grikkland.
**22.30 Football Rivalries** Celtic - Rangers
**23.25 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar.
**23.55 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.10 Vörutorg**
**15.10 The Real Housewives of Orange County** (e)
**16.00 How to Look Good Naked** (e)
**16.30 Girlfriends**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
**19.20 Jay Leno** (e)
▶ **20.10 Everybody Hates Chris** (16:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum.
**20.35 The Office** (24:25) Michael hefur tilkynnt að hann sé á förum. Jan heimsækir skrifstofuna og kemur Michael í opna skjöldu. Michael, Jim og Karen undirbúa sig fyrir starfsviðtalið í höfuðstöðvunum á meðan Dwight undirbýr sig fyrir að taka við stjórnartaumunum á skrifstofunni í Scranton.
**21.00 Jekyll** (5:6) Minningarnar færa Hyde aftur til ársins 1886 þar sem hann dr. Henry Jekyll hittir rithöfundinn Robert Louis Stevenson. Þar kemst hann að mikilvægi Claire, bæði í fortíð og nútíð.
**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (7:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.20 Age of Love** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Girlfriends** (e)
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




Fyrirsætuútlit víkur fyrir hraustlegum kroppum

Allt um málið í Föstudegi




Allt sem þú þarft... ...alla daga

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.55**
**Icon, framhaldsmynd mánaðarins – seinni hluti**



Seinni hluti spennumyndar í tveimur hlutum sem er byggð á metsölubók eftir spennusagnakónginn Frederick Forsyth. Patrick Swayze leikur fyrrverandi njósnara bandarískra yfirvalda sem var búsettur á árum áður í Rússlandi þar sem hann átti konu og börn. Mörgum árum síðar neyðist hann til að snúa aftur til þess að koma upp um gamlan erkióvin sinn, rússneskan glæpamann, sem er kominn í forsetaframboð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Úrslitakeppni NBA Boston Celtics-Los Angeles Lakers**
**STÖÐ 2 SPORT kl. 00.15**

Úrslitarimman um NBA-titilinn hefst í kvöld þegar hinir fornu fjendur Boston Celtics og Los Angeles Lakers eigast við. Fyrstu tveir leikirnir fara fram á heimavelli Boston þangað sem liðið er afar erfitt heim að sækja.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Sérherbergi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Við lok Listahátíðar
**19.27** Sinfóníutónleikar: Listahátíð í Reykjavík 2008
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Söngvaleikurinn Járnhausinn
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (10:22)
**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (13:22)
**18.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (1.10)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (10:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (13:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpsons. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**21.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (1:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls og mun hún heita Girlicious. Fimmtán stúlkur af þeim þúsundum sem sóttu um munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður mikið um harða keppni, slúður, prímadonnustæla og önnur eins skemmtilegheit.
**22.00 Grey´s Anatomy** (15:16)
**22.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson og heimastjórn stöðvarinnar skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Vangaveltur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Sjöfn Guðmundsdóttir og Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir kennari.
**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** En have med Rhododendron **11.50** Forandring på vej **12.20** Det er mængden der gør det **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Væddemålet **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Hammerslag **18.30** Elsker dig for evigt? **19.00** TV Avisen **19.25** Ærlig talt **19.50** SportNyt **20.00** Junior **21.45** Antiglobetrotter **22.15** Naruto

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Islendinger i Dakota **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.10** Landsbylegane **13.00** Festens dronning **13.30** Skadeskutt **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Omid Djalili-show **21.00** Kveldsnytt **21.15** Zinedine Zinedane - den siste kampen **22.05** Spooks **22.55** Som turist i Tanzania **23.25** Kulturnytt **23.35** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**8.55** Banderoll **9.10** Banderoll - debatt **9.25** Katten, musen, tiotusen - sydkurdiska **9.35** Bibliska berättelser - spanska **9.45** All rätt i världen **10.00** Rapport **10.05** Flyttlasset går **10.35** Lantz i P4 **13.05** Big Love **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Yusuf Islam - alias Cat Stevens **15.55** Anslagstavlan **16.00** Bolibompa **16.20** Dagens visa **16.25** Simskola **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Kan farmor Doris bli senator? **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Uppdrag Granskning **22.45** Guds vänner i USA **23.45** Sändningar från SVT24


Flottari gjafavara í Debenhams

Útskriftir - afmæli - brúðkaup?


WC -standur með bursta og rúllu


Úrval af Veru Wang Crystal


Grey Cubes rúmföt


Salter digital baðvog


Jamie Oliver Kryddhristari


Handklæði


Jamie Oliver frá Royal Worchester
Tilvalin útskriftar/brúðargjöf


Le Vrai hágæðapottar og pönnur


Vera Wang lace gold
Ný viðbót í Wedgwood stellin

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt skál af ab-mjólk með sólblómafræjum og banana og hrökkbrauð með smurosti, síðan fæ ég mér annaðhvort te eða kaffi á eftir.“*

Anna Kristín Sigurðardóttir, verslunarstjóri Kron.

# Eyfi fer hringinn með Loga Bergmanni

„Mér rennur eiginlega blóðið til skyldunnar. Hljómsveitin sem kom mér á kortið var Bítlavinafélagið og trommuleikari hennar, Rafn Jónsson, lést úr MND-sjúkdóminum. Ég mun því spila til að heiðra minningu hans og halda nafni Rafns á lofti,“ segir Eyjólfur Kristjánsson sem mun taka þátt í æði merkilegri tilraun sjónvarpsmannsins Loga Bergmanns Eiðssonar. En hann hyggst spila átján holur á öllu landinu á 24 klukkustundum til styrktar MND-félaginu.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu mun forstjóri Saga Capital, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fljúga með kylfinginn en með þeim Loga og Eyfa verða Íslandsmeistararnir Þorsteinn Hallgrímsson og Ragnhildur Sigurðardóttir. Logi upplýsir að hann spili með Ragnhildi en Eyjólfur og Þorsteinn verða saman í liði. Þorvaldur hefur hins vegar lýst því yfir að hann ætli að láta kylfurnar alveg í friði, hann hafi einfaldlega ekki þolinmæði fyrir golfinu.

„Málefnið er það sem öllu máli skiptir og það stendur uppúr. Hitt er bara bónus,“ útskýrir Eyjólfur sem er með 13,5 í forgjöf en hann hefur stundað golfið frá árinu 2001. „Þetta er algjört príma sport fyrir svona poppara eins og mig sem komnir eru á efri árin. Þá er alltaf ákveðið gat í deginum sem maður getur nýtt sér til að skjótast út á völl.“ Ráðgert er að ferðin hefjist 2. júlí og henni ljúki 24 klukkustundum seinna. **- fgg**



**FRÍTT FÖRUNEYTI** Logi Bergmann og Eyjólfur Kristjánsson ætla að spila átján holur á átján völlum í öllum landsfjórðungum á 24 klukkustundum.



**LÁRÉTT 2.** íþróttafélag, **6.** rykkorn, **8.** berja, **9.** óðagot, **11.** verslun, **12.** fræða, **14.** mynt, **16.** hvað, **17.** tala, **18.** sprækur, **20.** verkfæri, **21.** skipti.

**LÓÐRÉTT 1.** slitrótt tal, **3.** í röð, **4.** land í S-Evrópu, **5.** þrot, **7.** innheimtumaður, **10.** mælieining, **13.** farfa, **15.** gola, **16.** húðpoki, **19.** ónefndur.

**LÁRÉTT: 2.** fram, **6.** ar, **8.** slá, **9.** fum, **11.** bt, **12.** skóla, **14.** klink, **16.** ha, **17.** tíu, **18.** ern, **20.** al, **21.** sinn.

**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** rs, **4.** albanía, **5.** mát, **7.** rukkari, **10.** mól, **13.** lít, **15.** kula, **16.** hes, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tæplega 600.
2. Á Kili.
3. Hljómeyki.





Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


ÖRN ÁRNASON: BETRA AÐ VERA LAUNALAUS HEIMA EN Á ÞJÓÐVEGINUM

# Þekktir skemmtikraftar aflýsa ferð vegna kreppu

„Við þurfum að finna einhverja nýja efnisjöfnun. Það er erfitt ástand og fólk greinilega farið að spá verulega í það í hvað peningurinn er settur og ég skil það vel. Nú árar ekki fyrir þetta þvert ofan í það sem maður hefði áður haldið,“ segir Örn Árnason leikari og skemmtikraftur.

Kreppan er farin að setja mark sitt á atvinnulífið, þar með mannlífið almennt og þá ekki síður á kjör listamanna. Þannig hefur skemmti- og söngdagskrá þeirra Arnar og Óskars Péturssonar tenórs verið slegin af í miðjum klíðum. Ástæðan eru einföld: Aðsókn stendur ekki undir kostnaði. Þegar hafa verið sýndar tíu sýningar en til stóð að halda rúmlega helmingi fleiri. Þeir félagar hafa þegar farið um Vesturland og Vestfjarðakjálkann en stóð til að fara austur á bóginn og verja til þess hálfum mánuði.

„Austurhornið verður að bíða. Þetta kostar of mikla peninga. Við höfum verið að fá svona um fimmtíu manns á sýningu, sem er reyndar ágætt, en til að þetta geti gengið upp þurfa að mæta um hundrað. Eins gott að sitja heima launalaus eins og keyra um landið launalaus,“ segir Örn léttur í lund eins og jafnan þrátt fyrir þetta. Örn segir mikinn kostnað samfara því að fara um landið með skemmtidagskrá. Þannig fylgir kostnaður auglýsingum, leiga á húsi kostar sitt og ekki síst tekur olíuverðið í buddunu. Þeir félagar hafa farið um á jeppa, dregið á eftir sér kerru þar sem er nauðsynlegur búnaður og þá fer dísilolíuverðið heldur betur að segja til sín. Að auki eru nú kostunaraðilar farnir að halda að sér höndum. „Þetta bíður bara betri tíma. Við komum austur þegar olíuhreinsistöðin rís,“ gantast Örn. Hann segir ljóst að listamenn almennt verði að draga saman seglin í ljósi árferðisins.



**TÚRINN SLEGINN AF** Þrátt fyrir að góður rómur hafi verið gerður af skemmtidagskrá þeirra Óskars Péturssonar og Arnar Árnasonar hefur fyrirhuguð för austur verið slegin af vegna kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Aukinn kostnaður

„Jú þetta kemur illa við okkur,“ segir Heimir Eyvindarson, hljómborðsleikari í Á móti sól. Sveitin ferðast alltaf með rútu og finnur því fyrir auknum kostnaði. „Það verður ekkert farið í Trékyllisvík í sumar,“ segir hann. Þeir leggja þó ekki árar í bát og munu spila um allt land í sumar. „En maður hugsar sig um ef manni er boðið að spila langt í burtu. Þetta er ekki eins auðvelt og áður. Við finnum þó auðvitað mest fyrir þessu ef kostnaðurinn yfir sumarið er tekinn saman.“



**HEIMIR EYVINDARSON**

„Vont er að viðurkenna þessar staðreyndir en því miður: Feis it or dæ.“

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jakob Frímann Magnússon** fór fyrir fríðum hópi Íslendinga í Liverpool sem fór til að sjá **Paul McCartney** og Hljóma um síðustu helgi. Jakob stóð sig frábærlega og voru honum engar dyr lokaðar í bítlaborginni. Hann fékk aðgang fyrir hópinn að Lennon-svítunni á Hard Rock Hotel í fordrykk fyrir sérstakan hátíðarkvöldverð. Þar var dreginn út happadrættisvinningur sem kom í hlut hjóna ágætra. Kom nokkur hópur þar saman að loknum kvöldverði og var spilað við það tækifæri á forláta hvítan flygil sem fylgir svítunni. Lengst allra var **Sverrir Stormsker** við flygilinn. Má segja að vinningshafarnir hafi fengið óvæntan bónus á miða sinn með Sverri inn í nóttina.



Margir tónlistarmenn áttu ekki heimangengt vegna afmælishátíðar Hafnarfjarðar, þeirra á meðal **Björgvin Halldórsson**. Í tengslum við afmælið líkti Bó í viðtali Reykjavík við London, Keflavík við Liverpool, Hafnarfirði við Memphis og einhverra hluta vegna Akureyri við Bournemouth. Í sérstakri ferð um Liverpool fékk hópurinn skýringu á sögulegu mikilvægi Bournemouth í rokksögunni: Það var þar sem **Lennon** keypti hús fyrir **Mimi** frænku á sínum tíma þegar hún var að kikna undan erlinum sem fylgdi húsinu þar sem Lennon hafði búið unglingsár sín.

Og áfram af tónlistarmönnum. **Ljótu hálfvitarnir** eru byrjaðir að taka upp nýja plötu. **- jbg**

# Frímann og félagar taka sér gott frí

Mennirnir á bak við Sigtið, grínþættina frábæru, voru langt komnir með þriðju syrpuna og ætluðu að taka hana upp í sumar. En svo hættu þeir við. „Raunsæið tók völdin og við ákváðum að gefa þessu meiri tíma,“ segir Friðrik Friðriksson, einn fjögurra Sigtismanna. „Gunnar er á fullu að selja Vespurnar sínar, ég er í fæðingarorlofi og hinir strákarnir uppteknir svo við ákváðum bara að setja þetta í salt.“

„Við ætluðum að taka þetta í júlí, þar sem konan mín á von á barni í lok þess mánaðar, en svo áttuðum við okkur bara á því að sá tímarammi myndi aldrei nást,“ segir Gunnar Hansson, sem leikur Frímann Gunnarsson, aðalpersónu þeirra tveggja Sigtis-syrpna sem Skjár einn hefur sýnt til þessa. „Ég held að það sé raunhæft að áætla að við gerum þetta fyrr en næsta sumar.“

Þróunarvinna við þriðju seríuna var það langt komin að búið var að taka prufuþátt. „Hann lofaði mjög góðu,“ segir Gunnar. „Þetta er alveg ný hugmynd. Frímann Gunnarsson átti ekkert að vera með. Syrpan átti að gerast inni á vinnustað, sem ég vil ekki nefna, og við vorum búnir að bæta við leikurum sem smellpössuðu í hópinn.“

Þótt Frímann verði ekki með í þriðju syrpu Sigtishópsins segist Gunnar ætla að halda lífi í honum. Spjátrungurinn dúkkar upp í sumar. „Frímann mun skokka aðeins í kringum Glitnis-maraþonið og svo verður heimasíðan hans vonandi opnuð bráðlega. Þar verða meðal annars hljóðpistlar sem hann hefur sett saman á ferðalögum sínum erlendis. Frímann hefur líka verið duglegur við að taka að sér veislustjórn í vetur. Hann var sérstaklega upp með sér þegar hann sá um veislustjórn hjá sálfræðideild Háskólans.“ **- glh**



**FRÍMANN GUNNARSSON OG TÝNDI SONURINN** Frímann verður ekki með í þriðju syrpu Sigtis-hópsins, en lifir samt góðu lífi. MYND/GUNNAR HANSSON

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

**LOKADAGUR TJALDAMARKAÐAR**
**LAUGARDAG**

**Nýjar vörur komnar í hús**

Barnafatnaður, dömufatnaður og herrafatnaður í ótrúlegu úrvali.

99,-

allt á 99,-

Buxur í öllum stærðum og gerðum og bolir.
Mikið úrval af stígvélum, skóm, nærfatnaði og sokkum!
Opnunartími frá 11 - 18

Nýtt korta-tímabil

FAXAFENI 10

S. 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


**MEST LESIÐ:**

- Barist um borgarstjórastól sjálfstæðismanna
- Geiri fær milljón í miskabætur -Blaðamenn ætla að áfrýja
- Bæjarstjórinn í Hveragerði kvíðir fyrir því að koma heim
- Strætóbílstjórar veita stjórnarformanni „áminningu"


visir.is ...ég sá það á visir.is




**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## *En þetta er bara mín trú*

Nýlega reyndi guðfræðinemi að færa rök fyrir því hér á þessum vettvangi að fullorðið fólk, t.a.m. í umönnunarstéttum, ætti að vera hreinskiptið í samræðum við börn um álitamál eins og trúmál. Ef barn spyrði kristinn kennara spurningar á borð við: „Hvar er mamma þín?" þá væri hreinlega eðlilegt að svara „hún er hjá Guði", svo lengi sem sá varnagli fylgdi að einhver gæti verið annarrar skoðunar. Þannig lærði barnið smám saman að kennarinn héldi mömmu sína vera hjá Guði, Abdullah í 5.G héldi hana hjá Skrattanum og Ella náttúrufræðikennari fullyrti að hún væri hjá ormunum. Með þessu móti myndi barnið vera eggjað til að taka eigin afstöðu sjálfstætt og eðlilega.

**ÞETTA** er auðvitað galin skoðun. Kennarar, foreldrar og jafnvel þýðendur barnaefnis eru í innrætingarhlutverki gagnvart börnum. Þessu innrætingarhlutverki fylgir sú skylda að gera barnið fært um að taka sjálft afstöðu til álitamála. Meginatriði í því að taka afstöðu, hvort sem um barn eða fullorðinn er að ræða, er að skilja málefnið sjálft – og þá þarf að hreinsa burt alla þá þætti sem þvælast fyrir og byrgja sýn. Það eru einmitt þættir eins og hefðir, bábiljur og síðast en alls ekki síst persónur þeirra sem málefninu tengjast.

**ÞAÐ** er óhugguleg sálnaásælni sem vekur fyrir guðfræðinemanum sem vill eiga einlæg samtöl við smábörn um Guð og blanda persónu sinni þar inn í. Þau rök að annars tali barnið bara við einhvern annan (t.d. önnur börn) eru svo ómerkileg að þau þarf ekki að virða með svari. Skoðanir einstakra fullorðinna á álitamálum eiga ekkert erindi við börn. Það skiptir hér ekki meginmáli hvort skoðunin lýtur að eilífðarmálum eða öðrum eldfimum málum. Kennari sem trúir börnum fyrir því að sér finnist komið alveg nóg af Pólverjum til landsins er siðblindur, alveg eins og sá sem fullyrðir að það sé hans persónulega sannfæring að börn sem sprengi sig í loft upp við landamærastöðvar fari á góða staðinn og kalli blessun yfir fjölskyldur sínar. Hér skiptir engu þótt skoðunin sé smurð í bak og fyrir með fyrirvörum og varnöglum.

**FÓLK** sem hefur svo róttæka afstöðu í álitamálum að því líður illa að þurfa að sitja á henni innan um börn er hreinlega ófært til að umgangast börn í starfi sínu. Það á að finna sér aðra vinnu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 5. júní, 158. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.13 | 13.26 | 23.41 |
| Akureyri | 2.17 | 13.11 | 0.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


